

DEILISKRÁNING VEGNA FYRIRHUGAÐRA FRAMKVÆMDA VIÐ LÍNUSTÆÐI  
OG ORKUVINNSLUSTÖÐVAR  
KRAFLA – GJÁSTYKKI – ÞEISTAREYKIR – BAKKI

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES.  
FS366-07211  
UGGI ÆVARSSON  
REYKJAVÍK 2007





© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*

*Sími: 551 1033*  
*Fax: 551 1047*  
*Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)*

## EFNISYFIRLIT

<b>1. INNGANGUR.....</b>	<b>4</b>
<b>2. MÖGULEG ÁHRIF FRAMKVÆMDA Á FORNLEIFAR – LÖGGJÖF UM MINJAVERNÐ.....</b>	<b>5</b>
<b>3. STAÐHÆTTIR OG NÝTING LANDS .....</b>	<b>6</b>
LANDNÝTING OG BYGGÐARSAGA ÞEISTAREYKJA .....	8
<b>4. AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....</b>	<b>10</b>
4.1 FRAMKVÆMD .....	11
4.2 HÆTTUMAT .....	11
4.3 FORNLEIFASKRÁ .....	12
<b>5. FORNLEIFAR Á FRAMKVÆMDASVÆÐUM .....</b>	<b>63</b>
5.1 FORNLEIFAR VIÐ LÍNUSTÆÐI .....	63
5.2 FORNLEIFAR Á FYRIRHUGUÐUM ORKUVINNSLUSVÆÐUM .....	64
5.3 SAMGÖNGUMINJAR.....	64
<b>6. NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT .....</b>	<b>67</b>
LÍNUSTÆÐI .....	67
ORKUVINNSLUSTÖÐVAR .....	68
AÐRAR FORNLEIFAR EN ÞÆR SEM ERU VIÐ LÍNUSTÆÐI EÐA ORKUVINNSLUSTÖÐVAR .....	69
<b>7. HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>70</b>

### VIÐHENGI A: HNITASKRÁ

### VIÐHENGI B: LOFTMYNDAKORT:

KORT 1: BAKKI

KORT 2: ÞEISTAREYKIR

KORT 3: KRAFLA

KORT 4: ÞEISTAREYKJATÚN

## 1. INNGANGUR

Síðla sumars árið 2007 skráði Fornleifastofnun Íslands ses. (FSÍ) fornleifar á fyrirhuguðum línustæðum sem liggja frá Kröflu í Mývatnssveit, norður til Þeistareykja og þaðan norður að álverslóð við Bakkahöfða hjá Húsavík. Verkfræðistofan VGK hafði milligöngu með verkinu en hún vinnur að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir Landsvirkjun, Landsnet og Þeistareyki ehf. Vettvangsvinna vegna skráningarinnar var unnin á tímabilinu 8. ágúst – 5. september, 2007, af Ugga Ævarssyni fornleifafræðingi. Einnig sá hann um úrvinnslu gagna og að setja saman þessa skýrslu en um kortlagningu sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Umfjöllun um orkuvinnslusvæði byggist á fyrri vettvangsathugunum FSÍ.

Á undanförunum árum hefur FSÍ unnið nokkur fornleifaskráningarverkefni á því svæði sem hér er undir og hefur verið stuðst við þau gögn við samningu þessarar skýrslu þegar við hefur átt.<sup>1</sup> Skýrslur um fornleifar á lóðarstæðinu sjálfu annarsvegar og hinsvegar í vegarstæði frá Bakka til Húsavíkur voru afhentar sveitarstjórn Húsavíkur þann 25. september 2007.<sup>2</sup>

Í eftirfarandi umfjöllun um árangur fornleifakönnunarinnar er minjunum skipt í 3 flokka:

1. fornleifar á framkvæmdasvæðum, við fyrirhuguð línustæði
2. fornleifar á framkvæmdasvæðum, á orkuvinnslusvæðum
3. aðrar fornleifar á Þeistareykjarjörðinni sem eru utan við framkvæmdasvæði og telst ekki stafa bein ógn af yfirvofandi framkvæmdum.

Auk vettvangsrannsóknanna er í skýrslunni greint stuttlega frá nokkrum almennum atriðum, s.s. um löggjöf, aðferðir við fornleifaskráningu, um staðhætti á skráningarsvæði og byggðasögu, í þeim tilgangi að lesendur geti betur glöggvað sig á samhengi þeirra fornleifafræðilegu upplýsinga sem hér

---

<sup>1</sup> Orri Vésteinsson. 2006. *Fornleifaskráning í Þeistareykjarlandi*, FS326-06311. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík. Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004. *Fornleifaskráning í Reykjahreppi. Síðari hluti*, FS235-02202. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning í Reykjahreppi. Fyrri hluti*, FS195-02201. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 2001. *Þeistareykir í Suður-Þingeyjarsýslu – Fornleifakönnun*, FS152-01161. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV. Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifakönnun. Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi*, FS099-99171. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

<sup>2</sup> Uggi Ævarsson. 2007. *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs álvers við Bakkahöfða*, FS359-07191. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Uggi Ævarsson. 2007. *Fornleifaskráning vegna vegarstæðis frá Húsavík að Bakkahöfða*, FS359-07192. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.



eru lagðar fram.

## 2. MÖGULEG ÁHRIF FRAMKVÆMDA Á FORNLEIFAR – LÖGGJÖF UM MINJAVERNND

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérilagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning.

Fornleifaskráningu er venjulega skipt í þrjú stig: *Svæðisskráningu*, *aðalskráningu* og *deiliskráningu*. Í stuttu máli er svæðisskráning heimildakönnun þar sem upplýsingum um fornleifar er safnað úr rituðum heimildum. Við aðalskráningu er hins vegar farið á vettvang, rætt við heimildamenn og fornleifar staðsettar og kortlagðar. Aðalskráning byggist á gögnum úr svæðisskráningu. Fyrst og fremst er gengið á þekktu staði þótt jafnan finnist fornleifar sem ekki voru þekktaráður.

Skráningin sem hér er til umfjöllunar fellur undir deiliskráningu sem er nákvæmari útfærsla á aðalskráningu. Deiliskráning er yfirleitt aðeins gerð þar sem unnið er að deiliskipulagi eða umhverfismati. Í deiliskráningu þarf fornleifafræðingur að geta fullvissað sig um að allar fornleifar á afmörkuðu svæði hafi verið færðar á skrá. Þar af leiðandi er venjan að gaumgæfa mjög vel þau svæði þar sem framkvæmdir standa fyrir dyrum. Algengast er að deiliskipulagsreitir séu aðeins fáeinir hektarar að stærð og er þá oftast hægðaleikur að ganga um þá. Yfirleitt er það gert kerfisbundið þannig að allt svæðið er skoðað mjög vel. Framkvæmdasvæðið sem hér er til umfjöllunar er á hinn bóginn mjög víðfeðmt og erfitt yfirferðar á köflum. Eins og gefur að skilja er erfitt eða jafnvel ómögulegt að kanna það allt svo nákvæmlega að unnt sé segja með fullri vissu að þar sé alls engar fornleifar að finna.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir:

**10. gr.:** „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

**13. gr.:** „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf.

Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

### 3. STAÐHÆTTIR OG NÝTING LANDS

Fyrirhuguð línustæði liggja um víðáttumikið og margbreytilegt svæði sem tekur yfir 5 hreppa: Skútustaða-, Reykdæla-, Aðaldæla-, Reykja- og Húsavíkurhrepp. Frá Bjarnarflagi í Mývatnssveit liggur línan norður til Kröflu um hverasvæði, lyngmóa og hraun og þaðan til vestnorðvesturs um Hvíthólaklif yfir brunahraun og mela að Krókóttuvötnum. Áfram í sömu stefnu liggur línan um gróið og hæðótt land, djúp og grösug dalverpi og hæðardrög sunnan Gæsadals, um Hrafnabjörg vestur á Tófuaxlarás skammt norðan Kollóttuöldu. Fer þá gróður að minnka uns hann hverfur nær alveg þegar komið er á Hólasand við Kollóttuöldu ef frá er talin lúpinan sem hefur verið gróðursett þar á seinni árum. Hér, skammt austan hreppamarka milli Skútustaðahrepps og Reykdælahrepps, kvíslast línustæðin því annar leggurinn gengur til norðurs en hinn áfram til norðvesturs. Sá

síðarnefndi stefnir nokkuð sunnan við fjallið Þverárhorn, um Austastaás í Þverárgil og sveigir þá til norðurs, í Aðaldælahrepp. Línuspildan liggur svo til norðurs vestan Þverárhorns og við Rauðhálsa eru hreppaskil á milli Aðaldælahrepps og Reykjahrepps. Þaðan í Hæðir um Tungusporð og Tröllagil. Úr Hæðum kemur slinkur á fyrirhugaða línu sem sveigir til norðvesturs í Grjótgil en þaðan í hánorður sunnan Geldingadals allt norður í austurhlið Krubbsfjalls í Húsavíkurreppi. Frá Krubbsfjalli er stefnan í norðvestur, austan og norðan Húsavíkurfjalls þar til landið lækkar býsna snögglega til sjávar og gróður eykst. Þar á undirlendinu er lokasveigurinn að Bakkahöfða til vesturs.

Meginhluti þessa leggjar, frá Þverárgili norður í Krubbsfjall einkennist af dæmigerðu, norðlensku heiðagróðurfari. Stórþýfðir lyngmóar eða gisnir harðmóar víxlast við mela, ása og sanda. Á leiðinni er votlendi ekki fyrirferðamikið.

Eins og fyrr var getið skiljast leiðir á Hólasandi, annar leggurinn stefnir til norðvesturs en hinn til norðurs, til Þeistareykja. Þegar farið er út af Þjóðveginum til norðurs liggur leiðin um melása og lúpínubelti. Grjótmelar og sendnir en gisnir hraunflákar eru einkennandi fyrir svæðið frá Hólasandi, um Neðra-Bóndhólshraun og Randir, norður að hreppamörkum Skútustaða- og Aðaldælahrepps, suðvestan Kvíhólafjalla. Eftir því sem nær dregur Kvíhólafjöllum verður gróðurinn meiri. Lyngmóar eru með Gæsafjöllum að vestan en norðar koma í ljós sérstæðar hraunstrýtur meira eða minna grónar mosa og lyngi. Á hreppamörkum er gróðursælt, stórþýfðir lyngmóar til austur og norðausturs en í vestri og norðvestri taka hraunbreiður og melar við. Ef haldið er áfram til norðurs, um Randir, í austurjaðri Borgarhrauns, er komið að vegamótum. Til austurs er farið í Gjástykki en ef haldið er áfram til norðurs er komið að Þeistareykjum.

Gjástykkisvegurinn liggur um vel gróið hraun og lyngmóa, fast sunnan Einbúa, þar til komið er austur undir Hituhóla en þar blasir við úfið og svart Leirhnjúksraunið sem rann árin 1975 – 1980. Suðurhluti Gjástykkis er því tvískiptur má segja, annarsvegar er úfið hraunið að austan en hinsvegar gróið hraun og lyngmóar að vestan. Svæðið er smáhæðótt og andstæðurnar í náttúrinni minnisstæðar: gróið hraun, þýfðir lyngmóar, kolsvart og óveðrað hraun, nokkurra hæða sérstakir hraundrangar og djúpar gjár.

Ef ekki er farið til austurs í Gjástykki heldur haldið áfram til norðurs er keyrt vestan Kvíhólafjalla í NNV um misjafnlega gróðursæla lyngmóa. Eftir því sem nær dregur Þeistareykjum fer gróður að gisna þótt grónir lyngmóar séu þar sem vegurinn er og vestan í Bæjarfjalli. Þegar kemur inn á hversvæðið er gróðurþekjan þunn vestan vegar og enn vestar er apalhraun til norðurs en á milli Bæjarfjalls og hraunbreiðunnar í vestri eru þýfðir lyngmóar.



Frá Þeistareykjum og til norðvesturs í átt að Skildingahól er vel gróið hraun og móar. Þar kvíslast fyrirhuguð línustæði þegar kemur að Þeistareykjarhrauni sem er hálfgróið en ekki gott yfirferðar. Annað stæðið liggur meira til vesturs, yfir Jónsnípu sem er sunnan Höfuðreiðamúla og má segja að hann sé nyrsti hluti Lambafjalla. Hitt stæðið er til norðvesturs, á milli Höfuðreiðamúla og Sæluhúsmúla, þó nær Höfuðreiðamúla, um Hellur. Er þar fremur flatt svæði, hálfgróið helluhraun. Hinn leggurinn liggur hátt, um grýtta heiði með mosaflákum. Um miðja vegu þaðan sem línustæðið kvíslast og þar til þau koma saman aftur, eru hreppamót Aðaldæla- og Reykjahrepps. Leggirnir koma saman á Grenismó og er gróður þar farinn að færast í aukana því hrauninu sleppir þar. Línustæðið er nú um kjarnmikla lyngmóa sunnan Höskuldsvatns. Vestan vatnsins tengist línustæðið svo áður nefndi línu um miðja vegu milli Grjótgils í suðri og Krubbfjalls í norðri.

#### LANDNÝTING OG BYGGÐARSAGA ÞEISTAREYKJA

Að undanskilinni fornleifakönnun Fornleifastofnunar Íslands sumrin 2001 og 2006 hafa ekki verið gerðar aðrar fornleifarannsóknir á Þeistareykjum en allt frá 18. öld hafa verið gerðar þar ýmsar athuganir vegna brennisteins og jarðhita og er skýrsla Ole Henschels frá 1775 sú ítarlegasta af hinum eldri rannsóknnum. Skráningarsvæðið hefur fyrst og fremst verið notað sem afrétt frá aðliggjandi býlum að undanskildu býlunum Þeistareykjum og Mælifelli. Á Þeistareykjum var búið til lengri eða skemmri tíma en Mælifell hefur farið í eyði snemma, sennilega á 16. öld.

Bærinn Þeistareykir er í 344 m hæð yfir sjávarmáli, norðanundir Bæjarfjalli uppi á hinu mikla heiðalandi milli Reykjahverfis og Jökulsár á Fjöllum, norðan við Mývatnssveit. Bæjarstæðið er mjög óvenjulegt enda langt til næstu byggða, meira en 15 km í Reykjahverfi og ennþá lengra til Mývatnssveitar og Kelduhverfis. Norðanundir Bæjarfjalli er hverasvæðiog í kringum það valllendisskiki sem á tilvist sína undir jarðhitnum. Á þessu hefur búskapurá Þeistareykjum verið byggður en jafnframt eru ágæt sumarbeitolönd sunnan við Kvíhólafjöll og beint í norður af Þeistareykjum. Landareignin er nálega ferköntuð, um 15 km frá austri til vesturs og 18 km frá norðri til suðurs. Stærsti hluti landsins er brunahraun. Því má skipta í fjögur belti sem liggja frá norðri til suðurs. Á vesturmerkjum eru Lambafjöll en austanundir þeim eru Mælifellshagar en þar var á miðöldum býlið Mælifell og seinna selstaða frá Reykjum í Reykjahverfi. Þar austan við tekur við Þeistareykjahraun, sem heitir Borgarhraun syðst í landinu. Þar austan við er mjó gróðurrama, sem kölluð er Randir syðst, en Þeistareykjagrundir eru einnig hluti af henni og móarnir norður frá bænum. Þar austan við er svo breiðasta stykkið sem afmarkast af Kvíhólafjöllum, Bæjarfjalli og

Ketilfjalli en austan við þau eru Þórunnarfjöll og Þeistareykjabunga, gróðursnautt fjallendi austur að Gjástykki sem er á austurmerkjum.

Talsverður uppblástur hefur verið í Þeistareykjalandi þótt sennilega hafi stórir hlutar þess ávallt verið alveg gróðursnauðir. Gróðurræmurnar tvær hafa án efa minnkað til muna en einnig sjást þess skýr merki í Þeistareykjatúni að þar hefur verið byrjað rof sem síðan hefur stöðvast og börðin gróið á ný.

Fyrst er getið um Þeistareyki í máldaga Múlakirkju frá 1318 og átti kirkjan þá bæði Þeistareyki og Mælifell og virðist hafa verið búið á báðum jörðunum á 14. og 15. öld, þó ekki verði um það sagt hvort sú byggð var alveg samfelld. Í máldögum Múlakirkju frá 1394 og 1461 er getið um tekjur Múlaprests af útkirkjum og þar getið um Þeistareyki eins og þar hafi verið ein slík. Ekki er það þó eins orðað í báðum máldögum og má skilja annan eins og að prestur hafi að jafnaði setið á Þeistareykjum en hinn eins og að byggðin hafi verið svo óstöðug að Múlaklerkur gat ekki átt vísar tekjur af Þeistareykjum. 1431 er þess getið að Múlakirkja eigi selför í Þeistareykjalandi og gæti það bent til að jörðin hafi lagst í eyði um skeið (e.t.v. í kjölfar plágunnar 1402-04) en auðvitað er ekki útilokað að kirkjan hafi haft í seli annarsstaðar í landareigninni. Ekki er getið um byggð í Mælifelli á 16. öld eða síðar og hefur hún lagst alveg af í lok 15. aldar eða byrjun þeirrar 16. 1544 er fyrst getið um selland Reykja í Reykjahverfi í Mælifellshögum og er líklegt að sú selstaða hafi verið á rústum hins forna býlis. 1712 var selstaða þessi aðeins þekkt af munnmælum og hafði þá ekki verið notuð í manna minnum. Á Þeistareykjum virðist hinsvegar hafa verið nokkuð samfelld byggð á 16.

og 17. öld og er þar öðru hvoru getið ábúenda. Jörðin var þó í eyði 1703, byggðist á ný en var aftur komin í eyði 1712. Þeistareykir virðast hafa verið öðru hvoru í byggð framan af 18. öld og getur Ólafur Olavíus þess að jörðin hafi farið endanlega í eyði 1743. Þó voru þar enn uppistandandi hús árið 1775 sem notuð voru sem hlöður af bóndanum á Laxamýri sem nytjaði túnið. Góðar heimildir eru um að túnið á Þeistareykjum var jafnan nytjað þó þar væri ekki búið og er það auðvitað til marks um að það var sérlega grasgefið að menn lögðu á sig löng ferðalög með heyband eða á sledum á hjarni til að koma heyi þaðan til byggða. Búskapur gæti hafa verið á Þeistareykjum 1792 og 1816 því þá er bænda þar getið í sambandi við deilur um brennisteinsnámurnar. Þetta er þó óvíst því Þeistareykja er ekki getið í manntölum 1801 eða 1816, og má vera að „bóndinn“ á Þeistareykjum, sem málskjöl geta um, sé staðarhaldarinn í Múla. Þeistareykir voru örugglega í eyði frá því um 1830 og hélst svo til 1868 en þá var þar endurreist bú og bjuggu þar tveir bændur hvor á eftir öðrum til 1873. Þessi skammvinna byggð var hluti af hinni miklu heiðabýlabyggingu á norðausturlandi á

seinnihluta 19. aldar sem var undanfari bæði Vesturheimsferða og þéttbýlismyndunar á Íslandi eftir 1880. Túnið á Þeistareykjum var nytjað áfram allt fram undir 1955 en jörðin var frá árinu 1914 afrétt í eigu Aðaldæla- og Reykdælahreppa en þeir keyptu hana af kirkjujarðasjóði.

Þeistareykir eru eitt fjögurra brennisteinsnámasvæða í Suður-Þingeyjarsýslu, en hin eru Kröflu-, Hlíðar- og Fremrinámar. Þar hefur eflaust verið unninn brennisteinn á 16. og 17. öld en þess er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Þeistareykjanámur voru næstar útflutningshöfn í Húsavík og mun það hafa verið þeirra helsti kostur en þær þóttu ekki eins ríkar af brennisteini og hinar. Danskur náttúrufræðingur að nafni Ole Henschel kom til Þeistareykja 1775 og segir frá því að þar hafi síðast verið tekinn brennisteinn 1771 og má vera að hann hafi verið tekinn eftir það líka samanber málferli sem urðu um Þeistareykjanámur á fyrsta fjórðungi 19. aldar, en ekki hefur það verið í miklum mæli. Árið 1876 dvaldi enskur maður að nafni Lock á Þeistareykjum sumarlangt ásamt hópi manna og gerðu þeir tilraunir með brennisteinsnám sem ekki urðu árangursríkar. Þeir reistu skála í gömlum bæjartóftum og var hann lengi eftir það notaður sem gangnamannakofi. Sennilegt er að byggð á Þeistareykjum, einkum á 16. öld, hafi að hluta byggst á brennisteinsnáminu en þá voru hinar íslensku brennisteinsnámur sérlega mikilvægar fyrir stríðsrekstur Danakonungs. Brennisteinsnám hélt áfram að vera mikilvæg aukabúgrein fyrir þingeyyska bændur fram í byrjun 19. aldar og risu deilur um brennisteinsnámið á Þeistareykjum eftir 1792 sem lyktaði með hæstaréttardómi 1823 en þá var Múlakirkju dæmt fullt eignarhald yfir námunum. Fyrir 1792 virðist hver sem er hafa getað gengið í námurnar og hirt þar brennistein að vild, án þess að landeigandi eða ábúandi hefðu af því tekjur.

Þeistareykjaland þótti einnig gott grasafjall og er þess getið í jarðabókinni frá 1712 að ýmsir noti það í leyfisleysi. Það voru því ýmis not sem menn höfðu af Þeistareykjalandi þótt ekki væri þar búskapur: brennisteinn, fjallagrös, sumarbeit fyrir sauðfé og hey af túninu. Helstu kostir Þeistareykja sem bújarðar voru góð og mikil slægjulönd, mikil sumarbeit fyrir búfé auk brennisteins og fjallagrasa. Ókostirnir voru einkum einangrun og vetraríki en vetrararbeit hefur verið þar lítil sem engin.

#### 4. AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU

Þegar litið er yfir framkvæmdasvæðið á korti er í fyrstu ekki við því að búast að margar fornleifar



finnist á slíku svæði sem er svo langt inn til landsins og svo hátt yfir sjávarmáli. Á hinn bóginn eru þess mörg dæmi úr Íslandssögunni að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi fólk numið land mun nær öræfajaðrinum en síðar þekktist. Ástæðuna fyrir því að búseta hörfaði af þessum jaðarsvæðum fyrir 13. öld má rekja til nokkurra samverkandi þátta s.s. að hið viðkvæma vistkerfi á öræfajaðrinum hafi ekki þolað ágang manns og skepna; veður hafi farið kólnandi; fólk hafi búið með óhentuga samsetningu bústofns o.s.frv. (Sigurður Þórarinnsson 1974, 41-2; Kristján Eldjárn 1974, 115; Jón Jóhannsson 1956). Þetta var haft hugfast þegar lagt var upp í skráninguna, að búsetuminjar gætu leynst á svæðinu. Það kom svo á daginn að ekki fundust mikil merki búsetu en mannvirkin voru þó fleiri en talið hafði verið líklegt. Mannvirkin sem við er átt eru að megninu til vörður. Vörður eru hálfgerður vandræðaflokkur innan fornleifafræði því erfitt er að aldursgreina þær og eins getur verið erfitt að sjá leiðakerfi út frá nokkrum vörðum. Sjá nánar í kaflanum um fornleifar á framkvæmdasvæðinu hér að neðan.

#### 4.1 FRAMKVÆMD

Við skráninguna voru línustæði og orkuvinnslusvæði gengin, farið á jeppa eða á fjórhjóli þar sem því var komið við. Samþykki var fengið hjá hlutaðeigandi aðilum um notkun á fjórhóli. Hnit á fyrirhuguðum línustæðum voru fengin frá verkfræðistofu Landsvirkjunar sem sett voru inn á Íslandskort í gps-tæki og auðveldaði það vinnu við staðsetningu línustæðanna. Línustæðin sjálf eru 300 m breið samkvæmt þeim loftmyndakortum sem gengið var út frá en rýmra svæði var þó athugað. Það skal haft hugfast að í þessari fornleifaúttekt er miðað við þau fyrirhuguðu línustæði sem hnitin frá verkfræðistofunni gefa til kynna. Fornleifar voru skráðar talsvert langt utan áhrifasvæðis framkvæmdanna, og koma þær upplýsingar til góða ef gerðar verða minniháttar breytingar á hönnun fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar. Áhrifasvæði orkuvinnslusvæðanna er stórt og oft illt yfirferðar og liggur það í hlutarins eðli að ekki var hægt að lúsleita fornleifa á þeim svæðum eins og við fyrirhuguð línustæði.

Þær fornleifar sem fundust voru mældar upp, þær teiknaðar ef við átti, ljósmyndir teknar og tekið hnit við þær. Einnig var minjunum lýst í texta, ritaður leiðarvísir og stutt umhverfislýsing sett niður á blað.

#### 4.2 HÆTTUMAT

Notast var við þá vinnureglu að skilgreina allar fundnar minjar sem „í hættu vegna framkvæmda“ og helgast það af því að meðan á framkvæmdum stendur og einnig í kjölfar þeirra má gera ráð fyrir

stórauðkinni umferð um svæðið. Samkvæmt gögnum frá verkfræðistofu Landsvirkjunar og VGK sem notast var við í úttektinni er miðað við að áhrifasvæði línustæða sé um 300 m. Því var brugðið á það ráð að setja allar minjar sem fundust um 150 m, til hvorrar handar, út frá miðju línustæðis í flokkinn „í stórhættu vegna framkvæmda“. Hættumatið byggist á fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu en ekki gerð fornleifanna.

#### 4.3 FORNLEIFASKRÁ

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði og í næsta nágrenni þess. Í skráningarkerfi FSÍ hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún er í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-208:078). Í skránni eru allir þeir fornleifastaðir sem vitað er um á framkvæmdasvæðinu og falla undir skilgreiningu Þjóðminjalaga um hvað telst til fornleifa. Einnig eru skráðar upplýsingar um leifar sem teljast hafa minjagildi þó þær séu yngri en 100 ára. Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar, staðarheiti þar sem um slíkt er að ræða, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaða í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.


#### **SP-208 Reykjahlíð**

30 hdr. 1712. Kirkjustaður. Taldist 40 hdr. 1839 - SSP, 122. Reykjahlíð I er 1/4 hluti jarðarinnar. Reykjahlíð II var 1/3 jarðarinnar en árið 1962 var Reykjahlíð IV byggð á 1/3 jarðar Reykjahlíðar II, að Reykjahlíð II er er rekið gistiheimilið Hótel Reykjahlíð. Reykjahlíð III er á 1/6 gömlu jarðarinnar. Reynihlíð var 1/8 gömlu jarðarinnar en márið 1957 var nýbýlið Viðihlíð stofnað á hálfu því landi, þar er einnig hótel Reynihlíð til húsa. Bjarg er nýbýli reist á 1/8 hluta Reykjahlíðar. Gröf, Stöng og Fagranes voru í landi Reykjahlíðar, fóru allar undir hraun er Leirhnjúkur brann 1728-1730. Hlíðarhagi var býli frá 1860-1878. Austrasel var býli frá 1861-1877. Einnig er eyðihjáleigan Hrauney í landi Reykjahlíðar.

1919: 7,7 ha. 19/20 sléttað, garðar 2370 m<sup>2</sup>. 1839: "... geysi landvið jörð en sára heyskaparlítill og einkum örðug. Veidiskapur er henni fjarlægur og skjaldfenginn. Eggver til þægilegheita." SSP, 122. Möðrudalskirkja átti sjö kapla göngu yfir um Jökulsá (1408 og 1493 - DI VII, 198; XII, 39) og 1532: "á Mývatnsöræfi fyrir norðan Jökulsá og hálfar Herðubreiðstungur." DI IX, 638. 1843 átti Grenjaðarstaðakirkja hrossagöngu á Mývatnsfjöllum - JJ, 336. Um hrossabeit um vetur á Mývatnsöræfum, einkanlega í mellöndum austan við Nýjahraun sjá Ódádahraun III, 87-88. "Í mellönd [þau sem eru austan Nýjahrauns] reka Mývetningar oft fé sitt á haustin og hafa það þar fram um hátíðar. Sjaldgæft mun, að slys verði að þesu, fé fenni eða týnist, svo að teljandi sé, en oft hefur verið erfitt að smala fénu saman og koma því austan úr mellöndum niður í sveit í hriðum og fannfergjum. Hross voru einnig um langt skeið látin ganga þarna austur á fjöllum, og áttu sumar kirkjur þar ítök um hrossagöngu, og hefur hún því vafalaust verið talin til hlunninda. Nú mun þó að mestu hætt að láta hross ganga þarna." Ódádahraun I, 66. 1888 fékk Pétur Jónsson í Reykjahlíð verðlaun úr styrktarsjóði Kristjáns IX., hann hafði búið þar frá 1839: "Varnargarðar um 800 f. Þrjú nýbýli reist í landi jarðarinnar, tvö þeirra aptur lögð niður. Plægðar 2 dagsl. í túni. Stundaði mjög garðrækt og reyndi sáningu með byggi, höftrum og grasfræi. [...] Byggðar heyllöður fyrir 12 kýrfóður og 9 fjárhús heima, fyrir 400 fjár, áður höfðu að nokkru leyti hellar verið notaðir til að hýsa í fje [Jónshellir og hellir við Hlíðarfjall?]. Hann reisti reisulegan bæ og steinkirkju." (Búnaðarrit 15, 198).

**SB-208:098** Selholt tóftir býli

65°40,316N 16°46,927V



"10. Selholt er örnefni í Hlíðardal, sunnan Skarðssels. Syðst í Selholtinu, um 1,5 km sunnan við Skarðssel, eru mjög fornar húsarústir. Rústirnar eru tvær og er fjarlægð milli þeirra um 50 m. Báðar rústirnar virðast vera af skálum með tveimur viðbyggingum. Annar skálinn er um 16 m langur og 4,5 m breiður, hinn um 13,5 m langur og 5 m breiður. Viðbyggingarnar eru miklu minni. Enginn garður sést umhverfis þessar rústir." ET Stöng og önnur eyðibýli. Tóftir þessar eru nær nákvæmlega 1500 m suður af Skarðsseli (083). Þar liggur slóði til austurs. Honum er ekki fylgt heldur farið beint yfir Dallækinn og upp á holtið allra syðst. Þar liggur ógreinilegur vegarslóði upp á milli rústanna og sneiðir rétt hjá þeim. Tóftirnar standa sín á hvorum hól, annar er töluvert lægri.

Umhverfis er lynggróður, fjalldrapi og víðir. Mjög þurr jarðvegur. Um 150 m vestar rennur Dallækur. Fornar tóftir. Þær eru nær alveg útflattar svo að ómögulegt er að gera grein fyrir nákvæmri lögun þeirra og gerð. Þó er ljóst að þetta eru langhús og um 50 m á milli þeirra. Efra húsið er greinilegra, þar er nokkur dýpt innan veggja. Umfang um 23 x 5 og sjást tvær viðbyggingar eða hólf við norðurenda vestari langhliðar. Umfang viðbygginga alls um 5 x 10 m. Langhliðar sýnast nokkuð bognar. Syðri tóftin er heldur óljósari en virðist vera alvegeins og hin, aflöng skálatóft með bogadregnum veggjum og afhýsi til hliðar við annan enda. Um 20x 5 m. Minni gróður vex á rústahólunum en umhverfis þá. Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur, hefur grafið prufuskurð í aðra rústina og telur hann ásamt gjóskulagafræðingum húsin vera eldri en frá 1104.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** ET Stöng og önnur eyðibýli, 32.

**SB-208:124** Gamlivegur gata leið

65°39.542 16°35.305

"Gamlivegur, póstvegur á Mývatnsfjöllum, lagður um 1880," segir í viðbæti við örnefnaskrá. Vegurinn lá frá Reykjahlíð, yfir Námaskarð og áfram sem leið liggur allt austur að sæluhúsinu við Jökulsá. Hann var allur varðaður og sumstaðar má enn sjá gömlu vörðurnar skammt utan þjóðvegur.

Langmestur hluti leiðarinnar liggur yfir uppróin hraun og sanda. Hæsti punktur væntanlega í Námaskarði.

Leiðin var fyrst skráð 1999: Leifar vegarins sjálfs sjást ekki nema þar sem jeppamenn hafa ekið á síðustu árum. Vörðurnar eru besta kennileitið og hafa þær margar verið hlaðnar upp á síðastliðnum árum af Birki Fanndal í Reykjahlíð. Það verk er lengst komið á vestari hluta póstvegarinnar; fyrsta varðan á austurleið er skammt vestan Námaskarðs. Austan skarðsins standa svo upphlaðnar vörður í röðum, þar er algengast að um 100 m séu á milli. Upprunalegu vörðurnar eru líklega allar hrundar, t.d. eru leifar þriggja slíkra skammt vestan við sæluhúsið við Jökulsá (118), en þar var ferjað yfir. Aftur var farið á vettvang 2007 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línustæði og orkuvinnslustöðva. Var leiðinni þá fylgt innan áhrifasvæðis. Þá voru skráðar 16 vörður í og við leiðina og er hverri hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tólf af vörðunum (A-L) eru greinilega endurhlaðnar en fjórar (M-O) eru fornlegri. Vörðurnar tólf liggja austur-vestur á 1 km löngu svæði en eldri vörðurnar eru samhliða þeim um 100 m norðar á austasta kaflanum. Leiðin liggur samhliða þjóðvegi 1, víðast um 100 m norðar. Varða A er fyrsta varða austan Námaskarðs en vörðurnar voru raktar til austurs frá Námaskarði. Varða A er köntuð, rúmur 1 m á kant og ris um 0,9 m en er nokkuð hrunin til austurs. Endurhlaðin að öllum líkindum. Um 100 m frá fyrirhuguðu línustæði. Varða B er um 90 m austan við vörðu A. Varða B er köntuð, um 1 m á kant og um 1 m á hæð og er 5-7 umfór grjóts. Lítið eitt hrunin til norðausturs. Engar skófir eru sjáanlegar. Varðan C er um 90 m austan við B. Hún er köntuð, um 1 m á kant neðst en um 0,5 m efst. Hæðin er um 1,4 m, 8-9 umfór. Varðan er nýlega upphlaðin og eru engar skófir á steinum. Varða D er um 90 m austan við C. Hún er köntuð, um 1,2 m á kant og er um 0,6 m á hæð. Varðan virðist vera nýlega upphlaðin, engar skófir er að sjá, en þó er varðan hrunin til hálf. Varðan E er rúmur 80 m austan við D. Hún er nýlega upphlaðin, köntuð og um 1,6 m á hæð. Neðst er varðan um 1,2 m á kant en 0,6 m efst. Engar skófir sjást á steinum. Varðan F er um 85 m austan við E. Hún er nýlega upphlaðin, um 1,6 m á hæð og 1,2 m á kant neðst en mjókkar upp og er 0,6 m á kant efst. Engar skófir á steinum. Talsvert mikið af lausu grjóti er umhverfis tóftina. Varðan G er um 70 m austan við F. Hún er nýlega upphlaðin, um 1,7 m á hæð og 1,2 m á kant neðst en mjókkar upp. Engar skófir á steinum. Varðan H er um 85 m austan við G. Hún er nýlega upphlaðin, um 1,5 m á hæð og 1,2 m á kant neðst en mjókkar upp og er þar 0,6 m á kant. Engar skófir á steinum. Nokkrir lausir steinar liggja á dreif umhverfis vörðuna. Varðan I er um 95 m austan við H. Hún er nýlega upphlaðin, um 1,5 m á hæð og 1,2 m á kant neðst en mjókkar upp og er þar 0,6 m á kant. Engar skófir á steinum. Varðan J er rúmlega 80 m austan við I. Hún er nýlega upphlaðin, um 1,8 m á hæð - 8-9 umfór grjóts - og 1,3 m á kant neðst en mjókkar upp. Engar skófir á steinum. Varðan K er tæpum 90 m austan við J. Hún er nýlega upphlaðin, um 1,2 m á hæð og um 1 m á kant neðst en mjókkar upp. Skófir eru á efstu steinum. Varða L er fornlegri en þær sem eru vestar. Hún er um 70 m norður af þjóðvegi og um 180 m austur frá afleggjara að Kröflu. Hún hefur sennilega ekki verið hlaðin upp en gerðin er sú sama: köntuð og mjókkar upp. Hæðin er um 1,3 m og neðst er varðan um 1 á kant en 0,6 m efst. Varða M er um 150 norður af þjóðvegi og tæpa 200 m austur frá Kröfluaflleggjara. Varðan tilheyrir sennilega eldri vörðuröð en þeirri sem



hefur verið endurhlaðin á seinni árum. Þessi eldri vörðuröð liggur um 100 m norðar en hinar upphlöðnu vörður (A-K). Varðan er rúmur 1 m á kant en er hrunin en rís þó hæst um 1 m. Eins og upphlöðnu vörðurnar er þessi köntuð en snýr meira NV-SA heldur en nýrri vörðurnar sem snúa A-V. Varðan er skófum sett. Varða N er tæpa 100 m vestan við vörðu M, um 100 m austur frá Kröfluafluggjara og er hluti af eldri kynslóð varða (A-L). Varðan er köntuð, um 1 m á kant og mjókkar upp. Hæðin er um 1,3 m en varðan er nokkuð hrunin til austurs. Steinar skófsettir. Varða O er tæpa 60 m vestan við vörðu M, um 50 m austur frá Kröfluafluggjara og er hluti af eldri kynslóð varða (sjá M, N, P). Aðeins grunnur vörðunnar er eftir og nokkrir steinar umhverfis hann. Vörðubotninn er tæpur 1 m á kant og um 0,3 m á hæð. Varða P er tæpa 10 m vestan við Kröfluafluggjara og er hluti af eldri kynslóð varða (sjá M, N, O). Ólögulegur grjóthnappur alsettur skófum, um 1 m á kant og um 0,8 á hæð.



VARÐA, HORFT TIL VSV



VARÐA, HORFT TIL V

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Viðbætur við örnefnaskrá, 1



VARÐA, HORFT TIL NA

**SP-208:141** varða samgöngubót 65°42,715N  
16°53,727V

Um 200 m vestan Krókóttuvatna, sem eru um miðja vegu milli Kröflu og Kollóttuöldu á Hólasandi, er varða.

Melholt - ás - sem rís töluvert úr umhverfinu.

Varðan mjókkar upp og er um 0,8 m á hæð og er 0,8 m í þvermál neðst. Ekki sér til annarra varða frá vörðunni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-208:142** varða samgöngubót

65°46,654N 17°02,076V

Sunnan til á Röndunum er varða, um 20 m vestan vegarslóða sem liggur frá Hólasandi að Þeistareykjum.

Melásar þar sem lúpinu hefur verið sáð í dokkir.

Varðan er syðst á hrauntungu. Nokkrum hraunsteinum hefur verið klastrað ofan á stóran hraunstein. Hleðslan sjálf er um 0,5 m á hæð en 1 m með steininum. Þvermálið neðst er 0,8 m og mjókkar upp. Í vörðunni eru 10-15 steinar og er varðan harla nýleg að sjá. Hugsanlega hafa vélsleða- eða jeppamenn hlaðið vörðuna til að auðkenna veginn á vörðum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-208:143** varða samgöngubót

65°46,902N 17°01,379V

Um 70 m norðaustan við vörðu SP-208:142 er önnur varða sem er um 30 m norðan Þeistareykjarvegur.

Sandmelur og lúpína.

Þrír basaltsteinar hafa verið settir ofan á jarðfastan stein. Engar skófir eru á grjótinu og mun varðan sennilega vera nýleg. Varðan rís hæst 0,7 m og er um 0,6 m í þvermál á kant.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-208:144** varða samgöngubót

65°47,130N 17°00,448V



VARÐA, HORFT TIL S

Um 50 m norðan Þeistareykjarvegur er varða, um 700 m vestan við þar sem vegurinn kvíslast, annarsvegur norður til Þeistareykja og hinsvegar til austurs eftir Draugagrundum, fast norðan Gæsafjalla.

Melholt - hraun gægist upp úr svörtum sandi.

Varðan er hæst um 1,2 m og um 1,1 m í þvermál neðst og er sívöl en mjókkar lítið upp. Þýsna stórir hraunsteinar settir skófum eru í hleðslum. Flöt hella er efst. Varðan er lítið hrunin, 6-7 umfö. Um 8 m vestar er lítil hrúga af smáu grjóti.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-208:145** varða samgöngubót

65°47,145N 17°00,147V

Um 230 m austur frá vörðu 144 er nýleg varða, í fyrirhuguðu línustæði.

Grjótmelur.

Varðan er nýleg: steinum hefur verið hróflað saman. Fast við hrúguna er harla völdugur tréstaumur sem ekki heyrir til girðingar. Hrúgan er um 0,9 m á hæð og um 1,5 m í þvermál neðst. Líklegt er að varðan tengist framkvæmdum við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-208:146** varða samgöngubót

65°46,114N 17°01,257V

Á melás sem rís mót suðsuðvestri er varða, um 1 km suðaustur frá Þeistareykjarvegi, vestanvert við Neðra-Bóndhólshraun.

Neðan, suðvestan, melássins er hálfgróið hraun - flatneskja.

Varðan er að mestu hrunin, 10-15 hrundir steinar í hnapp og aðeins 1 steinn er ofan á öðrum steini. Hæðin er um

0,6 m og þvermálið um 0,5 m. Um 150 m vestan við fyrirhugað línustæði.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-208:147** varða samgöngubót

65°46,838N 17°00,174V



Á hálfgrónu holti er varða sem sést af Þeistareykjarvegi, um 3 km VSV frá norðvesturhorni Gæsafjalla.

Í austri eru Gæsafjöll, í suðaustri er gisinn og þýfður mói og í vestri eru melar og svo hraun.

Varðan er aðeins þrjár drjúgmiklir steinar, svipar til snjókarls, um 0,9 m á hæð og um 0,5 m í þvermál neðst og mjókkar upp. Steinar eru skófsettir. Eitthvert hrun gæti verið umhverfis vörðuna. Um 150 m austan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

VARÐA, HORFT TIL AUSTURS

## SP-209 Grímsstaðir

20 hdr. 1712. Grímsstaðir I er 1/2 jarðarinnar. Grímsstaðir II var 1/4 hluti jarðarinnar og er skipt í tvennt. Grímsstaðir III voru 1/4 af jörðinni og síðar voru Grímsstaðir IV stofnaðir á helmings þess lands árið 1955. Einnig eru Stiklur smábýli í landi Grímsstaða. Grímsstöðum I tilheyrir eyjan Slútnes.

1919: 4,4 ha. 7/10 sléttað, garðar 135 m<sup>2</sup>. 1839: "Hagajörð góð, og víðlend og landgóð, heyskapur mikill en blautur. Eggvarp gott í því stóra Slútnesi. Missti dálítið af landi sínu við nýja hraunið sem féll á 1728." SSP, 122.

**SP-209:083** varða samgöngubót

65°44,688N 17°05,789V



Um 1 km, hornrétt af Þjóðvegi um Hólasand, til norðausturs, er varða, um 100 m ANA við Þeistareykjaveg.

Lúpínugróinn melur.

Á grettistaki eru nokkrir skófsettir steinar og rís varðan því hátt, um 1,2 m og er grettistakið um 2 m á kant.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

VARÐA, HORFT TIL A



## SP-226 Geitafell

1712: "Geitagerde, í eyði 11 eður 12 ár... Dýrleikinn óviss, því kotið tíundaðist ekki." JÁM, 212. Jörðin nefnd í máldaga Grenjaðarstaðakirkju 1318/1391/1399. DI II, 431-4; IV, 17-22; III, 78-82. "Geitafell var eign Grenjaðarstaðarkirkju. Áður nefndist jörðin Geitagerði og var í eyði um 1700, en byggðist aftur á 18. öld og nefndist þá Geitafell, sem hú hét upphaflega." HJ, 509.

Tún 3.2 ha, 4/5 slétt. -Túnakort. "Túnið er fordjarfað af lángrandi órækt. Engjar öngvar, nema það lítið sem hent var í úthögunum. Úthagarnir bjarglegir. Staðurinn brúkar nú þetta kot til beitar frá selinu. Ekki þykir mönnum líklegt að þetta kot muni aftur byggjast fyrir heyskaparleysi." JÁM, 212.



VÖRDUBOTN, HORFT TIL N

**SP-226:017** varða samgöngubót

Um 3,6 km norðaustur frá bænum Geitafelli, uppi á heiðinni, er varða.

Varðan er á allstórum melhrygg sem rís úr gisnum móa og snýr N-S.

Varðan er hálfhrunin, rís um 0,4 m en vörðubotninn er um 2 m í þvermál, sennilega með hruninu. Vörðubotninn er gróinn lyngi og hreindýramosa. Um 75 m austan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## SP-227 Langavatn

1712: "Jarðardýrleiki xx  $\phi$ , og so tíundast presti og fátækum." JÁM, 212. "Langavatn heitir eyðijörð milli Geitafells og Klambarsels og stendur á austurbakka sambefnds vatns undir Langavatsnsheiði. Fór í eyði 1967." HJ, 519.

Tún 4.4 ha, ½ slétt. -Túnakort. "Túninu spillir bæjarlækurinn og hefur eyðilagð af því undir dagsláttu. Engið er mýrlent og spillist af vatni, sem jetur úr rótina. Úthagarnir eru nægir." JÁM, 213.



HRUNIN VARÐA, HORFT TIL N

**SP-227:016** varða samgöngubót

Austarlega á Langavatsnsheiði, um 3,5 km ANA við Langavatn, er varða.

Melhryggur sen snýr N-S. Efst er gróinn bingur.

Hrunin varða sem gróin er mosa og lyngi. Vörðubotninn er um 2 m í þvermál, með hruni. Mesta hæð er um 0,6 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## SP-250x Múli (Þeistareykir)

20 hdr. 1712. Múlakirkjueign. Frá 1914 upprekstrarland Aðaldæla- og Reykdælahreppa og þegar hreppnum var skipt fengu Reykdælir 8/15 en Aðaldælir 7/15 en síðan um fjárskipti 1944 hafa Aðaldælingar nær eingöngu notað afréttina - BBSÞ, 516. Fyrst getið 1318 en þá átti Múlakirkja "Þeistareykjaland allt og Mælifell." DI II, 434, sbr. 1394 - DI III, 576; 1461 - DI V, 283 og 1525 - DI IX, 327. 1394 tók prestur í Múla utan garðs fjórar merkur ef ekki lykst af Þeistareykjum - DI III, 578 sbr. 1461 en þar er sleppt "ekki" sem er sennilegra - DI V, 283. 1431 á Múlakirkja "selför í Teistareykjalandi." DI IV, 468. 1544 fylgir Reykjum í Reykjahverfi "Mælifellshagi utan svo mikinn part, er eignaður er Múlakirkju, milli tveggja garða." DI XI, 344. 1550 á Hólastóll "í umboði séra Halldórs, á Þeistareykjum 4 kúgildi." DI XI, 870. 1553: Múlakirkjustað fylgja Þeistareykir - DI XII, 642. 1569: "Þessar jarðir á [Múlakirkja] ... Þeistareykir landskuld C ... eru þessar ... jarðir kúgildislausar og verða ei byggðar

ef sá á ei kúgildi með að byggja, er staðinn heldur." BG, 133. 1576: (Reikningur f. norðurumboð Hóla) "hafði biskupinn í haust fengið ... Þeistareykja-Jóni XX álnir, var það tveir fjórðungar smjör ..." BG, 272. 1645: Dómur um aðtekt á fé ekkjunnar Þórdísar Þorsteinsdóttur á Þeistareykjum - BB Sýslum.æfir I, 97. "1688 býr þar Bessi nokkur" LP I, 327. Í manntali frá 1703 er engra getið búandi á Þeistareykjum. 1712 voru Þeistareykir í eyði og höfðu verið næstliðið ár. "Landskuld i c, seinast bygt var, og so að fornu ... Leigukúgildi iii. ... Fóðrast kunni, seinast bygt var, iii1/2 kúþungi, eftir sem nálægir meina. ... Þessa jörð brúkar nú til slægna Sr. Magnús Einarsson að Húsavík, en ekki er ákveðið hvað miklu hann skuli það betala. Flestum þykir líklegt að þessi jörð muni ekki aftur byggjast, helst fyrir því að hún liggur fram á eyðifjalli, hvörgi skemmra til bygða en hálfra þingmannaleið." JÁM XI, 211-12. 1712 voru munnmæli að jörðin Reykir í Reykjahverfi ætti "v c land í Mælifellshögum milli tveggja garða, sem liggur í fjöllum vestur af Reykjaheiði. .... Enginn veit (hjer nálægur) að jörðin hafi þessi ítök brúkað eður þeirra notið." JÁM XI, 246. 1752: "... við bæinn Þeistareyki sjást sömu ummerki efiir jarðhita, það er brennisteinn, saltteggundir og leir (Bolus) eins og við Mývatn, en allt í smærra mæli." FEB II, 83. Í eyðibýlaskrá Ólafs Olavíusar frá 1777 eru Þeistareykir taldir hafa lagst í eyði 1743 og bætt við: "Í skilríkum bréfum finnast, að jörð þessi hefur verið byggð við og við og verið boðin til leigu á þingi árin 1712, '44, '49 og '67, en árangurslaust." ÓÓ II, 81. Í skýrslu Ole Henschels sem kom til Þeistareykja 31. ágúst 1775 segir: "Fyrrum var búið á Þeistareykjum, og enn standa leifar af bænum, sem bóndinn á Laxamýri, er heyjar þarna, notar fyrir heyllöðu." ÓÓ II, 286. "Jörðin Þeistareykir heyrir undir Múlaprestakall og flutti alþýða manna þaðan fyrrum brennistein til Húsavíkur án alls endurgjalds til prests eða leiguliða, þangað til Múlaprestur bannaði það 1792. Varð þá sú miðlun á málinu, að bændur borguðu 8 skildinga fyrir hverja vætt, helming Múlapresti, hinn helming ábúanda á Þeistareykjum. En 1816 tók bóndi þessi sjálfur að nota námurnar og bannaði öðrum. Verzlunin Örum og Wulff hafði þá á leigu brennisteinsverkið og námurnar í Þingeyjarsýslu, sem voru konungseign, og fékk verzlunin rentukammerbréf fyrir því, að Þeistareykjanámur heyrðu undir þann leigumála eins og aðrar námur í sýslunni. Úr þessu varð mál, sem gekk til allra rétta, og 1823 dæmdi hæstiréttur Múlaprestakalli fullan eignarrétt á Þeistareykjanámum." ÞT Lýsing Íslands II, 245 nmgr (sbr. Klausturpóstinn V (1822), 191-95; VI (1823), 74. Landsyfírréttur vísaði málinu frá og ógilti héraðsdóm 6. ágúst 1821 en hæstiréttur dæmdi Múlaklerki í vil 16. janúar 1823 - Landsyfírréttardómar II, 287-290, 418. Ekki er getið byggðar á Þeistareykjum í manntölum 1801 eða 1816. 1868-71: Sigurður Guðmundsson hóf byggð á Þeistareykjum og 1871 voru þar 8 manns í heimili. 1871-73: Gísli Gíslason bjó með 7 í heimili. 1876: C.G.W. Lock dvaldi á Þeistareykjum með nokkra verkamenn við brennisteinsnám og byggðu þeir skála - Ódáðahraun III, 158-64. "Í fyrri daga fóru bændur lestaferðir á Þeistareyki og tóku þar brennistein, sem þeir seldu á Húsavík; milli 1880 og 1890 fengust Englendingar þar eitthvað við brennisteinsnám, sem ekki varð að neinum notum, enda eru námur þessar fremur litlar." ÞT Lýsing Íslands II, 245. Þegar Helgastaðahreppi var skipt í Aðaldæla- og Reykdælahreppa 16.10.1894 gerðu hrepparnir samning við sr. Benedikt Kristjánsson á Grenjaðarstöðum um að hann léði hreppunum Þeistareykjaland til afnota fyrir 144 álnir á ári. Hreppsnefnd Aðaldælahrepps endurnýjaði samninginn 1905 en þá án endurgjalds til 1910. 14.09.1914 keyptu Aðaldæla- og Reykdælahreppar Þeistareykjaland af kirkjujarðasjóði og skiptist eignin í sömu hlutföllum og aðrar eignir hreppanna - Árbók Þingeyinga 1980, 120-21. Var ekkert undanskilið nema brennisteinsnámurnar - Ó-Þeistareykir viðb, 2. Þjóðsögur tengdar Þeistareykjum: Um ísbjarmarkomu - Gríma II. hefti 10, s. 50-54; Um reimleika og Þeistareykja-Móra - Gríma 10. hefti, s. 51; Gráskinna IV, s. 90; Gríma 19. hefti, s. 73; Árbók Þingeyinga 1980, 109-111. Örnefnið gæti verið dregið af fuglsheitinu "þeista" eða "þeisti" (yngra: "Teista") en "þeista" eða "þeist" er einnig fornnorskt árheiti - uppruni óljós en talið tengjast votlendi - Íslensk orðsifjabók, 1174.

1712: "Útigangur góður meðan niðri nær, en nokkuð svipull fyrir fannalögum, og þurfti rosnu fje nokkurn heystyrk að atla, og lömbum meira part föður. Hestaganga í betra lagi. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Viðir og fjalldraparif lítið til eldiviðarstyrks með taði. Grastekja sæmileg, brúkast af ýmsum í leyfisleysi. Hvannatekja lítil. Túninu spillir sandfok að sunnanverðu til skaða. Enginu hafa áður skriður spilt úr fjallinu, en ekki nýlega. Úthagarnir góðir og miklir. Vatnsvegur nokkuð í lengra lagi." JÁM XI, 211. 31.8.1775: "Sagt er að fyrrum hafi mikill brennisteinn verið fluttur frá námum þessum og hafi þar þá verið stórar námur, en þær eru nú flestar kaldar, og í einungis örfáum þeirra er nægilegur hiti til þess að brennisteinn myndist. Þess vegna er það, að þótt 4 ár séu liðin, síðan hér var síðast tekinn brennisteinn, þá eru þar aðeins 4 eða 5 námur, sem nú er hægt að taka hann úr. Engu að síður virðist hitinn aftur vera að brjótast út úr sumum köldu námunum ... Hér á Þeistareykjum sjást enn glögg dæmi þess, hversu hinar beztu námur eru ónýttar með óhæfilega gáláusri meðferð á skömmum tíma. ... Bærinn hefur vafalaust lagzt í eyði af því, að enginn önnur byggð var þar í grennd og um tveggja mílna leið til næstu bæja. Túnið er að vísu lítið, en grösugt og liggur fagurlega, og auk þess er stór spilda af óræktuðu landi fyrir norðan það, og mætti hafa gott gagn af henni. Af þessum sökum mætti enn búa á Þeistareykjum, ef aðeins bærinn væri ekki svo afsæktur og langt til annarra mannabyggða. Skammt frá bænum er fjall, sem Bæjarfell heitir, og eru sumar námurnar í því. Það hefst fyrir sunnan syðstu námurnar og liggur síðan aftur til norðurs. Langbezta námurnar eru í króknum milli Suður- og Austurbæjarfellsins. Rétt vestan undir fjallinu er röð af námum, sem flestar eru nú kaldar nema nokkrar á miðju svæðinu, þar sem jarðvegur er nægilega gljúpur og hitinn nægur til þess að brennisteinn geti myndast. Hins vegar eru námurnar fyrir neðan

Austurfjallið alveg kaldar nema tvær litlar uppi í fjallinu, þar sem enn er nægur hiti, og hygg ég, að brennisteinn muni halda áfram að myndast þar. Einnig er enn allmikill hiti í sumum námum í röð þeirri, er fyrr var getið, og er ekki vonlaust um, að sumar þessar ónýttu námur geti raknað við með tímanum. Vestan við þessa námuröð er stór hraunbreiða. Túnið byrjar norðan undir Bæjarfelli, og norðan við það er vítt svæði af öræktaðri jörð. Þegar því landi sleppir, tekur hraunið við aftur og beygir það nú meira í austur en áður. Yfir það liggur illur vegur, sem þó er ekki langur. Síðan liggur leiðin undir háu fjalli, sem mikið grjótt hefur hrunið úr, og verða menn að þræða þar milli steinanna, sem er þó allægilegt, því að mörgum þeirra virðist tylt þannig hverjum ofan á annan, að bráður bani sé búinn þeim, er fram hjá fara. Uppi á Bæjarfelli er dálítið af rauðum leir og allmikill hiti þar undir, en ég hef áður getið þess, að brennisteinn myndast aldrei ásamt rauða leirnum né ofan á honum, og er því einnig svo háttáð hér. Við engar brennisteinsnámur er jafnlítið af gipsi og hér. Hverirnir eru hvorki djúpir né mikil ólga í þeim. Steintegundirnar eru annaðhvort sandsteinn eða hörðu leirtegundirnar, sem getið var í Krýsuvík." Skýrsla Ole Henchels frá 1775, ÓO II, 287. "Þarna er mikið gróðurriki sökum jarðhita, túnstæði gott og engi, bæði á grundum og í valllendishlíðum ... Þó byggðin félli oftsinni niður og væri jafnan skammvinn, hefur löngum verið þar bækistöð manna, og aldrei mun hafa verið þar kofalaust. Þangað safnast gangnamenn og liggja þar fjölmennir náttlangt, áður en lagt er í leitir. Grasafólk lá þar löngum við á vorum, en rjúpnamenn á haustum. Brennisteinsnámur eru þarna og var þar síðast unninn brennisteinn hér nyrðra, og jafnvel á þessari öld, enda voru Þeistareykir næst hafnarstað." LP I, 327. "Grundirnar og gamla túnið er grasi vafið allt sumarið, þótt allt sé óvarið og þarna gangi fjöldi fjár. Sama má segja um gróðurgeirana í fjallshlíðunum upp af Þeistareykjum, að þar er gras sem á besta túni. Neðan við grundirnar, dálítið sunnan við leirgilið, eru mikil brennisteinssvæði og stórir leirhverir. Þar niður við hraunröndina er oft tjörn af leysingavatni langt fram eftir sumri. Annað kalt vatn er ekki fáanlegt að sumri til á Þeistareykjum fyrr en austur undir Ketilfjalli. Þar eru dálitlar lindarvætlur með nokkurn veginn köldu vatni." - Ódádahraun I, 40. "Túnið á Þeistareykjum hefur verið mjög grasgefið og eins grundirnar undir Bæjarfjallinu. Heyfengur hefur því verið auðsóttur og dágóður. Land hefur verið kjarngott, grasatekja nærtæk og ágæt ..." Ódádahraun III, 164. Á Þeistareykjatóni voru slægjur góðar og nytjaðar a.m.k. af og til allt fram til 1955 - BBSÞ, 516. - Gróður á víða í vök að verjast vegna uppblásturs og hafa stór svæði verið girt af, til þess að hefna sandfok. - BBSÞ, 516. "Slægjulönd voru allmikil og voru nýtt nokkuð eftir að hætt var að búa þar, aðallega úr Reykjahverfi og Húsavík. Ég sem þetta skrifa heyjaði einu sinni á Þeistareykjum með öðrum manni, þá var gott veður og mikið gras á Þeistareykjum og var það hey sett þar saman og ekið á hestum og sleðum heim um veturinn. Sumarland er þar gott og mjólkuðu kvíær vel hjá Sigurði [Guðmundssyni] og mjólkin feit og kostarík." Kristján Jóhannesson [f. 1892], Árbók Þingeyinga 1980, 114. 2001: Vallendisvæðið - Þeistareykjatón og -grundir - er um 600 m frá austri til vesturs og 500 m frá norðri til suðurs. Túnið er náttúrulega slétt, en víða - einkum norðaustantil - eru hvompur og dældir sem líta út eins og dauðir hverir sem gróið hefur yfir. Mýrlendi er víða í dældum norðvestantil í túninu. Einnig eru sumsstaðar dældir - ekki síst í tóftaveggjum - sem líta út eins og grónir rofblettir og börð. Fjar bæjarstæðinu (einkum til norðurs og austurs) tekur lyng við vallendisgróðri á harðbalanum, sem er nokkurnvegin kringlótt svæði en þar utan við er þýfður lyngmói. Í fjallshlíðinni sunnan og suðvestan við túnið eru grónir geirar og sumsstaðar stórar vallendisflatar sem verið hafa engi Þeistareykjabænda. Þau eru mjög grasgefin en sundurskorin af hveragiljum.

SB-250x:001 Þeistareykir bæjarhóll býli

65°52,667N 16°57,600V



"Bærinn stóð röska 10 km suður frá Sæluhúsmúla á Reykjaheiði, og nálægt fimm km austur frá Lambafjöllum, norðvestan undir felli einu lágu, sem nefnist Bæjarfjall." segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu. Þeistareykjatónið er norðvestan undir Bæjarfjalli og bæjarhóllinn í því miðju fast við vegarslóðina. "Á Þeistareykjum markar fyrir talsverðum bæjarrústum, og líklega hefur bærinn alltaf verið á sama stað, þar sem eldri kofinn er nú. Rústir þessar eru algerlega yfirgrónar. Aldrei munu þær hafa verið rannsakað[ar], og ekki er mér kunnugt um, að þar hafi fundizt neinar fornminjar." Ódádahraun III, 169. Bæjarhóllinn er fast norðan við Þeistareykjaveg þar sem hann beygir til norðurs, á móts við þar sem slóð liggur af

honum til suðausturs upp að núverandi sæluhúsi. Hóllinn er rúmlega 200 m NNV af sæluhúsinu.

"Þar gengur dálítið leirgil með vellandi leirhverum niður gegnum grundirnar, og er túnið upp og ofan með þessu gili norðanverðu. ... Skammt frá [eldra sæluhúsinu] er brunnurinn, en í honum er vatnið um 30 C heitt og ekki laust við brennisteinskeim." - Ódádahraun I, 39. Bæjarhóllinn er á sléttum vallendisgrundum og liggur



malarborinn vegur fast norðan við hann. Skammt ofan við byrjar landið að hækka upp að Bæjarfjalli og liggja grasgeirar hátt upp í fjallið, sundurskornir af hveragiljum. Vegurinn liggur fast við hólsræturnar að sunnan og asutan og gæti hafa skemmt hann.

1775 voru Þeistareykir í eyði, en nokkur af bæjarhúsum var enn uppstandandi og notað sem hlöður af bóndanum á Laxamýri sem slær túnið - OO Oeconomisk Reise, 703. "1876 lét C.G.W. Lock gera skála í sambandi við brennisteinsnám á Þeistareykjum" Ódáðahraun III. "Er Kristján man fyrst eftir, var í gamla bæjarstæðinu stór skáli, sem Englendingar byggðu, er þeir unnu brennistein á Þeistareykjum. Þessi skáli var notaður um áratugi eftir það sem gangnamannaskýli." Ö-Þeistareykir viðb, 6. Sbr.: "Komu þeir að Þeistareykjum að kveldi [lík um 1900] og gistu þar um nóttina í gangnamannakofa sem var allstórt hús, frá þeim tíma er unninn var brennisteinn til útflutnings á Þeistareykjum." Árbók Þingeyinga 1980, 110. Saga höfð eftir Þórhalli Kristjánssyni á Breiðumýri um menn sem vöktu yfir fjársafni á Þeistareykjum og fundu ekki kofann - Gráskinna IV, 90. Saga um Kristján Halldórsson smið á Húsavík sem fór að vitja hesta á Þeistareykjum. "Kristján bjóst um í kofa, er þar var. Hann var lítið meira en manngengur, farið inn um lítið gat á þekju, og var það byrgt með hellu, er inn var komið - Gríma 19, hefti s. 73. "... langt mun nú síðan kofi með þeim ummerkjum, er sagan greinir, hefur verið á Þeistareykjum." Ódáðahraun III, 169. Höllinn er sporöskjulaga, heldur lengri frá norðri til suðurs. Hann rís um 2,5 m yfir umhverfið og er mun hærra og brattari að norðan enda lækkar landið undan honum þeim megin. Efst á hólnum vestanmegin er grjótdreif sem gæti verið úr lítill byggingu, e.t.v. gangnamannakofa þeim sem á hólnum var. Austan og sunnan við dreifina mótast fyrir aflangri tóft, 7x3 m að innan, e.t.v. skáli Englendinganna. Henni hallar til suðvesturs og

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** LP I, 327; Ódáðahraun I, 39-40; III, 158-169; Ö-Þeistareykir viðb, 6; Gráskinna IV, 90; Gríma 19, hefti, 73; Árbók Þingeyinga 1980, 110.

**SP-250x:002** *Þeistareykjanámur* heimild um brennisteinsnámu 65°52.512 16°56.777

"Þeistareykjanámur eru aðalega í Neðri-Bóndhól, en hann er ekki í Bóndhólsskarði, heldur niður undan Bóndhólstorfu. Það er stór höll, gulur af brennisteini. Þar hyggur Kristján [Jóhannesson], að aðalbrennisteinsnám hafi verið." segir í örnefnaskrá Ö-Þeistareykir viðb. Neðri Bóndhóll er rúmlega 500 m austur af núverandi sæluhúsi, vestan og neðan undir Bóndhólsskarði og vestan við grófina úr því.

Stór og áberandi höll undir fjallshlíðinni en ofan við Þeistareykjagrundir. Hverir eru uppi á hólum og er hann að mestu hvítur af hverahrúðri. Allstórt hverasvæði með miklu af gulum brennisteini er norðan undir hólum og hafi aðstæður ekki breyst mikið þá virðist það líklegasta námsvæðið. Vestur með fjallinu frá Neðra Bóndhóli - ofan við Þeistareykjatún - eru hverasvæði og hefur þar víða mátt taka brennistein þó svæðið undir Neðra Bóndhól virðist stærst og samfeldast.

Í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar eru Þeistareykjanámur ekki talinn tiltekinn staður: "Þeistareykjanámur er nafn á brennisteinsþúfum. Sumstaðar eru sjóðandi hverir og sumstaðar hálfkaldar þúfur vestan undir Bæjarfjalli og Ketilfjalli."

**Heimildir:** Ö-Þeistareykir viðb, 6; Ö-Þeistareykjafréttur, 7.

**SP-250x:003** hús sæluhús 65°52.588 16°57.427

"Í Þeistareykjatúni standa tvö sæluhús á barmi grófarinnar. Það neðra er eldra og fremur lélegt, en það mun standa nærri gömlu bæjarústunum." Ódáðahraun I, 39. "Nýrra sæluhúsið stendur ofar með grófinni og nær henni. Það er myndarlegt hús, hlaðið úr grjóti með tyrðu járnþaki. Norðurstafn hússins er steypdur og tvöfaldur. Má leiða gufu frá hver, sem er í gilinu rétt hjá húsinu inn í vegginn og þannig hita húsið. Húsið væri hið ágætasta til [40] gistingar, ef pallur væri í nokkrum hluta þess, eða bálkar til þess að liggja á og önnur smáþægindi." Ódáðahraun I, 39-40. Nú er á Þeistareykjum "vandað gangnamannahús í eigu Aðaldælahrepps, byggt 1958 ... og gamli kofinn nú nýttur fyrir hesthús ..." BBSÞ, 516. Núverandi sæluhús er "A" hús efst í Þeistareykjatúni. Eldra hús - grjóthlaðið - er um 40 m vestan við, á barmi grófarinnar. Fast neðan við og samsíða því er tóft með steypubrotum, e.t.v. af eldra húsi.

Á vallendisgrund í aflíðandi brekku, efst í gamla Þeistareykjatúni, á barmi hveragrófar.

Langveggir hússins eru grjóthlaðnir en austurgafli steypdur. Tréþil er fyrir vesturgafli og þar dyr á húsinu. Húsið er niðurgrafið í austurenda. Grjóthleðslur eru byrjaðar að springa að norðanverðu en að öðru leyti er húsið í góðu standi og nýlegt bárujárnþak á því. Norðan við það er 11 m langur veggur 10 m frá og virðist hann afmarka hússtæði. Þar innan í er grjóthruga, að mestu gróin en glyttir í steypubóta. Ljósmynd frá 1945 eða rétt fyrir er af sæluhúsinu í Ódáðahraun I, bls. 40.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ódáðahraun I, 39-40; III, 39, 169; BBSÞ, 516

**SP-250x:004** heimild um kirkju 65°52.667 16°57.600


1394: "[í Múla] er þriggja presta skyllid og tueggja diackna. taka heima j leygu fíorar merckur. enn vtann gardz adrar fíorar ef ecki lyckst af þeistareykium." - DI III 576-78. 1461: "[í Múla] er þriggja presta skyllid oc tueggja

diakna. tekzt heima j leigu. iiij. merkr. en vtan gardz adrar. iiij. ef lykzt af þeistareykium." DI V, 284. Ekki er vitað hvar kirkjan stóð og engar af hinum fjölmörgu tóftum í Þeistareykjatótunum líkjast kirkju. Líklegast er að kirkjan hafi verið nálægt bænum, t.d. á rústarananum mikla sem gengur norðvestan undan bæjarhólum.

Múlakirkjumáldagar frá 1394 og 1461 - þó misvísandi séu - verða ekki skildir öðruvísi en að bænhús eða kirkja hafi verið á Þeistareykjum á miðöldum. Ekki er getið um aðrar útkirkjur í Múlaþingum en á Rauðuskriðu, en þar var hálfkirkja sem væntanlega hefur greitt 2 merkur fyrir þjónustu Múlaprests og gæti þá komið heim og saman að önnur hálfkirkja hafi verið á Þeistareykjum sem greiddi hið sama. Sé hinsvegar máldaginn frá 1394 réttari þá verður hann varla skilinn öðruvísi en að afgangi af Þeistareykjakirkju hafi verið til viðbótar mörkunum fjórum sem Múlaprestur fékk utangarðs. Það orðalag gæti bent til að kirkjan á Þeistareykjum hafi ekki fengið reglulega þjónustu og því ekki komið af henni reglulegar tekjur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** DI III, 576-78; DI V, 284.



**SP-250x:005** tóft stekkur

65°52.539 16°56.733

Norðan og austan við Neðri Bóndhól (sbr. 002) eru sléttar grundir sem ná að grófinni úr Bóndhólsskarði. Norðarlega á þeim er tóft. Hún er um 50 m norðsutan við rætur Bóndhóls og 20 m sunnan við lítinn hraunhól sem er ofan og sunnan við hverasvæðið norðan undir Neðra Bóndhóli.

Á sléttri vallendisgrund skammt frá hverasvæði, allhótt ofan við Þeistareykjatótun og í hvarfi frá bænum.

Tóftin er tvískipt. Lítið hól eða kró er í norðurneda og vesturveggur gliðnar út þannig að inngangur er á ská til hliðar við króna. Grjóthleðsla sést í suðurgafli að innan en annars er tóftin alveg gróin.

**Hættumat:** engin hætta



**SP-250x:006** tóft

65°52.652 16°57.627

20 m VSV af bæjarhólum 001 er tóft, fast norðan við Þeistareykjaveg og nemur suðvesturgafli hennar við vegbrúnina.

Á sléttri vallendisgrund, gamalt tún. Fast við malarborna vegarslóð og 10 m sunnan við gróf með hveravatni.

Einföld aflöng tóft, 13x8 m að utan. Veggir eru mjög breiðir og sokknir og er tóftin aðeins 7x1,5 m að innan. Dyr virðast hafa verið austantil á suðurlanghlið. Tóftin snýr suðvestur-norðaustur. Vegarslóðin gæti hafa skemmt blásuðvesturendann á tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:007** tóft

65°52.638 16°57.702

Rúmlega 50 m suðvestur af 006 er tóft. Hún er 4 m norðan við Þeistareykjaveg þar sem hann sveigir til austurs í átt að bæjarhólum 001.

Í jaðri vallendisgrundar/gamals túns. Vestan við eru grónir farvegir eftir hveravatn og vestan við þá lyngmóar.

Einföld, aflöng tóft á litlum rústahól sem er um 12x12 m að stærð. Tóftin sjálf er 8x6 m að utan en 4x2 m að innan. Hún snýr SSV-NNA og eru dyr hvergi greinilegar. Grjót sést í veggjum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



**SP-250x:008** gerði

65°52.648 16°57.724

Um 30 m vestan við bæjarhólinn 001 og um 10 m norðvestan við tóft 006 er allstórt gerði. Það er norðan við veginn að Þeistareykjum og norðan við tóft 007 en austan við tóft 009.

Í náttúrlega sléttu túni, en skammt vestan við tekur við lyngmói.

Gerðið er aflangt frá austri til vesturs, um 70 m langt og 43 m breitt. Í suðvesturhorni þess er tvískipt tóft, sem gæti verið yngri en gerðið. Hún er byggð saman við vesturhlið þess og er um 9x5 m að utanmáli. Undan henni gengur lítið hólfi til vesturs sem gæti verið kró eða eldri tóft sem snúið hefur austur-vestur. Gerðið tengist gerði 011 að norðan og er sameignilegur veggur á um 9 m bili, en á milli þeirra er geil sem líta mætti á sem tóft eða kvíar, en þó virðist frekar eins og þar hafi verið girt framhjá dýi eða votlendisbletti. Hlið virðast hafa verið á gerðinu við suðvesturhorn og á norðurhlið vestarlega, þ.e við tvískiptu tóftina og þar sem gerðin tvö koma saman. Undan suðurvegg gerðisins gengur garðlag til suðvesturs í átt að tóft 007 og er það greinilega eldra en sá rústahóll - alls um 17 m langt. Samhliða suðurhliðinni að innan er brún sem gæti verið garðlag og er hún 4-5 m norðan við suðurhliðina. Að vestanverðu gæti hún verið suðurveggur í þríhyrnu hólfi innan í gerðinu. Við austurhlið, einnig að innan, er 2x2 m pallur eða þúst sem gæti verið leifar af lítilli tóft. Veggir gerðisins eru mjög útlattir en signir í tóftinni við suðvesturhorn þess. Veggir eru víðast um 2 m breiðir og 0,6 m háir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:009** tóft

65°52.643 16°57.802




Um 55 m vestan við tvískiptu tóftina í suðvesturhorni gerðis 008 og um 51 m beint suður af tóft 010 er stór tóft á flata sem hallar til vesturs niður að tjörninni.

Á snögggrónum vallendisflata utan hins eiginlega túns. Umhverfis eru þýðir lyngmóar. Þessi tóft er einna næst tjörninni af tóftum á Þeistareykjum en þó eru þangað um 300 m. Þrískipt tóft, alls 10x6 m. Hún snýr austur-vestur og skiptist í tvö aflöng samsíða hólfi og lítið hólfi austan við það nyrðra. Veggir eru mjög signir, víðast um 1,5 m breiðir. 25 m austar er hringlaga hvompa, um 5x5 m að stærð, sem gæti verið tóft en líka gróinn rofblettur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:010** tóft

65°52.681 16°57.812



31 m vestan við mitt gerðið 011 og 51 m norðan við tóft 009 er tóft.

Tóftin og nánasta umhverfi hennar er grasi gróið en hún er á lágu lyngmóaholti fast vestan við hið eiginlega tún.

Tóftin snýr norður-suður og er 12 m löng og 5-6 m breið. Hún er einföld, en þó er veggur innan við suðurgafli þannig að lítið hólfi eða bás myndast við innganginn sem er syðst á austur langhlið. Grjót sést í sverði í botni tóftarinnar sunnantil og í austurvegg að utan. Þar er rof í vegginn og sést að grjóthleðslan er ekki meir en 0,7 m breið og bendir það til að tóft þessi sé af rétt eða stekki fremur en húsi. Önnur tóft lík þessari í Þeistareykjatúni er 035. 7 m sunnan við er þúst með 3 hvompum, alls 7x5 m og snýr austur-vestur. Þar gætu leynst tóftarleifar og væru þær þá mun eldri en stóra tóftin því þústin er gróin lyngi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:011** gerði

65°52.678 16°57.759

Norðan við gerðið 008 og samtengt því á 9 m kafla er annað gerði sem snýr norður-suður og myndar vesturhlíð túnsins. Það er á milli tóftanna 010 og 017 og frá því liggja túngarðarnir 013 og 014 til norðurs. Í því miðju er tóft.



GERÐI, MED TÓFT INNI Í, HORFT TIL SV


Í gömlu náttúrulega sléttu túni og eru sumsstaðar hvompur með votlendi.

Gerðið er sambyggt við gerði 008 en á milli þeirra er geil með gördum á þrjá vegu sem mætti túlka sem tóft eða kvíar þó vera megi að þar hafi aðeins verið girt framhjá dýi eða votlendisbletti. Gerðið er 60 m langt og 30 m breitt. Í norðvesturhorni þess er rofsvæði ofan í hól sem þar hefur verið og er óhægt að greina hvort garðurinn er horfinn þar eða hvort girt hefur verið framhjá hólnum að sunnan og austan. Í gerðinu miðju er einföld aflöng tóft, 10x4 m að utan, og snýr heldur á skjön við gerðið. Allir veggir eru signir, um 2 m breiðir í gerðinu en 1 m í tóftinni. Vesturveggur gerðisins stendur hæst og er mjög sprunginn í þúfur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:012** Stekkhólar 2 tóftir stekkur

65°52.479 16°58.074



"Sunnan Bóndhólsskarðs er svo Bæjarfjall, mikið gróið norðan og norðan í því Lambhólar. Suður með Stekkhólar og Stórihver, stór leirhver suðaustur af stekkhólum." segir í örnefnalýsingu. "Stekkhólar eru nokkurn spöl sunnan við Þeistareyki og stekkurinn í þeim. Stórihver telur Kristján [Jóhannesson], að sé austnorðaustur af Stekkhólum, við rætur Bæjarfjalls, og upp af honum álitur hann, að sé Kýrfóðurrindi vestan í Bæjarfjalli." segir í annari lýsingu og í enn annari: "Vestan í Bæjarfjalli heitir Kýrfóðurrindi, og þar suður með fjallinu heitir Stekkur." og virðist þetta allt sami staðurinn. Stekkhólar eru um 600 m VSV af núverandi sæluhúsi á

Þeistareykjum og er stekkurinn í þeim vestanmegin, fast vestan við leirhvasvæði, um 100 m norðvestan við veginn að Þeistareykjum. Ofrausn er að kalla þetta svæði hóla, það er meira eins og hæðarbrún sem snýr að bænum en er flöt að vestan.

Lág hraunbunga að mestu gróin grasi og mosa. Leirhvasvæði er fast austan við stekkurinn en grasgrundir með hverasvæðum vestan við. Gróið hveraop er gegnt dyrum stekkjans - sem tæplega virðist hentugt og má vera að stekkurinn sé eldri en hveravirkni á þessu svæði.

Á þessum stað eru tvær tóftir og eru 25 m á milli þeirra. Austar er tvískipt stekkjartóft, grjóthlaðin. Dyr eru á réttinni sunnarlega á vesturlangvegg. Króin er hlaðin utan í vesturlangvegg norðantil. Vörðubrot er fast vestan við dyraopið og annað um 10 m NNV við. Tóftin er hlaðin innan í brún í hraunklökkinni. Réttin er 6x3 m að innan en króin 3x2 m. Vestari tóftin er grjóthlaðin rétt, 13x8 m að utan og 11x5 m að innan. Hún snýr austur-vestur og eru dyr austast á suðurlangvegg. Austurgafli heldur áfram til suðurs og myndar þannig aðhald utan við dyrnar. Einnig er grjótdreif í framhaldi af vesturgafli og brún samhliða suðurlangvegg eins og þar hafi verið annað hól eða einhverskonar bráðabirgða bygging. Í atugasemdum Kristjáns Jóhannessonar í Klambraseli við Ö-Þeistareykjafrétt segir: "Suðaustur af Stekk er leirhver, sem heitir Stórihver. Nýtt hitasvæði kom upp á þessum slóðum fyrir 2 árum." (ritað 1968) - Ö-Þeistareykjafréttur, 11.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þeistareykjaland, 4; Ö-Þeistareykir viðb, 7; Ö-Þeistareykjaafréttur, 7, 11.



VESTARI TÓFTIN, HORFT TIL V



EYSTRITÓFTIN, HORFT TIL A

**SP-250x:013** garðlag túngarður

65°52.708 16°57.773

Garðlag gengur til norðurs frá norðvesturhorni gerðis 011.

Syðsti hlutinn er á valllendishól í túnjaðri en mestallur garðurinn er í mýri - nú þurri - og hefur sokkið í hana.

Frá gerðishorninu er garðlagið mjög skýrt í 36 m en þaðan er kantur í mýrinni í sömu stefnu í um 32 m til viðbótar og endar þar í stakri þúfu. Norðan við hana heldur mýrin áfram en engin merki sjást um garðlag þar eða í móanum sem tekur við alllangt norðan við. Austan við þúfuna eru hinsvegar 3 litlar þúfur í röð og gætu þær verið leifar af norðausturhlið í gerði sem þessi garður væri þá vesturhliðin á en 014 austurhliðin. Þykkt veggja er 1,5-2 m og hæð syðst 0,9 m en víðast mun minni, 0,2 - 0,4 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:014** garðlag túngarður

65°52.713 16°57.746

Garðlag liggur til norðurs frá norðausturhorni gerðis 011, samhliða garðlagi 013, en nær mun lengra í vestur.

Í túnjaðri og er deiglent sitthvoru megin við garðinn fyrstu 30 m norður frá gerði 011 en þar norðan við eru sléttar harðbalagrundir og er garðurinn þar mjög breiður, krókóttur og sokkinn.

Garðurinn er beint framhald af asuturhlið gerðis 011, en sveigir strax til austlægari stefnu. Eftir 32 m er skarð í garðinn, og þar gengur 5 m veggþútur til norðvesturs. Skarðið er 2 m breitt. Frá því liggur garðurinn í 7 m í norður og þar er annað skarð og annar stubbur sem gengur 10 m í norðvestur. Sá stúfur gæti hafa haldið áfram og tengst norðurendanum á 013 og myndað þannig þriðja gerðið í vesturjaðri túnsins. Inni í því gæti hafa verið minna gerði við austurhlið sem stúfarnir tveir eru leifar af. Nyrðra skarðið er 3 m breitt og þaðan má rekja garðinn tæpa 50 m til viðbótar með stefnu á tóft 016, rétt framhjá tóft 015 sem er 3 m vestan við. Nyrst er garðurinn orðinn mjög breiður, sokkinn og slitróttur. Mögulegt er að um 10 m veggstúfur gangi út til norðvesturs norðan við tóft 015 og þessvegna ekki ómögulegt að þar sé norðausturhorn í enn einu gerðinu. Garðurinn er alls um 90 m langur, mest 3 m breiður og 0,7 m háur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**SP-250x:015** tóft

65°52.734 16°57.740

3 m vestan við norðurendann á garðlagi 014 er tóft.

Í túnjaðri. Á snöggrónum harðbala en vestan og norðan við er þurr mýri.

Tóftin er einföld og aflöng, snýr austur-vestur og hefur dyr sunnantil á vesturgafli. Hún er 9x6 m að utanmáli. Veggir eru 1,5 m breiðir og um 0,7 m háir. Algróin og sér hvergi í grjóti. Mögulegt er að garðlagið 014 hverfist um tóftina - jafnvel þannig að það hafi myndað fjórða gerðið í vesturhlið túnsins og hefur tóftin þá verið norðaustast í því gerði. 19 m vestan við tóftina, niðri í mýrinni, er 9x6 m regluleg dæld og mishæð við norðausturhorn hennar sem gæti verið leifar af vegg. Það gæti verið tóft sem sokkið hefur í mýrina.




**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SP-250x:016 tóft

65°52.748 16°57.708



25 m NNA við norðrendann á garðlagi 014 og um 26 m NNA við tóft 015 er önnur minni tóft. Á milli er gróinn skorningur sem liggur austur-vestur með mýrardragi í botni.

Á sléttum harðbala, gömlu túni.

Lítill einföld tóft, 4x3 m að utan með dyr á miðjum suðurvegg. Tæpa 40 m ANA við þessa tóft er lítill ávalur hóll. Ekki eru á honum sýnileg mannaverk en hann er eina mishæðin í annars glersléttu túninu á þessum slóðum og gæti því verið mannvirki.

Austan við hann eru óreglulegar hvompur sem gætu verið eftir uppmoksturinn. Hóll

þessi er um 14 m vestan við veginn norður frá Þeistareykjum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-250x:017 tóft

65°52.690 16°57.728



4 m austan við gerðið 011 og 6 m sunnan við norðausturhorn þess er lítill tóft.

Í túni.

Tóftin er lítill, einföld og snýr norður-suður, og er heldur á skjön við gerðið 011 en hefur svipaða stefnu og tóftin inni í því. Hún er 6x3,5 m að stærð. Dyr eru ekki greinilegar. Tóftin er byggð ofan á rana sem liggur í boga frá bæjarhólum, fyrst til vesturs en sveigir svo til norðurs meðfram gerðinu 011. Annar slíkur rani er milli þessa og gerðisins 008 og liggur sá beint til

vesturs frá bæjarhólum, Mögulegt er að þetta séu garðar en þeir gætu einnig verið náttúrumyndanir. Skarð er í ranann kringum tóftina eins og efni úr honum hafi verið notað í hana.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-250x:018 Kvihólaaðhald gerði rétt

65°49,264N 16°57,635V




"Í klettaborgum vestur af Kvihólafjöllum var hlaðið Kvihólaaðhald fyrir fé..." segir í örnefnalýsingu. "Kvihólaaðhald og Þeistareykjaaðhald eru nefnd í skrá Ara. Nú er komið aðhald á fimm stöðum í Þeistareykjalandi: ... Aðhald við Kvihóla ... Öll eru þessi aðhöld gerð úr vírneti, gaddavír og timbri, þ.e. Staurar, nema aðhaldið við Kvihóla, það er hlaðið úr hraungrjóti." segir í viðbótum og athugasemdum við skrána. Ennfremur segir þar á næstu síðu: "Kvihólar eru mjög vel gróið land. Kristján [Jóhannesson] telur sennilegt, að þar hafi verið kvíar frá Þeistareykjum, þótt ekki hafi hann séð merki þess." Aðhaldið er um

#### KVIHÓLAADHALD, HORFT TIL S

300 m vestur af suðvesturhorni Kvihólafjalla, um 100 m norðan við slóðina sem liggur austur með fjöllumunum og er annar slóði af honum til norðurs að dyraopinu á aðhaldinu og þaðan áfram til norðurs. Lítill varða er hlaðin á klettabrún um 50 m suður af aðhaldinu og sést hún vel frá Þeistareykjavegi. Aðhaldið er hlaðið í kringum hvamm sem myndast af nokkrum klettaborgum. Í kring er lyngmói - gróið hraun - en innan gerðisins hefur myndast grasblettur.

Gróthlaðið aðhald, víðast 4-5 umför og 1-1,5 m á hæð. Það er hlaðið í óreglulegan hring á milli hraunbunga og er mjög mishæðótt innan þess. Hleðslan er samfelld utan dyraop á vesturhlið og á einum stað að suðaustanverðu er klettur í stað hleðslu er annars er hlaðið upp á klettana.





Kvíhólaaðhald var hlaðið um 1940. Ekki getur talist líklegt að kvíar hafi verið í nágrenni Kvíhóla heldur mun nafnið myndað af því það myndast eins og kví milli hólanna og fjallanna austan við.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Þeistareykjafréttur, 7; Ö-Þeistareykir Viðb. Og aths., 4, 5


**SP-250x:019** *Þeistareykjaaðhald* tóft rétt

65°51,837N 16°58,925V

Lítið aðhald er vestan undir Bæjarfjalli, um 20 m vestan við veginn að Þeistareykjum, 200 m norðan við efnisnámu sem er austan við þar sem vegurinn kvíslast og slóði liggur af aðalveginum beint til norðurs út í hraunið.

Undir fjallshlíð, á sléttlendi. Í kring er uppblástursgeiri með þéttri breiðu af hraungrýti í moldarflagi. Aðhaldið sjálft er gróið lyngi.

Aðhaldið er skeifulaga og opnast til suðurs. Það er hlaðið úr grjóti og rís hleðslan hæst á norðurhlið. Þar eru 4-5 umför,



ÞEISTAREYKJAAÐHALD, HORFT TIL V

mesta hæð um 1 m. Hleðslan er um 1 m breið. Lítil kró, 1,5x1 m, er hlaðin við norðurvegin að innan. Austur- og vesturveggir eru mun lægri og sá vestari alveg gróinn. Frá suðurenda hans liggur grjótdreif til austurs sem gætu verið leifar af suðurvegg. Indriði Ketilsson telur að þetta geti hafa verið hlaðið sem skjól fyrir hesta en hestar voru látnir ganga úti á Þeistareykjum á seinni hluta 19. aldar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:020** brunnur brunnur

65°52.683 16°57.631

"Nú eru þar [á Þeistareykjum] engin mannvirki utan brunnur, sem var og er enn í varpanum, hlaðinn innan með hraungrjóti, annars allt jafnað við jörðu." segir í örnefnalýsingu. "... Skammt frá [eldra sæluhúsinu] er brunnurinn, en í honum er vatnið um 30 C heitt og ekki laust við brennisteinskeim." - Ódádahraun I, 39. Brunnurinn er tæplega 30 m NNV af bæjarhólum og er tóft 022 á milli.

Brunnurinn er í dæld neðan undir bæjarhól - í túni sem á þessum stað er dældótt með dýjahvompum og hraukum á milli. Óljóst er hvað af því er manngert og hvað náttúrulegt. Dý eru ofan við brunninn að austan.

Brunnurinn er sporöskjulaga, tæplega 1 m frá norðvestri til suðausturs og um 0,6 m frá suðvestri til norðausturs. Hann er grafinn inn í brekku að sunnan. Hann er grjóthlaðinn að innan en torfi hefur verið hlaðið ofan á og í kring. Á VNV hlið hefur hleðslan verið rofin og þar er dý framan við þar sem skepnur hafa sótt í brunninn. Þar er grjótdreif framan við en spýtnabrák er einnig til hliðar sem gætu verið leifar af hlemmi. Lítilsháttar varmi er í vatninu, sem er á að giska 15-20° heitt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Þeistareykir viðb, 1; Ódádahraun I, 39.



**SP-250x:021**

*Mórahellir*

hellir

útilegumannabústaður

Mórahellir "Er á sléttri grundinni suðvestur frá Kömbum. Talið er, að þar hafi hafst við sakamaður vetrarlangt eða meir. Ótrúlegt tel ég það. Þó sést þar upphlaðinn grjótbákur, sem rúmplet. Margar sagnir eru um Þeistareykja-Móra og reimleikana þar allt fram á þessa daga." segir í örnefnalýsingu. Í annari lýsingu kemur fram að hellirinn sé norðarlega á Þeistareykjagrundum, litlu norðar en þar sem Grófin úr Bóndhólsskarði endar. Mórahellir er norðaustan við Þeistareykjatún, um 500 m

NNA af núverandi sæluhúsi og um 70 m vestan við brúnina á hrauninu sem kemur úr Bóndhólsskarði. Lítil varða (4 steinar á hraunklöpp) er 3 m vestan við hellisopið,

#### MÓRAHELLIR, HORFT TIL SSV

og sést hún vel að en hellirinn sjálfur sést ekki fyrr en að er komið.

Lyngmói á uppgrónu helluhrauni, í sléttum hvammi sem yngra hraun (þó einnig gróið) myndar asutan við. Hellirinn liggur til austurs frá opinu. Hellisgólfið er um 2 m undir yfirborði og er farið beint niður í hellinn að ofan - nokkrir steinar eru í veggnum við opið sem líklegt er að hafi verið lagaðir til af mönnum til að auðvelda niður- og uppgöngu. Hellisþakið slútir niður við opið en þegar inn fyrir er komið rís það í um 1,7 m hæð. Hellirinn er aflangur frá austri til vesturs og er hlaðinn bálkur norðanmeginn, um 3 m langur og um 0,5 m hár. Þar ofan við er slétt fleti. Hellisbotninn er slétt moldargólf. Aðalhellirinn er um 5x4 m að stærð en liggur mun lengra til vesturs en þar er hann svo lágur að ekki sést hvar hann endar ljóslaust. Norðvesturhlið og suðurhlið eru nærri lóðréttar. Kristján Jóhannesson segir svo frá í Árbók Þingeyinga 1980: "Sögur herma að eitt sinn hafi sakamaður falist á Þeistareykjum vetrarlangt, ekki samt í gangnamannakofa eða bæjarhúsum heldur í helli sem er yst í Þeistareykjagrundum. Ekki hef ég heyrt nafn þessa manns en í þjóðsögunum er hann kallaður Þeistareykjamóri og afturgenginn birtist hann sem mórauður hundur og er talið að hann hafi oft glettst við fólk bæði úti og inni á Þeistareykjum. Hellir sá er Móri á að hafa falist í heitir síðan Mórahellir. Þegar ég var unglingur [1905-10] kom ég fyrst í Mórahelli að vorlagi. Hann er í sléttri grund og sést ekki fyrr en komið er að opinu sem er slétt við grundina, og um metri í þvermál. Þá lá úti fyrir opinu stór hraunhella brotin í tvennt, átti hún að hafa verið notuð til að loka hellinum. Þegar inn í hellinn kom er þar hlaðinn grjótbálkur úr hraungrjóti, auðsjáanlega gerður af mannahöndum, á hæð við rúmstokk, og það grjót hefur þurft að flytja að, því ekki er grjót þar við, og átti þar að hafa verið rúmbæli Móra, og hellirinn hefur verið kallaður Mórahellir í manna minnum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þeistareykjaland, 8; Ö-Þeistareykjafréttur, 4; Árbók Þingeyinga 1980, 108-109.

**SP-250x:022** tóft

65°52.679 16°57.611




5 m norðan við bæjarhól 001, milli hans og brunnsins 020, er allstór rústahóll með tvískiptri tóft ofan á.

Í túni, við bæjarhól, á samfelldu rústasvæði. Brunnur er skammt norðvestan við.

Hóllinn er 17x13 m að utanmáli, heldur lengri frá norðri til suðurs. Á honum eru tvær reglulegar dældir. Sú syðri snýr norður-suður og er 5x2 m að innanmáli. Hin snýr hornrétt á hana að norðan og er 7x2 m að innan. Norðan við vesturendann á henni er dæld sem gæti verið lítil tóft eða leifar af eldri byggingu en þær eru greinilega undir því veggir eru allt að 5 m breiðir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



**SP-250x:023** tóft

19 m austan við 022, um 20 m norðaustan við bæjarhól 001 er hólhrúgald fast við veginn frá Þeistareykjum til norðurs og liggur hann yfir það. Austan við veginn er tóft og hefur hann skemmt vesturhlið hennar. Hún er á sama hól og vegurinn og er þetta allt sami minjastaðurinn sem vegurinn liggur yfir.

Í túni skammt frá bæjarhól - malarborinn vegur liggur yfir rústirnar.

Tóftin sem er fast austan við veginn er ferköntuð, 6x6 m að utan, en ekki alveg hornrétt. Vegurinn er 4 m breiður og hrúgaldið vestan við 7x7 m að stærð. Fast vestan við það er geil með djúpum en grónum hjólförum. Vestan við þau er þúfnarimi sem gæti tilheyrt þessum

mannvirkjaleifum, sem þá hafa verið skemmdar af tveimur kynslóðum af bílvegum á Þeistareykjum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



**SP-250x:024** tóft 65°52.700 16°57.561

1 m norðaustan við norðausturendann á 023 er önur tóft sem liggur samsíða veginum norður frá Þeistareykjum.


Í túni en mýrarblettur er austan við tóftina og malarborinn vegur fast vestan við. Hann hefur þó ekki skemmt þessa tóft.

Tóftin er aflöng, alls 26 m löng og 8 m breið nema í norðurendann þar sem hún er 10 m breið. Þar hefur minni tóft, 12x8 m verið byggð ofan í stóru tóftina og er mögulegt að eldra hús þar undir hafi snúið þvert á hitt. Veggir eru um 2 m breiðir og byrjaðir að hlaupa í þúfur. Hleðsluhæð er 1,1 m í yngri tóftinni en 0,6 m í þeirri eldri.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:025** tóft

65°52.687 16°57.545



11 m suðaustan við austurhorn tóftar 023 og 11 m austur af veginum norður frá Þeistareykjum og um 20 m austur af suðurhluta bæjarhóls 001, er tóft.

Í túni.

Um 7x6 m tóft er á austurenda rústahóls sem er alls 14x6 m að utan. Ekki er greinilegur suðvestur- eða norðvesturveggur í suðvesturhlutanum en hóllinn snýr VSV-ANA. Hleðsluhæð er 1 m í tóftinni og er hún alldjúp í austurendanum. Breidd veggja er um 1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:026** tóft

65°52.682 16°57.544



7 m sunnan við 025 og um 13 m austan við veginn norður frá Þeistareykjum og 20 m austan við bæjarhólinn er lítil tóft.

Í túni.

Tóftin er 11x7 m að utan og skiptist í 2 hólf. Hún snýr austur-vestur og er vestara hólfid mjórri og óskýrara. Tóftin er sýnu sokknari en 025 og greinilega eldri. Breidd veggja er 1,5-2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:027** tóft


65°52.690 16°57.513

15 m ANA við tóft 026 og 12 m ASA við tóft 025 er tóft. Hún er um 50 m austan við norðurhlíð bæjarhólsins.

Í túni.

Tóftin er aflöng, snýr VSV-ANA og opnast í vesturenda. Í austurenda er smáhólf eða kró. Tóftin er alls 15x7 m en króin er 3,5x3 m að utan og er því undir minna formi en aðaltóftin. Gólf króarinnar er einnig feti hærra. Gæti verið stekkur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SP-250x:028 tóft

65°52.693 16°57.509

3 m norðaustan við norðausturhlið tóftar 027 er stór tóft.

Í túni og stendur heldur hærra en tóftirnar 023-027 sem eru nær bæjarhólnum.

Rústahóllinn er alls 38 m langur og um 9 m breiður. Hann snýr norðaustur-suðvestur. Á honum eru 3 tóftir. Vestast er 6x5 m tóft, þá kemur 1 m bil og þar opnast stærsta tóftin sem er 13x9 m að stærð. Veggir hennar eru víðast meir en 2 m breiðir. Dyr



hafa verið á vesturgafli. Austan við hana er 6 m breiður bálkur þar sem ekki sést til tóftarlags en þar austan við er önnur 13 m löng tóft en hún er sýnu breiðari en hin, eða 4 m að innan, og gæti verið að hluta niðurgrafin. Suðurveggur hennar er aðeins um 0,5 m breiður en norðurhliðin er mjög breið og hleðslur sprungnar. Grjóthrúga er utan við austurhorn miðtóftarinnar en ekki er greinilegt hvort grjótið er úr veggheðslu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


SP-250x:029 tóft

65°52.694 16°57.460

22 m ASA af tóft 028 og um 100 m beint austur af bæjarhólnum 001 er tóft. Hún er sú austasta í túninu og ber hærra en hinar. Hún er um 200 m norður af núverandi sæluhúsi.

Í túni. Suðaustan við gengur þúfnarimi niður hliðina og nær alveg að tóftinni.

Tóftin er fjórskipt, alls 18x13 m. Stærsta hólfið er 11x3 m að innan og snýr norðaustur-suðvestur. Við suðurhorn hennar er 4x4 m hólfið og vex lyng á þeim hluta og gæti hann því verið eldri. Við norðurhorn stóra hólfsins er 3x3 m hólfið og innangengt á milli. Við suðvesturenda stóra hólfsins er svo síðasta og minnsta hólfið, 3x1 m. Syðsti hluti tóftarinnar er allur mjög sprunginn í þúfur. Veggjaþykkt víðast um 1,5 m.



**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


SP-250x:030 tóft

65°52.738 16°57.504

56 m NNA af tóft 028 og 73 m austur af veginum norður frá Þeistareykjum er tóft. Á sléttu harðbalatúni.

Einföld ferhyrnd tóft, snýr suðvestur-norðaustur með dyr á suðvesturhlið, alls 5x4 m. Veggir eru brattir að utan þó þeir séu hvergi meir en 0,7 m háir. Fast austan við eru hvompur sem gætu verið dauðir hverir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SP-250x:031 tóft

65°52.752 16°57.582

62 m VNV af 030 er tóft. Hún er 24 m austan við veginn norður frá Þeistareykjum.

Á sléttu harðbalatúni.


Einföld aflöng tóft. Hún snýr norðaustur-suðvestur og virðist hafa haft dyr á suðvesturgafli þó ekki sé það augljóst. Stærð alls 8x3,5 m. Hugsanlega er afstúkað hólfið í norðausturenda. Veggir eru um 1 m breiðir. Hvompur eru sunnan við sem gætu verið dauðir hverir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SP-250x:032 2 tóftir

65°52.644 16°57.570



15 m sunnan við bæjarhólinn 001 eru tvær litlar tóftir. Þær eru á austurbarmi grófarinnar sem kemur niður af hverasvæðinu vestan við sæluhúsin milli þessara tófta og 038. Nyrðri tóftin er fast við Þeistareykjaveg, þar sem slóðin heim að sæluhúsinu greinist frá aðalvegnum, og er syðri tóftin um 13 m vestan við þó slóð.

Í túni skammt ofan við bæjarhól, á grófarbakka. Malarborinn vegur liggur þétt við nyrðri tóftina og gæti hafa skemmt hana.

Syðri tóftin er sýnu greinilegri. Hún er einföld, snýr austur-vestur, með dyr á vesturgafli og 6x4 m að stærð. Hin er meira eins og þúst og gæti hafa skemmt við vegarlagninguna. Hún er 5 m norðar og er 7x6 m að utan. Breidd veggja í syðri tóftinni er 1,5 m og hleðsluhæð 0,7 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-250x:033 tóft

65°52.662 16°57.551

Fast austan við veginn sem liggur meðfram bæjarhólnum 001 að austan er tóft. Hún er mjög stór og liggur samsíða veginum um 2 m frá honum. Suðurendi hennar er á móts við gatnamótin þar sem slóðin heim að sæluhúsinu greinist frá Þeistareykjavegi. Sú slóð hefur skemmt suðvesturhorn tóftarinnar.

Í túni, fast við bæjarhól og er tóftin á hæð eða rústabungu sem líta má á sem framhald bæjarhólsins til austurs. Bíslóðir eru fast vestan og suðvestan við tóftina.


Aðaltóftin er þrískipt, alls 27 m löng og mest 7 m á breidd. Hún snýr því sem næst norður-suður. Við norðausturhorn hennar gengur önnur tóft til austurs og myndar krappt horn við hina, alls 10x6 m að utamáli. Suður af austurenda hennar eru þúfnaklasar sem gætu verið vísbendingar um mannvirkjaleifar. Austan við suðurenda stóru tóftarinnar er 2x2 m skeifulaga hvirving sem gæti verið örsmá tóft eða gróin hverahola.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SP-250x:034 gerði

65°52.666 16°57.492



26 m austur af austurenda 033 og um 60 m ASA af bæjarhól 001 er lítið hringlaga gerði. Það er 52 m suðvestur af 029.

Í túni.

Nokkurnveginn hringlaga gerði, 13x12 m að utan. Rof hefur verið í veggjum og afmyndað þá - nú gróið. Breidd veggja er um 1,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-250x:035 tóft


65°52.648 16°57.500

25 m SSV við gerði 034 og 17 m austan við slóðina upp að sæluhúsinu á Þeistareykjum er tóft.

Í túni, neðst í brekkunni sem nær niður að bæjarhól.


Aflöng tóft með dyrum vestast á suðurlangvegg - hún snýr austur-vestur. Austast gæti verið lítið hólft eða leifar af eldri byggingu en vesturgafli er tvöfaldur og minnir mjög á tóft 010. Alls 14x6 m að stærð og er breidd veggja um 1,2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SP-250x:036 tóft

65°52.627 16°57.465



27 m sunnan við tóft 035 og 5 m austan við slóðina að sæluhúsinu á Þeistareykjum er tóft. Hún er nærri miðja vegg milli sæluhússins og bæjarhólsins.

Í túni, í aflíðandi brekku sem nær frá fjallsrótum niður að bæjarhól.

Tóftin er nærri þríhyrningslaga, alls 9x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Dyr eru ekki greinilegar. Breidd veggja er 1,5-2 m. Hún er mjög sokkin og afmynduð en veggir þó skýrir að utan.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-250x:037 tóft


65°52.583 16°57.305

Um 70 m ofan við núverandi sæluhús á Þeistareykjum er tóft. Hún er 15 m austan við bílslóðina sem liggur frá sæluhúsinu að hverasvæðinu ofan við. Hún er í skarði í grónum hrygg sem liggur niður hliðina á átt að sæluhúsinu.

Efst á vallendisgrundum ofan við tún Þeistareykja. Hveragil er um 100 m vestan við og einnig eru hverasvæði skammt ofan við


Lítill einföld tóft, 4x3 m að utan. Hún snýr þvert á brekkuna eða austur-vestur. Dyr eru ekki sýnilegar og veggir eru beinir og reglulegir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SP-250x:038 tóft fjárhús

65°52.630 16°57.601



37 m suðvestan við gatnamótin þar sem slóðin heim að sæluhúsinu á Þeistareykjum greinist frá aðalveginum er tóft. Hún er á vesturbarmi grófarinnar sem liggur frá hverasvæðinu vestan við sæluhúsið, um 42 m austur af tóft 039 og um 55 m suðvestur af bæjarhól 001.

Í túni, neðst í aflíðandi brekku sem er sundurskorin af hveragrófum.

Fjárhústóft með hlöðu eða heystæði þvert á aftanvið. Grjót sést í veggjum sem standa í um 1,3 m hæð. Greina má garða eftir miðju húsinu en hvergi sjást merki um dyr. Veggir eru allt að 2 m breiðir. Tóftin er alls 12x10 m að stærð. Þetta hús og 039 eru greinilega yngstu útihúsin í Þeistareykjatúni og er sennilegt að þau séu frá því að búið var þar á árunum 1868-73.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-250x:039 tóft hesthús


65°52.616 16°57.656

42 m vestan við tóft 038 og 25 m sunnan við veginn að Þeistareykjum að sunnan er tóft. Hún er á barmi grófar sem liggur til norðvesturs frá hverasvæðinu ofan við sæluhúsin.

Í túni, neðst í brekku og á brún hveragrófar.

Tvískipt tóft með dyrum norðaustast á norðvesturvegg, alls 8x8 m að stærð. Hún er grjóthlaðin en að mestu er gróið yfir hleðslurnar. Veggir eru um 1,5 m breiðir. Þetta hús og 038 eru greinilega yngstu útihúsin í Þeistareykjatúni og er sennilegt að þau séu frá því að búið var þar á árunum 1868-73.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SP-250x:040 garðlag túngarður

65°52.787 16°57.338

58 m norðaustur af austurenda garðlags 041 er annað garðlag sem sennilega er einnig túngarður. Vesturendi hans er 25 m suðvestur af norðurenda grófarinnar úr Bóndhólsskarði. Við vesturenda garðsins liggja fjölmargar reiðgötur til norðausturs og við austurenda hans er bílslóði þvert á hann sem liggur frá sæluhúsi og áfram til norðausturs meðfram Ketilfjalli.

Á sléttum harðbala en vallendisgróðri er lokið svo norðarlega í túninu og lyng tekið við. Engin sérstök skil eru á gróðri eða landslagi þar sem garðurinn er og heldur ekki þar sem hann endar.



Garðurinn er hlykkjóttur, alls 70 m langur. Hann er mun lægri og ógreinilegri en 041, víðast um 3 m breiður og algerlega sprunginn í þúfur. Stefna þessa garðlags er önnur en 041 og geta þau ekki verið hlutar af sama túngarði. Þessi er greinilega eldri og hefur afgirt heldur stærra tún en 041.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:041** garðlag túngarður

65°52.787 16°57.459

Um 100 m NNA af tóft 030 er túngarðsbútur sem liggur austur-vestur.

Á sléttum harðbala en vallendisgróðri er lokið svo norðarlega í túninu og lyng tekið við. Engin sérstök skil eru á gróðri eða landslagi þar sem garðurinn er og heldur ekki þar sem hann endar.

Garðurinn er hlykkjóttur, alls 55 m langur og um 1,5 m breiður. Sunnan í hann er þúst sem gæti verið agnarsmá tóft. Stefna þessa garðlags er önnur en 040 og geta þau ekki verið hlutar af sama túngarði. Þessi er greinilega yngri og hefur afgirt heldur minna tún en 040.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:042** gripir

1713: "Þá fannst af grasafólki fram á fjalli millum Þeistareykja og Reykjahlíðar nokkurt fé í jörð, bæði af járn, látúni og kopar, í Þingeyjarsýslu." Sjávarborgarannáll. 23. júlí 1714 var á alþingi auglýst lýsing sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, Benedikts Þorsteinssonar "á fundnum fémunum á eyði-fjalli millum Þeistareykjar, Múla-kirkju-jarðar, og Reykja-hlíðar, bónda-jarðar, um sumarið 1713, en sýslumanninum afhent í næstliðnum Apríli 1714. Sem er þetta eftirskrifað: 2 kopar-hanar, stykki af klukku, að vigt ei minna en 2 merkur, eitt tin-skerborð, 2 hval-tennur, nokkrir smáir látúns knappar með tini undir, aðskiljanlegt kopar-rusl og eir-klippur, að vigt ei minna en 2 merkur, látúns hringja ein með laufi og sviptum, ryðguð bak-löm af kistu, lás-brot og járn-loka, þetta allt ryðgað, virt af 6 mönnum 30 al. Óskar nú sýslumaðurinn úrlausnar á því, hvört hann skuli af áðurnefndu góðtzi reikning standa, sem af öðru óvissu kongl. Majst. intresse, eður hvört eignarmaður þeirrar jarðar, í hvörrar landi þetta áðurskrifað fundizt hefur, skuli þar nokkurs afnjóta. Hér uppá er lögmanna svar, að svo framt enginn eignarmaður fyrteðs góðtz finnist innan löglegs tíma, þá viti sýslumaðurinn, hvað lögmálið skipar um soddan hluti, nær hann hefur hið ýtrasta rannsakað um þetta fundna góðtz." Alþingisbók 1714. Á alþingi 1716 var málið enn til meðferðar og voru þá þeir sem grunaðir voru um óleyfilega meðferð hinna fundnu fémuna lýstir saklausir, en dæmdir til að gjalda 10 aura til fátækra fyrir að hafa dregið að segja frá fundinum.

Á alþingi 1716 voru lesnir upp þrjár processar ummálið: frá 18. júní 1714, 28. júní 1714 og frá 27. september 1714 á Helgastaðþingi.

**Heimildir:** IA IV, 327; AÍ X, 186-87; 243-44.

**SP-250x:043** Mælifell bæjarstæði býli

65°53,503N 17°04,433V



Tóftirnar á Mælifelli sýndar á loftljósmynd frá Landmælingum Íslands. Svartlitaðar eru þær tóftir sem eru byggðar ofan á aðrar eldri eða tilheyra augljóslega yngstu byggingarstigum á staðnum. Eldri tóftir eru grálitaðar.

"Mælifell nefnist einstakt fell, nokkuð hátt, en lítið að ummáli, um 5 km norðaustur af Þeistareykjum. Milli Mælifells og Lambafjalla, eru ærnir hagar, sem nefnast Mælifellshagar. Hagarnir teygjast bæði norður og suður vestan við fellid. Vestur frá fellinu eru vallgrónar tættur, sem nefnast Reykjasel. ... Varla verður Mælifell staðsett annarsstaðar en þar, sem nú er nefnt Reykjasel. Þar eru nógir sauðahagar, þótt eyðisandar séu í kring og hamraklungur Lambafjalla. Vel gætu engjar hafa blásið. Þarna er eitt af þeim fáu öruggu vatnsbólum, er finnast þar eystra." segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu. "Sé nú haldið áfram norður með Lambafjöllum að austan, tekur næst við Skeiðin til vinstri og Reykjasel norðanvert við hana ... Til hægri handar er svo Mælifell ..." - "Reykjasel: Þar var haft í seli frá fornöld frá Reykjum í Reykjahverfi. Þar er bæði fagurt og landgott og Mælifellshagar eru þar í grennd, en þar er fjölmargt fé að sumri og í haustgöngum." segir í örnefnalýsingu. "Í vestur frá frá Mælifelli er tjörn austan við Reykjasel. Selið hefur verið sett þarna vegna vatnsins." segir í annarri, og enn fremur: "Reykjasel er suðvestur af Mælifelli. Þar var selstaða frá Reykjum í Reykjahverfi." Rústirnir eru um 500 m vestan við suðurendann á Mælifelli, norðvestan við Skeiðina, austast á harðalendisbala neðan (norðan) við tvö gil (það eystra mun grynna) sem liggja til norðurs niður fjallshlíð Kistufjalls. Tóftirnir eru vestanundir lágum klettavegg og sjást því ekki að austan fyrr en komið er fram á brúnina.

Rústirnir eru á bakka gróinnar geilur sem myndast af gömlu hraunkanti (misgengi) að austan. Ofantil í geilinni seytla vatn og er smápollur þar á móts við miðju rústasvæðisins. Efstu rústirnir eru í aflíðandi lyngmóabrekku en þær þrjár neðstu niðri á snögggrónum harðlendisbala. Þar er valllendisgróður en mjög lítils vaxtar og mikill mosi í grasrótinni. Sumstaðar líka lyng. Balinn er upp undir 200 m breiður á móts við nyrstu rústirnir en mjókkar síðan til norðurs en teygist langt í þá átt meðfram klettaveggnum sem verður hærri og skarpari eftir því sem norðar dregur. Norðaustan við bæjarstæðið er lítil seftjörn og austan við það tvær litlar tjarnir.

MÆLIFELL/REYKJASEL, HORFT TIL S. GÖTUR Í FORGRUNNI

Múlakirkja átti Mælifell skv. máldögum frá 14. og 15. öld og er þess síðast getið 1525. Í sölubréfi fyrir Reyki í Reykjahverfi frá 1544 eru Reykir taldir eiga Mælifellshaga " utan svo mikinn part, er eignaður er Múlakirkju milli tveggja garða." DI XI, 344. Þá hefur býlið væntanlega verið komið í eyði (og mögulega miklu fyrr) en þess er ekki getið í yngri heimildum um Múlakirkju. Í JÁM er það orðað svo að Reykir eigi selför milli tveggja garða



RÚSTASVÆÐIÐ, HORFT TIL V. POLLARNIR Í DÆLDINNI VESTANUNDIR MISGENGISVEGGNUM HAFI VERIÐ VATNSBÓL BÆJARINS



SYÐSTA TÓFTIN, HORFT TIL N. LÍKLEGA STEKKUR

í Mælifellshögum og er það sennilegra orðalag - JÁM XI, 246. Skv. BBSÞ, 519 eru sagnir um að býli þetta hafi verið "í Þeistareykjalandi, vestur við Lambafjöll, þar sem síðar var haft í seli frá Reykjum og nefnist nú Reykjasel." - Þetta gæti vel staðist sbr. ítak Reykja í Mælifellshögum. Á bæjarsetæðinu eru sjö rústir, í beinni röð meðfram geilinni og er aðeins ein tóft uran við hana. Tóftirnir eru greinilega misgamlar og eru misgömul byggingarstig sýnileg í a.m.k. fjórum. Nyrsta rústin er líklega stekkur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**LP I, 327-28; Ö-Þeistareykjaland, 1, 7; Ö-Þeistareykjaafréttur, 8, 11; DI XI, 344; JÁM XI, 246; BBSÞ, 519.

**SP-250x:044** *Skildingahóll* örnefni 65°54,937N 17°00,589V

"... Hellumór ... Nær austur að neðsta gjávegg, sem ýmist er kallaður Skildingahólsveggur, Neðsti-veggur eða Sæluhúsveggur ... Allir þessir veggir snúa móti vestri og er Skildingahóll spölkorn suður frá vestasta veggnum. Önnur sögn er um Skildingahól að maður úr Reykjahverfi hafi komið að þjófunum við hólinn er þeir voru að telja skildingana og þeir keyptu hann til að þegja yfir, en hann brugðist þeim." segir í örnefnalýsingu eftir Kristján Jóhannesson. Í annarri örnefnalýsingu eftir Ara Gíslason er þetta orðað svo: "Meðfram [Hellunum] að austanverðu er óslitinn, sléttur gjárveggur sunnan frá hrauni og norður á merki. Þessi veggur heitir Hellugjárveggur. Syðst á þessum gjárvegg eru tveir hólar. Sá nyrðri þeirra heitir Skildingahóll. Hann er keilumyndaður. Nafn sitt dregur hann af því, að eitt sinn voru þjófar að telja skilinga undir honum (sjá Grímu II, 41). Þessi hóll er norðaustur frá Mælifelli." Norðaustur af Mælifelli eru tveir hólar og virðast skrárnar ekki vera sammála um hvor þeirra sé Skildingahóll. Sá syðri er spölkorn suður frá þar sem veggnum sleppir, í móa rétt norðan við lítt gróið hraun, og virðist Kristján eiga við hann en hinn er uppi á gjárbarminum syðst, um 200 m norðan við fjárendann, og virðist Ari eiga við hann. Sá hóll er einnig kallaður Skildingahóll á landakortum. Nyrðri hóllinn er um 3 km norðvestur af Klifi og 4 km norðaustur af Reykjaseili,

Nyrðri hóllinn er strýtumyndaður og hærri en sá syðri, sem er jafnari. Á milli þeirra eru nokkrir minni hólar sem ekki sjást eins langt að og hinir tveir. Í kringum nyrðri hólinn er stórþýfður lyngmói og gróið vel nema efstu 10 m sem eru einbert grjót. Gjárveggurinn er um 100 m vestan við nyrðri hólinn og neðan við hann lítið gróið helluhraun (Hellumór).

Peningum var stolið af Þorsteini ríka í Reykjahlíð (d. 1828). "Morguninn eftir peningastuldinn var maður úr Reykjahverfi að leita að ám á Reykjaheiði. Reið hann fram á tvo menn, sem voru að telja peninga sunnan í hól þessum. Hétu þeir honum afarkostum, ef hann segði frá því, er hann hefði séð, en buðu honum fé til að leyna því. Löngu síðar hafði þó maður þessi sagt frá, hvers hann hafði orðið var, og var þá farið að nefna hólinn Skildingahól." Gríma 11. hefti, s. 41 - Ódáðahraun I, 36-37.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**Ö-Þeistareykjaland, 2; Ö-Þeistareykjaafréttur, 8; Ódáðahraun I, 36; Gríma 11. hefti, 41; Gríma hin nýja II, 295-98.

**SP-250x:045** *Draugagrundir* heimild um leið 65°47,755N 16°50,939V

"Norðan og norðaustan undir [Gæsafjöllum] eru grónar grundir ... Og liggur um þær fjöldi af gömlum götuslóðum." Ódáðahraun I, 48. Draugagrundir eru norðan undir Gæsafjöllum. Reiðgötur sjást hvergi í flötum mounum, en vera má að Ólafur Jónsson hafi haft í huga reglulegar þúfnaraðir sem sjást á nokkrum stöðum norðanundir blásnum holtum, en það eru náttúrulegar myndanir. Við norðausturhorn Gæsafjalla má þó með góðum vilja sjá götupaldra Reykjahlíðarmegin merkjanna en þeir hverfa um leið er komið er norður fyrir merkin í Þeistareykjaland. Reiðgötur á þessum slóðum virðast helst hafa getað legið frá Kröflunámum til Þeistareykja um Bóndhólsskarð þó einnig sé mögulegt að leið hafi legið suður fyrir Kvihólafjöll og vestur með þeim áleiðis til Húsavíkur.

Norðan undir Gæsafjöllum eru vel grónir og mjög stórþýfðir lyngmóar - gróið hraun - og teygja þeir sig norður undir Einbúa. Að austanverðu hefur Gjástykkishraun frá 1975-80 runnið yfir grundirnar. Nafnið Draugagrundir virðist fyrst og fremst eiga við móana næst Gæsafjöllum en engin skýr skil eru á Draugagrundum og mounum vestan og norðan við.

Ólafur Jónsson telur vafalaust að göturnar séu frá þeim tíma er brennisteinsflutningar lágu þarna um öræfin. "Draugagrundir eru algróið land. Ekki þekkir Kristján [Jóhannesson] neinar sagnir um þær." Ö-Þeistareykir viðb, 5. Draugasaga til skýringar á örnefninu er skráð með Reykjahlíðarlandi en grundirnar ná inn í það við norðausturhorn Gæsafjalla, undir SP-208:014. Þar er líka fjallað um náttstað leitarmanna á Draugagrundum og virðist hann geta hafa verið hvort sem er í landi Reykjahlíðar eða Þeistareykja. Hnit þar sem Draugagrundarvegur kvíslast til austurs frá Þeistareykjarvegi, á pípuhlíði: N 65°47.139 V 16°59.728

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**Ódáðahraun I, 48; Ö-Þeistareykir viðb, 5.



**SB-250x:046** gerði rétt

65°53,557N 16°58,449V

"Klif er, þar sem Þeistareykjahraun hefur runnið að Þeistareykjavegg. Í krika sunnan við Klifið sést fyrir mannvirkjum, sennilega fjárrétt." segir í örnefnalýsingu. Tæpum 1 km norðan við Þeistareykjaaðhald 056 er grjóthlaðin rétt syðst í Klifinu.

Réttin er undir um 30 m háum misgengisvegg með stórgrýtisurð neðan við að austan og úfnu hrauni að vestan. Sunnan við er vallendisrimi sem nær alveg að réttinni en lyngmóar - gróið hraun - sitthvorumegin við rimann.



Lyngmóar eru einnig norðan við Klifið og ofan við vegginn.

Tviskipt rétt hlaðin úr hraungrýti. Hleðslan nær upp á hraunbrúnina að vestan og upp í stórgrýtisurðina að austan. Þeim megin eru hleðslurnar mjög hrundar en þær standa enn vel vestanmegin, 6-7 umför. Gengið hefur verið inn að sunnan. Minna hólfíð er sunnar, 6x7 m að stærð, en hið stærra er þar inn (norður) af, 16x14 m að stærð. Ekki er skýrt op á milli hólfanna en milliveggurinn er mjög hrundur við jörð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Þeistareykir viðb, 4

RÉTTIN SYÐST Í KLIFINU, HORFT TIL V AF ÞEISTAREYKJARVEGG

**SB-250x:047** varða samgöngubót

65°48,274N 16°58,912V

"Landið meðfram hrauninu frá Þeistareykjum og suður á merki kallast einu nafni Randir. Þó var á einum stað nokkuð hærra land og nefndist það Háarönd. Þar var stór varða, sem leiðarvísir hvar bezt væri að fara yfir hraunið á hestum." segir í örnefnalýsingu. Um 2 km norðan við ristahliðið á merkjum Þeistareykjalands er hólaröð austan við veginn sem liggur austur-vestur og væri Háarönd réttnefni á henni. Frá veginum sést lítið vörðutyppi (á 65°48.182 N 16°59.063 V, 408 mys), um 50 m austan við veginn, sunnanhalt á hólasvæðinu. Það er hlaðið á klöpp og virðist ekki gamalt. Um 200 m norðaustan við það er stór vörðugrunnur og mun það vera varða sú sem getið er um í lýsingunni. Um 100 m ANA við hana er annað vörðutyppi, algróið, líka á hraunklöpp. Það er á 65°48.297 N 15°58.758 V, 401 mys.

VÖRÐUGRUNNUR, HORFT TIL ASA

Vörðugrunnurinn er um 2 m í þvermál, hringlaga. Djúp gjóta er fast vestan við hann. Aðeins 1 umfar sést en stór grjótflekkur suðaustanvið vitnar um að þetta hefur verið stæðileg varða. Þessi staður er heldur sunnar en á móts við Hamraskarð en vörðurnar gætu vísað á leið yfir hraunið sem síðan hefði haldið áfram í gegnum skarðið og þaðan yfir eða fyrir suðurendann á Lambafjöllum

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Þeistareykjaland, 4



**SP-250x:048** varða landamerki

65°46,677N 17°03,945V

"Síðast er svo bein lína úr suðausturhorni landsins vestur norðan Gæsafjalla um Draugagrundir í vörðu á Klappabrekku í Gusta." segir í örnefnalýsingu. Vörðutypri er á suðurenda Klappabrekku, 1,27 km sunnan við hæsta hnjúkinn á brekkunni, skammt norðan við slóða sem liggur til vesturs af Þeistareykjavegi sunnan við Klappabrekku.

Ber melur. Stæðileg varða á þessum stað hefur sést vel langt að, bæði úr austri og vestri.



LANDAMERKJAVARÐA SYÐST Á KLAPPARBREKKU, HORFT TIL A

Eitt umfar af stóru grjóti (<50 sm) á litlum klapparhól á miðjum melnum. Smágrjót í kring en erfitt er að greina hvað hefur verið í vörðunni og hvað ekki því vörðugrjótið hefur verið rífið upp úr hólum. Steinarnir sem enn standa eru þaktir svörtum skófum sem bendir til að varðan sé ekki mjög ung. Á kortum eru merkin sýnd norðar en þar eru hvergi neinar vörður. Á háhnjúk Klappabrekku (65°47.329 N, 17°03.427 V sk 6 m, 490 mys) er engin varða en tvær steinahrúgur eru að vestan undir hábungunni og er vír bundinn utanum aðra. Landmæingarör sem liggur laust austanundir bungunni bendir til að þarna hafi verið mælingapunktur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Þeistareykjaland, 5

**SP-250x:049** *Reykjaheiðarvegur* heimild um leið

65°57,607N 17°01,525V

"Þau ráða úr svonefndu Gustaskarði norður á Jónsnipu á Höfuðreiðamúla og af honum á Sæluhúsmúla, sem er norðan við Reykjaheiðarveg." segir í örnefnalýsingu. Aðeins litill hluti hinnar gömlu þjóðleiðar um Reykjaheiði hefur legið um Þeistareykjaland og hefur hún að líkindum verið á svipuðum slóðum og bíslóðin nú, neðan við Sæluhúsmúla.

Engin ummerki sjást um gömlu leiðina neðan við múlann. Götur Skarðagötur SP-322:046 á 65°58.542 N 17°05.818.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Þeistareykjafréttur, 1

**SP-250x:050** *Beinaklettur* örnefni

65°57.767 16°49.906

"Svo er línan [frá Rauðhól] í suðurenda á Lönguhlíð. Á henni er brún mót vestri, og svo er löng lína um Beinaklett í Eyjólfs hæð, en þar eru jafnframt sýslumerki ... Beinaklettur er nefndur hér fyrir á norðurmörkum landsins. Um hann eru hæðir, sem heita Beinaklettshæðir ..." segir í örnefnalýsingu. "Frá Sæluhúsi er bein línan að norðan á Rauðhól þaðan á suðurenda Lönguhlíð [svo] um Beinaklettshæðir á Eyjólfs hæð í Sauðaklett. Beinaklettshæðir eru miðja vegu milli Eyjólfs hæðar og Lönguhlíðar." segir í örnefnalýsingu. "Norðurmerki Þeistareykjalands eru m.a. bein lína úr suðurenda Lönguhlíðar um Beinaklettshæðir í Eyjólfs hæð (áberandi hæð). Á þeirri leið eru ótal klettar í Beinaklettshæðum, og veit Kristján [Jóhannesson] ekki, hver er Beinaklettur, en bein lína ræður merkjum." Ö-Þeistareykir viðb, 7. Fjölmargir hraunhólar og klettar eru í Beinaklettshæðum og gætu margir þeirra borið nafnið með þryði en eginn getur talist verulega sérstakur nema Eyjólfs hæð en Beinaklettur hefur verið talsvert vestar en hún. Sem landamerki kemur helst til greina harunhóll sem vírgirðingin liggur yfir, um 3,4 km austan við vörðuna á Lönguhlíð (052) og um 300 m austan við krossgötur þar sem slóði frá Þeistareykjum sker slóðina sem liggur norðan við merkin. Þessi hóll er í beinni línu milli vörðunnar og Eyjólfs hæðar og ber í milli þeirra.

**Heimildir:** Ö-Þeistareykjafréttur, 2; Ö-Þeistareykjaland, 3; Ö-Þeistareykir viðb, 7



**SP-250x:051** Klif gata leið

65°53,557N 16°58,449V

"Þriðji veggurinn kallast Klifveggur eða Þeistareykjaveggur þar sem hann er næstur Þeistareykjum, og Þeistareykjahraunið hefur runnið alveg að honum og þar sem farið er yfir fast við vegginn á hestum kallast Klif." segir í örnefnalýsingu. "Milli hraunsins og [Þeistareykjaveggjar] er stórgrýtt klif, sem nefnt er Þeistareykjaklif,



eða vanalega stytt í Klif. En þegar komið er upp úr þessu Klifi, er komið á Grundirnar. Um þetta Klif liggur hin forna flutningaleið frá Þeistareykjum til Húsavíkur." Hraunið hefur runnið upp að Þeistareykjavegg á um 300 m kafla og þar liggja skýrir götutroðningar utan í hraunbrúnni. Engin leið fær hestum er upp vegginn á þessu svæði, en veggurinn endar um 300 m sunnan við Klifið og þar skammt frá er varða 092.

Geil milli hrauns að vestan og um 30 m há misgengisveggjar að austan.

Skyrar götur liggja um Klifið og er þeim haldið við af sauðfé.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Þeistareykjaland, 2; Ö-Þeistareykjafréttur, 9

KLIFIÐ, HORFT TIL NV. FJÁRGÖTUR SJÁST Í HRAUNJÆDRINUM OG RÉTT 046 Í VINSTRA HORNI

**SP-250x:052** varða landamerki

65°57.613 16°54.359

"[landamerki að norðan] Frá Rauðhól í vörðu á suðurenda Lönguhlíðar. Úr Lönguhlíð bein lína í Beinaklettshæðir í Eyjólfsæð." - "Langahlíð: Er löng hlíð frá norðri til suðurs. Merkin milli Þeistareykja og Kelduhverfis eru í vörðu, sem var á suðurenda Lönguhlíðar, er hún [þ.e. Hlíðin] því nær öll í Kelduhverfislandi ..." Sbr. "... Bein stefna í svonefndan Rauðhól, eða nánar til tekið í norðurenda hans. Þetta er ekki mjög áberandi hæð. Svo er línan þaðan í suðurenda á Lönguhlíð. Á henni er brún mót vestri, og vo er löng lína um Beinaklett ..." Austurhlíð Lönguhlíðar nær mun lengra til suðurs en sú vestari og á suðurendanum, um 180 m sunnan við vírgirðinguna er varðan. Hún sést vel frá slóðanum meðfram girðingunni.



LANDAMERKJAVARÐA, HORFT TIL S

Varðan stendur á lágri klettabrún og eru lyngmóar í kring, svo langt sem augað eygir.

Varðan er nýleg, sem sést af því að flestir steinarnir í henni eru án skófa og að sement hefur verið sett á milli steinanna til að halda þeim saman. Hún er þó sennilega hlaðin upp úr eldri vörðu því talsvert er af grjóti í sverðinum í kring. Varðan er 8 umför, 1,5 m í þvermál og 1,2 m há.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þeistareykjaland, 6, 7; Ö-Þeistareykjafréttur, 2



SP-250x:053 varða



VARÐA, HORFT TIL V. KLAPPARBREKKA Í BAKSÝN

65°47.660 16°59.610

Varða er á hraunhelli, sem sendur upp úr móanum, um 50 m vestan við Þeistareykjaveg og um 1 km norðan við ristahliðið á suðurmerkjum Þeistareykjalands. Hún er um 100 m austan við hraunjaðarinn.

Á hraunklökk - lyngmói í kring. Klökkinn myndar svolítin hávaða, einkum að sunnan séð en annars er þetta svæði allt mjög flatt.

Varðan er um 1,5 m í þvermál og um 1 m há. Hún er 3-4 umför og vel gróin. Önnur minni og yngri er nokkrum metrum norðar. Þó varðan sé greinilega ekki alveg ný er líklegast að hún vísi á leiðina að Þeistareykjum fremur en einhverja leið þvert yfir hraunið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-250x:054 hleðsla

65°50,037N 16°57,817V

Sunnan við Kvíhóla, þar sem geilin milli hólanna og fjallsins byrjar er hraunstrýta, sú nyrsta af mörgum í grónu hrauninu sunnan við hólana og vestan við Kvíhólafjöll. Á lengdar er hún að sjá eins og þrír drangar en þegar nær er komið sést að þeir eru tveir, aflangir og samhliða, um 6 m á milli þeirra. Sá eystri er lengri og sinnhvornn endann hefur verið tyllt steinum.

Hálfgróinn melur á milli dranganna, lyngmóar í kring. Nokkrir hraunsteinar sem hefur verið tyllt upp á sinnhvornn endann á hraundranga. Auðveldlega mætti gera aðhald á þessum stað með því að hlaða á milli dranganna en engin merki sjást um slíkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



HLEÐSLA Á HRAUNHÓLI SUNNAN KVÍHÓLA, HORFT TIL N

SP-250x:055 varða

65°51,711N 16°59,577V



VARÐA Á HRAUNBRÚNINNI VESTAN UNDIR BÆJARFJALLI, HORFT TIL SA

Um 130 m vestan við veginn meðfram landgræðslugirðingunni, vestan undir Bæjarfjalli, á mótis við miðbik fjallsins er varða á hraunbrúninni. Hún sést vel frá veginum.

Á brún á hálfgrónu hrauni. Um 100 m vestar sleppir gróðri alveg en skallar ná alveg austur að brúninni sem varðan er á. Varðan er sjálf hlaðin á dálítill gróðurtorfu. Næstu hverir eru um 100 m sunnan við.

Varðan er 6 umför, 2 m í þvermál og 1,2 m á hæð. Hún er mjög vaxin skófum. Austan við (vestari) slóðina eru götutroðningar sem liggja í átt að vörðunni og má vera að hún vísi á leið yfir hraunið, e.t.v. Í átt að Gæsku.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:056** Þeistareykjaaaðhald gerði rétt

65°53,073N 16°58,498V

"Í klettaborgum vestur af Kvihólafljóllum var hlaðið Kvihólaaaðhald fyrir fé, og Þeistareykjaaaðhald er norðar hjá Þeistareykjum." segir í örnefnalýsingu. Um 1,35 km NNV við Þeistareyki (001), nyrst í krika sem myndast af Þeistareykjahrauni að vestan og hverabrekku að austan er Þeistareykjaaaðhald. Það er um 800 m norðan við norðausturhornið á landgræðslugirðingunni.

Nyrst í lyngmóa, í dæld milli hrauns og hveraleirsbrekku, en engir virkir hverir eru þar nú. Ofan (austan) við brekkuna eru ÞeistareykjagrunDIR en næst aðhaldinu er brekkan nær avleg gróðurlaus. Innan í gerðinu er grasmói og litlar tjarnir nyrst í því þar sem lægst er. Smátjarnir eru einnig utan við gerðið að sunnanerðu.

Gerðið er hlaðið úr hraungrýti, nema að austanverðu þar sem blágrýtishnullungar úr hverabrekku hafa verið



ÞEISTAREYKJAAÐHALD, HORFT TIL VSV

notaðir. Sumstaðar standa uppundir 6 umför í hleðslunum og er mesta hæð 1,5 m, en víðast er garðurinn orðinn mjög skörðóttur og á löngum köflum alveg hruninn við jörð, einkum austan og norðaustantil. Hleðslurnar standa best sunnan og suðvestantil, ekki síst í hrauninu. Dýraop er á suðausturhlið, um 1,5 m breitt. Grjóthrúga er uppi á brekkunni sunnanhalt á móts við aðhaldið og þaðan sjást a.m.k. Tvær hundapúfur í beinni línu í átt að Þeistareykjum. Má vera að þetta séu mannaverk.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Þeistareykjafréttur, 7

**SP-250x:057** varða

65°53.499 16°58.456

Um 100 m sunnan við réttina 046 er stór varða uppi á gjábrún sem er framhald Þeistareykjaveggjar til suðurs.

Á grónu hrauni, 5 m austan við gjábrún. Gjáin endar um 50 m sunnar og er þar fyrst greið leið niður í átt að Klifinu.

Varðan er samfallin, en þó eru enn 3-4 umför af grjóti í henni. Hún er um 0,75 m há og hefur verið um 2 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:058** varða landamerki

65°57.511 16°58.191

Uppi á Rauðhól, nyrðri hnjúknum, um 50 m sunnan við slóðina sem liggur meðfram norðurmerkjum Þeistareykjalands er landamerkjavarða.

Uppi á berum melhól og sést víða að.

Varðan er 1,5x1 m og um 1,2 m á hæð, 7 umför og er sement á milli steinanna og skjöldur festur á austanmegin.

Á honum stendur "Rauðhól / Landamerki / 1999". Miklar skófir eru á steinunum og er varðan örugglega eldri en skjöldurinn þó líklegt sé að hún hafi verið hlaðin upp nýlega. Rauðhóls er getið í landamerkjalýsingu Þeistareykjalands en ekki vörðunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



LANDAMERKJAVARÐA Á RAUÐHÓLI, HLAÐIN 1999

SP-250x:059 varða landamerki

65°57,875N



"Að austan eru merki fyrst bein stefna af Eyjólfshæð suður í norðurenda Bunguveggjar, þar sem varða er." Eyjólfshæð er um 12,5 km suður frá Garði í Kelduhverfi og er hún landamerkjavarða milli Garðs, Áss og Þeistareykja og er hún merkt sem slík eins og aðrar landamerkjavörður með leturplötu hér í heiðinni. Varðan er á kletthæð sem hefur þrjá ása sem liggja norður og suður og er varðan á þeim sem er í miðið. Varðan er um 1x1m að stærð og svo til alveg ferhyrnd, hún er 6 umföer og um 1m á hæð. Á efsta steini vörðunnar er áföst leturplata sem á stendur „Eyjólfshæð landamerkjavarða 1999” **Heimildir:** Landamerki Þeistareykjaafréttar (1948), Sýslumaðurinn á Húsavík. Landamerkjabók no. 281

VARÐA Á EYJÓLFSHÆÐ, HORFT TIL S

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-250x:060 varða samgöngubót

65°47,661N 16°59,608V

Norðvestast á gróðurlendinu vestan Gæsafjalla, á mörkum Skútustaða- og Aðaldælahrepps, um 20 m suðvestan Þeistareykjarveggar, eru vörður.

Hraunholt sem rís úr móanum.

Vörðurnar eru 2, önnur um 8 m norðaustar en hin. Sú suðvestari virðist vera eldri, þakin skófum og mikið til gróin grasi en er þó ekki mikið hrunin að sjá. Hún er ekki nostursamega hlaðin: 15-20 steinar í hnappi. Varðan er um 0,7 m á hæð og 0,7 m í þvermál. Norðaustari varðan er líka úr hraungrjóti en án skófa og gróðurs og er um 0,5 m á hæð og um 0,6 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-250x:061 varða samgöngubót

65°48,181N 16°59,062V

Um 50 m austan Þeistareykjarveggar er lítil varða, um 2 km norðvestan við hreppamörk Skútustaða- og Aðaldælahrepps.

Lágt hraunholt sem rís úr móanum.

Í vörðunni eru um 10 hraunmolar. Varðan er um 0,4 m á hæð og um 0,5 m í þvermál neðst. Um 100 m frá fyrirhugaðu línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SP-250x:062 varða samgöngubót

65°49,280N 16°57,482V



Varða er um 50 m norðaustan við Kvíhólaaðhald (SP250x\_018) og liggja fjárgötur við vörðuna NV-SA.

Varða er á hraunhrygg sem snýr A-V.

Varðan er 3-4 umföer, 10-15 steinar, um 0,5 m á hæð og 0,5 m í þvermál. Varðan er þakin skófum. Hún ést tæplega af vegarslóða. Um 100 m sunnar, hinumegin við aðhaldið, er önnur varða sem sést af vegi (sjá 063). Um 120 m norðan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

VARÐA NORÐAUSTAN KVÍHÓLAADHALDS, HORFT TIL S



SP-250x:063 varða samgöngubót

65°49,238N 16°57,539V



VARÐA SUNNAN KVÍHÓLAAÐHALDS, HORFT TIL S

Varða er fast sunnan við Kvíhólaaðhald (250x\_018) og um 90 m sunnan við vörðu 062.

Varðan er á hraunkletti sem rís hátt úr umhverfinu mót suðri og sést langt að.

Varðan er hæst um 1,2 m og um 1 m í þvermál neðst og mjókkar upp og er þakin skófum. Um 100 m frá fyrirhugaðu línustæði. Um 40 m norðan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SP-250x:064 varða samgöngubót

65°49,130N 16°55,787V

Um 150 m suður frá Gjástykkisvegi er varða, sunnan við Kvíhólafjöll; heldur austan við miðja suðurhlíðina.

Gróið hraun. Sérstakar hraunstrýtur standa upp úr gróðurþekjunni.

Varðan er á hraunhóli og er um 1 m á kant og mjókkar heldur upp. Hleðslan er um 1,1 m en þó rís hún um 2 m úr umhverfinu vegna hólsins. Umför býsna stórra steina eru 8 - 10. Varða sést ekki af vegi en sést þó líklega frá Kvíhólaaðhaldi (018). Um 130 m sunnan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



VARÐA, HORFT TIL A

SP-250x:065 varða samgöngubót

65°49,286N 16°55,014V



VARÐA, HORFT TIL A

Um 150 m frá Gjástykkisvegi er hálfhrunin varða, um 500 m suðaustan við hliðarrætur Kvíhólafjalla.

Gróið hraun. Sérstakar hraunstrýtur standa upp úr gróðurþekjunni. Varðan er á grónu hraunholti.

Varðan er hrunin, aðeins um 5 hraunsteinar eru enn uppistandandi, um 0,4 m á hæð og um 0,6 m í þvermál.

Varðan rís þó hæst um 0,8 m vegna holtsins sem hún stendur á. Fjargata er fast norðan við vörðuna. Önnur varða (066) í suðaustri er greinileg. Um 150 m norðan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SP-250x:066 varða samgöngubót

65°49,236N 16°54,816V



Um 170 suðaustur frá vörðu 065 er önnur varða.

Gróið hraun, vaxið lyngi og fjalldrapa.

Varðan er um 1 m á hæð og tæpur 1 m í þvermál neðst en mjókkar upp. Varðan er alsett skófum. Ekki sér til annarar vörðu í suðaustri. Um 70 m norðan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

VARÐA SEM FLÚKTAR VIÐ 065, HORFT TIL N

SP-250x:067 varða samgöngubót

65°49,461N 16°55,190V

Um 80 m vestur frá Gjástykkisvegi er varða, um 2,6 km austur frá vegamótum, norður til Þeistareykja annarsvegar og austur í Gjástykki hinsvegar.

Í suður frá suðausturhorni Kvíhólafjalla er landið flatt en rís skyndilega vegna hrauntungu sem teygir sig til austurs. Þar á hraunbrúninni eru 2 vörður, þessi og svo 068 sem er austar.

Vestari varðan sést vel af veginum og er talsvert hrunin. Fjórir stórir hraunsteinar eru á sínum stað í hnapp, um 0,6 m á hæð og um 0,7 m í þvermál. Steinarnir eru alsettir skófum. Fjargata liggur í lögginni fast norðan (neðan) við hrauntunguna.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



VÖRÐUR 067 OG 068, HORFT TIL SA

SP-250x:068 varða samgöngubót

65°49,464N 16°55,155V

Um 80 m vestur frá Gjástykkisvegi er varða, um 30 m austur frá vörðu 067. Um 2,6 km austur frá vegamótum, norður til Þeistareykja annarsvegar og austur í Gjástykki hinsvegar..

Í suður frá suðausturhorni Kvíhólafjalla er landið flatt en rís skyndilega vegna hrauntungu sem teygir sig til austurs. Þar á hraunbrúninni eru 2 vörður, 067 og svo þessi sem er austar.

Varðan sést vel af veginum og er talsvert hrunin. Býsna stórar hraunhellur í hnapp, um 0,5 m á hæð og um 0,7 m í þvermál. Steinarnir eru alsettir skófum. Fjargata liggur í lögginni fast norðan (neðan) við hrauntunguna.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-250x:069 varða samgöngubót

65°49,654N 16°54,743V



Varða er um 100 m norðvestan Gjástykkisvegar, miðja vegu á milli suðausturhorns Kvíhólafjalla og vegar.

Vel gróið hraun, stórþýfður harðmói.

Varðan er mjó, aðeins einföld steinaröð sem er um 1,1 m á hæð og um 0,6 m í þvermál neðst.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

VARÐA, HORFT TIL NA



**SP-250x:070** varða samgöngubót

65°49,653N 16°54,722V

Um 15 m austan við vörðu 069 er önnur varða.

Vel gróið hraun og stórhýfður harðmói.

Varðan er lítil, um 0,4 m og um 0,7 m í þvermál neðst en lítur út fyrir að vera eldri en varða 069. Hún er samansett af 10 - 15 hraunsteinum í hnapp og eru þeir skófsettir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:071** varða samgöngubót

65°50,038N 16°53,968V

Um 100 m norðvestur frá Gjástykkisvegi er varða. Um 300 m suðvestan við vegamót, hvar vegurinn kvíslast, annarsvegur til norðurs í Litla-Víti og hinsvegur til austurs í Gjástykki.

Varðan er á nokkurskonar hraunvegg sem hefur myndast vegna jarðsigs: norðan veggjarins dettur landið snögglega niður og er flatt og gróið hraun til norðurs.

Varðan er á brún hraunveggjar og er 10 -15 skófsettar hraunflögur í hnapp. Hæðin er um 0,7 m en þvermálið um 1 m A-V og um 0,6 m á breidd. Fjargata liggur A-V í lögginni neðan (norðan) við hraunvegginn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



VARÐA, HORFT TIL NA

**SP-250x:072** varða samgöngubót

65°50,240N 16°53,396V



VARÐA, HORFT TIL NA

Um 250 austan við staðinn þar sem vegurinn kvíslast, annarsvegur til austurs í Gjástykki og hinsvegur til norðausturs í Litla-Víti, er varða um 10 m suðaustan Gjástykkisvegur.

Gróið hraun.

Varðan er um 0,7 m á hæð, einföld röð af nokkuð stórum hraunhellum, og um 0,6 m í þvermál. Steinar eru skófsettir. Fjargata liggur skammt norðan vörðunnar A-V. Um 8 m austan við vörðu er dálítið vörðubrot.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:073** hellir óþekkt

65°50,195N 16°51,403V

Austarlega undir suðurhlíð Þórunnarfjalla og um 130 m norður frá Gjástykkisvegi er hellir í hrauninu.

Gróið hraun.

Fast norðaustan við lágan hraungúl er lítil varða sem sést af vegi og er til að aukenna helli sem er þarna fast vestan við. Hraungúllinn er opinn í miðjunni og er holur innan, til beggja handa. Holrýmið er meira vestanmegin. Þar sem skútinn er hæstur er hann 2 m en er þó víðast töluvert lægri og þarf að beygja sig út við veggina. Stærðin er um 10 m A-V og um 6 m N-S. Töluvert er af beinum, ull og kindaskít inni í hellinum. Engar hleðslur er að sjá í eða við hellinn. Hellirinn er ágætis aðhald fyrir skepnur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



VARÐA OFAN Á STÖKUM HRAUNGÚL, HORFT TIL SA

**SP-250x:074** varða samgöngubót

Um 600 m suður af Þríhyrningi og um 330 suður af Gjástykkisvegi er varða.

Gróið hraun hvar hraungúlar og -strýtur standa upp úr gróðurþekjunni.

Á einstökum hraungúl, 2-3 m háum, er varða, um 0,5 m á hæð og í þvermál einnig 0,5 m. Hraungúllinn er holur innan að hluta til og er lítið op, 0,7 x 0,5 m, norðvestan í honum. Ekkert rask eða bein er að sjá við opið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:075** varða samgöngubót 65°50,730N 16°48,483V

Um 500 m norður frá Gjástykkisvegi og um 700 m austur af fjallinu Einbúa er varða.

Lágt hrauholt sem rís úr harðmóa.

Varðan virðist nýleg, um 1 m á hæð og um 0,6 m í þvermál neðst en mjókkar lítillaga upp. Steinar í vörðunni eru án skófa. Um 3 m norðan við vörðu er fastur hæðapunktur: járnstykki borað í hraunklöppina. Vörðunni gæti hafa verið hróflað upp til að auðkenna hæðapunktinn. Varðan sést af Gjástykkisvegi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:076** varða samgöngubót

65°50,435N 16°48,070V

Um 35 m sunnan við Gjástykkisveg er varða, um 500 m vestan við vegamót hvar vegurinn kvíslast, annarsvegar norður á Keldunesheiði og hinsvegar suður í Gjástykki.

Mosa- og lynggróið hraun.

Varðan er um 1 m á hæð og um 1 m í þvermál og mjókkar upp. Engar skófir eru á steinum og virðist varðan ekki vera gömul. Fast austan við er grjót á dreif.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



VARÐA, HORFT TIL SA

**SP-250x:077** varða samgöngubót

65°50,207N 16°47,400V



VARÐA, SENNILEGA NÝLEG. HORFT TIL A

Um 300 m sunnan við þar sem vegurinn kvíslast til norðurs og suðurs að Gjástykki, er varða, um 20 m austan vegar í Gjástykki.

Hálfgróin hraunklöpp.

Varðan er lítil, um 10 steinum hefur verið raðað saman. Sennilega er varðan nýleg og er um 0,4 m á hæð og um 0,4 m í þvermál neðst og mjókkar upp.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:078** varða samgöngubót

65°49,971N 16°47,494V

Varða er um 60 m austan við Gjástykkisveg, um 500 m vestan við vegamót hvar vegurinn kvíslast, annarsvegar norður á Keldunesheiði og hinsvegar suður í Gjástykki. Varðan er skammt austan við töluverða gjá. Gróið hraun.

Varðan er hálfhrunin, um 0,5 m á hæð og um 0,7 m í þvermál neðst en mjókkar upp.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:079** varða samgöngubót

65°49,783N 16°47,795V



VARÐA, HORFT TIL A

Um 100 m vestur frá Gjástykkisvegi er varða, um 400 m suðvestur frá vörðu 078.

Hraunholt sem snýr A-V.

Varðan er lítil, um 15 steinar sem eru alsettir skófum.

Hæðin er um 0,3 m og um 0,6 m N-S og um 0,3 m A-V.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:080** varða samgöngubót

65°47,749N 16°48,347V

Vegamót eru þar sem vegur gengur þvert á Gjástykkisveg: annarsvegar til austurs í átt að Eilífi og hinsvegar í vestur. Þessi leið hefur nefnst Draugagrundarvegur. Um 550 m vestan vegamóta og um 40 m norðan Draugagrundar, til vesturs frá vegamótum, er varða. Um 40 m norðvestan við girðingu sem skilur að Skútustaðahrepp og Aðaldælahrepp. Gróið hraun.

Varðan er fremur lítil, um 10 hraunsteinar í einfaldri stæðu, um 0,6 m á hæð og um 0,5 m í þvermál. Grjótið er þakið skófum. Varðan gæti hafa verið til að auðkenna Draugagrundarveg.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



VARÐA, HORFT TIL NV

**SP-250x:081** varða samgöngubót

65°49,305N 16°52,815V

Um 500 m vestan við suðurhluta Einbúa og um 200 m norðan við fyrirhugað línustæði eru 2 vörður nálægt hvor annarri. 082 er norðar.

Varða stendur á all háu hraunholti sem rís mót suðaustri. Suður af er flatlendi, harður mói hvar hraunnibbur standa upp úr hér og hvar.

Varðan er 7-8 umför hraungrjóts sem er sett skófum. Varðan er um 1 m á hæð og einnig um 1 m í þvermál, mjókkar lítið sem ekkert upp. Önnur varða er 7 m sunnan við, 082.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



VÖRÐUR 081 OG 082, HORFT TIL A

**SP-250x:082** varða samgöngubót

Um 500 m vestan við syðri hluta fjallsins Einbúa og um 200 m norðan við fyrirhugað línustæði eru 2 vörður, 081 er sunnar.

Varða stendur á all háu hraunholti sem rís mót suðaustri. Suður af er flatlendi, harður mói þar sem hraunnibbur standa upp úr hér og hvar.

Varðan er um 0,7 m á hæð og um 0,6 m í þvermál neðst og mjókkar upp. **Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



**SP-250x:083** varða samgöngubót 65°49,167N 16°51,283V  
Tæpa 300 m austan við suðausturhorn fjallsins Einbúa er varða í fyrirhuguðu línustæði.  
Lágt hraunklapparholt.  
Varðan er lítil, um 0,5 m á hæð og um 0,5 m á breidd og er all skófsett.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:084** varða samgöngubót

65°49,236N 16°51,067V



Norðaustast á lágum hraunhrygg, um 200 m norðaustan vörðu 083, er vörðubrot.

Lágur hraunhryggur.

Vörðubrot, nokkrir steinar í hnapp og fleiri lausir austan við vörðubrotið. Gras grær á milli steina. Hæðin er um 0,3 m á hæð og um 1 m í þvermál. Um 120 m norðan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

VÖRÐUBROT, HORFT TIL S

**SP-250x:085** varða samgöngubót

65°49,062N 16°51,319V

Á hraunklapparholti sem rís úr harðmóa, um 400 m suðaustur frá Einbúa er vörðubrot, um 200 m sunnan við vörðu 084.

Harðgróið hraun.

Varðan er hrunin, 10-15 lausir steinar í hnapp. Þvermál vörðubotsins er um 1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:086** varða samgöngubót

65°49,185N 16°55,647V

Í fyrirhuguðu línustæði er vörðubrot, um 150 norðaustur frá vörðu 064 og um 40 m suðaustan Gjástykkisvegur.

Lágt, hálfgróið holt í grónu hrauni.

Vörðubrotið er töluvert mikið um sig, vörðubotninn er um 2 m N-A og um 1,5 m A-V. Aðeins sér fyrir neðstu steinaröðinni og nokkrir lausir steinar liggja hjá. Annað hrun er ekki að sjá.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:087** varða samgöngubót

65°50,504N 16°58,636V



Um 450 m, ef mælt er hornrétt frá Þeistareykjarvegi, til austurs, eru vörðuleifar.

Allhátt melholt sem rís úr lyng- og fjalldrapamóa.


Varðan er hrunin og nánast alveg útflött. Fuglaþúfa hefur myndast í vörðubotninun. Smágerð grjótdreif er umhverfis strýtuna, um 2 m N-S og um 1,5 m A-V.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

VÖRÐUBOTN, HORFT TIL N

SP-250x:088 gata leið

65°51,200N 16°58,974V



Fjárgata liggur vestan í Bæjarfjalli, í hliðarfæti, og liggur úr suðri til norðurs.

Þýfður lyngmói.

Gatan er mjög greinileg, talsvert niðurgrafin og ógróin. Yfirleitt er gatan þó aðeins einföld. Annað hnit var tekið um 1,5 km sunnar: N. 65°50.464 V. 16°59.234. Á milli þessarra tveggja hnita liggur gatan yfir fyrirhugað línustæði. Ekki er ósennilegt að götunni hafi verið fylgt er fólk var að koma sunnan að og til Þeistareykja.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

GATA VESTAN Í BÆJARFJALLI, HORFT TIL N

SP-250x:089 varða samgöngubót

65°51,491N 16°59,401V

Fast austan við Þeistareykjarveg, vestan undir Bæjarfjalli, eru tvær vörður fast við fyrirhugað línustæði.

Gróið hraun og lyngmói.

Suðaustari varðan er stærri en hin (sjá 090), um 1 m á hæð og einnig um 1 m í þvermál neðst og mjókkar upp. Grjótið í vörðunni er alskófsett að sunnanverðu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



VÖRÐUR 089 OG 090, HORFT TIL N

SP-250x:090 varða samgöngubót

Fast austan við Þeistareykjarveg, vestan undir Bæjarfjalli, eru tvær vörður fast við fyrirhugað línustæði.

Gróið hraun og lyngmói.

Varðan er minni en varða 089, þótt hleðslur standi, og er um 0,6 m á hæð og einnig í þvermál neðst.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SP-250x:091 varða samgöngubót

65°52,731N 16°58,898V



Um 1 km vestur frá Þeistareykjum er vörðubotn.

Lágt holt í kargabýfðum lyngmóa.

Það glittir í skófsett hleðslugrjót undir grasi, fuglaþúfa hefur hlaðist upp ofan á grjótinu. Mesta hæð hleðslunnar er um 0,3 m og þvermálið er um 0,5 m. Varðan er í fyrirhuguðu línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

VÖRÐUBOTN Í MÓANUM VESTAN ÞEISTAREYKJATÚNS, HORFT TIL A



SP-250x:092 varða samgöngubót

65°53,498N 16°58,455V



Um 1,5 km norðvestur frá Þeistareykjum, í fyrirhuguðu línustæði, er varða. Hún er um 100 m sunnan við rétt 046.

Varðan er fast austan við gjá sem snýr N-S og mun vera framhald Þeistareykjarveggjar til suðurs. Gróið hraun.

Varðan er heldur ólöguleg, hálfhrunin, en töluvert mikil um sig, 2 m í þvermál neðst og rís um 0,7 m. Steinar eru margir hverjir skófsettir. Varðan er um 100 m norðaustan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

VARÐA, HORFT TIL SSV

SP-250x:093 varða samgöngubót

65°53,519N 16°58,421V

Um 50 m suðvestur af vörðu 092 er önnur varða.

Lágt hraunholt sem rís úr móanum. Gjá er vestan við og svo tekur hraunjaðarinn við í vestri.

Fimm skófsettir steinar eru í hnapp og nokkrir hrundir hjá. Einfaldar götur sjást, annarsvegar á milli varða 092 og 093 og gjárinnar, og hinsvegar aðrar sem sveigja til vesturs á milli varðanna. Varðan er um 0,8 í þvermál og hæðin um 0,5 m. Varðan er um 50 m norðaustan fyrirhugaðs línustæðis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



VÖRÐUBROT, HORFT TIL SSV

SP-250x:094 varða samgöngubót

65°53,924N 16°59,356V



Um 1,5 km suðaustur frá Skildingahóli er varða í fyrirhuguðu línustæði.

Lágt holt sem rís úr harðmóa.

Vörðubotn: 5 steinar í hnapp gægjast upp úr lyngsverði.

Hæðin er um 15 cm og þvermálið um 0,6 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

VÖRÐUBOTN, HORFT TIL NV




**SP-250x:095** varða samgöngubót  
Tæpa 700 m vestur af Þeistareykjarvegi, frá Þeistareykjum áleiðis til Húsavíkur, er varða. Um 2 km suðaustur frá Skildingahól.  
Lyngmói.  
10-15 steinar sjást gægjast upp úr sverðinum í hnapp svo sem 30 m norðan við staðinn þar sem hrauninu sleppir. Töluvert miklir steinar, c. 30 x 30 cm, skófsettir. Varðan hefur ekki sést að vestan en líklega úr öðrum áttum.  
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

VÖRÐUBOTN, HORFT TIL SA

**SP-250x:096** tóft

65°53,026N 16°58,770V



Um 1 km norðvestan við gamla bæjarstæðið á Þeistareykjum er varða og tóftarbrot. Stórpýfður lyngmói.

Það er eins og grjóti úr tóft sem hér hefur verið, hafi verið hróflað upp í vörðu til að vísa á fastan

staðsetningarpunkt sem er boraður í stein. Grjóthrúgan rís hæst um 0,8 m og er um 1 m á breidd. Í vestur frá grjótinu ganga garðlög, útveggir, 3 m og er tóftin um 2 m á breidd. Ekki er eiginlegt op að sjá. Nokkrir steinar sjást í torfveggjunum sem eru hæstir um 0,4 m. Enga innveggi er að sjá. Mannvirkið er því í heildina, með tóft og vörðu, 4 m A-V og 2 m N-S. Tóftin er um 30 m austan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



TÓFT OG VARÐA, HORFT A

**SP-250x:097** varða samgöngubót

65°53,010N 16°58,689V

Um 70 m suðaustan við 096 er hugsanlega varða.

Lyngmói.

Lynggróið holt rís úr móanum. Grjótið í kalli holtsins er náttúrulegt að mestu en hugsanlega hefur grjóti verið bætt við. Nú hefur fuglaþúfa myndast efst á grjótinu. Mesta hæð með strýttunni er 0,5 m og umfangið er um 1,5 m N-S og um 1 m A-V.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:098** varða samgöngubót

65°55,283N 16°58,073V



Um 10 m austan við Þeistareykjarveg frá Þeistareykjum norður til Húsavíkur, um 5 km norðan við Þeistareyki, er varða.

Lágt hraunholt sem rís úr móanum.

Varðan er 5 umför steina án skófa, lítur út fyrir að vera nýleg, um 0,9 m á hæð og um 0,7 m í þvermál. Varðan er býsna langt utan við framkvæmdasvæði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

VARÐA, HORFT TIL N



**SP-250x:099** varða samgöngubót  
Varða er um 50 m austan við Þeistareykjaveg til Húsavíkur, tæpan 1,5 km austur af Skildingahólsvegg. Hraunhryggur sem snýr NA-SV. Varðan er lítil, 8-10 steinar, um 0,6 m á hæð og um 0,8 m í þvermál neðst.  
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

65°55,936N 16°57,840V



VARÐA, HORFT TIL N

**SP-250x:100** varða samgöngubót



VARÐA, HORFT TIL NNW

65°55,888N 16°58,057V

Varða er á hraunkambi sem snýr A-V og sker lyngmóann um 60 m vestur frá Þeistareykjavegi til Húsavíkur, tæpa 200 m norðaustur af vörðu 099. Hraunkambur sem rís úr lyngmóa. Varðan er um 1,1 m á hæð og um 1 m í þvermál neðst en mjókkar mjög upp. Ekki eru skófir að sjá á steinum og sennilega er varðan ekki mjög gömul.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-250x:101** varða samgöngubót  
Um 20 m austan við veg frá Þeistareykjum norður til Húsavíkur og um 30 m vestan við fornleif 100 er varða.

Gróið holt sem rís úr lyngmóa.

Aðeins vörðubotninn stendur eftir, það sér oná steinþyrpingu upp úr sverðinum. Fuglaþúfa hefur myndast ofan á vörðubotninum. Hæðin að strýttunni meðtaldri er um 0,5 m og þvermálið er um 1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

65°55,935N 16°57,890V



VARÐA, HORFT TIL A. VARÐA 100 Í BAKGRUNNI



**SP-250x:102** varða samgöngubót  
 Varða er um 50 m sunnan vegar frá Þeistareykjum norður til Húsavíkur, um 350 m vestur frá vegamótum hvar leiðir liggja ýmist til austurs um Keldunesheiði eða í vestur í átt að Húsavík.  
 Vestan við gjá sem snýr N-S eru sérkennilegar hraunhólamyndanir. Á hæsta hólum er varðan.  
 Varðan er skófsett, um 0,7 m á hæð og um 0,8 m í þvermál. Rétt við vörðuna hefur verið bætt við 3-5 nýlegum vörðum. Fyrir vikið er vörðukraðakið ekki ósvipað myndlistarinnsetningu.  
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

VÖRÐUR, HORFT TIL S

**SP-250x:103** varða samgöngubót  
 Höfuðreiðarmúli tekur við af Lambafjöllum til norðurs. Þar í hliðarrótum, austur af Jónsnípuskarði, er varða.  
 Varðan er á helluhraunsklöpp, fast vestan við lyngmóa.  
 Varðan er úr smáu grjóti, um 0,4 m á hæð og um 0,5 m í þvermál. Um 150 m norðaustan við fyrirhugað línustæði.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

65°55,460N 17°03,681V



VARÐA 103, HORFT TIL SA

**SP-250x:104** varða samgöngubót  
 Um 950 m norðaustur frá vörðu 103 er önnur varða.  
 Helluhraunsholt fast norðan við harðmóa.  
 8-10 steinar í hrúgu, um 0,5 m á hæð og um 0,5 m í þvermál. Varðan er fast austan við fjárgötu sem liggur NNV-SSA.  
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## SP-312 Bakki

1712: Jarðardýrleiki 20 hdr. Eign Hólastóls. JÁM XI, 258. Snemma á 19. öld komst hann í sameign með Héðinshöfða. LP I, 369. Húsavíkurhreppur keypti Bakka, 2. júlí 1915. SH I, 82.  
 1919: Tún 4,5 ha. þar af sléttað um 1/2. "Útigangur góður bæði í f<jö>runni og á landi og bregst sjaldan í meðalárum...Torfrista og stúnga næg. Móskurður hefur að fornu verið, finst nú enginn nýtilegur, þó til sje reynt...Engjar öngvar. Úthagarnir eru mjög litlir, og nýtur ábuandi góðvilja nábuá sinna..."JÁM XI, 258. "Á Bakka búnaðist mörgum fremur vel. Þar mun hafa miklu valdið sjávargagn og létt fóðrun sauðfjár. Sjór var jafnan mikið stundaður frá Bakka, ekki aðeins fiskveiðar, heldur líka hákarlaveiðar og selveiðar."SH I, 204.

**SP-312:033** garðlag

66°04,496N 17°20,243V



GARÐUR, HORFT TIL ASA

10 m skarð kemur í það. Hann liggur svo áfram í um 60 m



til norðausturs upp á mel áður en hann hverfur alveg.  
Garðurinn hefur legið um mýrar og mela.

Garðurinn er samtals um 900 m langur og liggur austur-vestur. Hann er víða mjög breiður, allt að 5 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Garðuin er mun fornlegri en flest þau garðlög sem liggja um mýrina og virðist ekki vera hluti af áveitumannvirkjum. Austasti hluti garðlagsins er í landi Tröllakots. Ekki er vitað hvaða hlutverki garðurinn hefur gegnt. Stærstu hluti garðlagsins er á því svæði sem áætlað er undir álver.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:051** varða samgöngubót



66°04,396N 17°19,921V

Um 80 m ASA frá Þjóðvegi er varða, um 600 m í norðaustur frá vegamótum þar sem afleggjarinn út á Bakkahöfðu liggur út af Þjóðvegi frá Húsavík norður til Tjörness.

Töluvert mikið holt, grýtt en gróið.

Varðan er hrunin og hefur fuglaþúfa myndast á vörðubotninum sem er um 1,5 m í þvermál með hruni sem er mest að vestanverðu. Hæðin með strýtunni er um 0,6 m. Um 110 m suðvestur frá fyrirhuguðu línustæði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

VARÐA, HORFT TIL ANA

**SP-312:052** varða samgöngubót

Um 150 m vestur frá Þjóðvegi, hornrétt, er varða. Um 90 m suðaustur frá vörðu 051.

Hálfgróið og fremur hátt grjótholt.

Varðan er hrunin og er vörðubotninn um 1,5 m í þvermál. Fuglaþúfa hefur myndast á vörðubotninum og rís hún um 0,6 m. Um 150 m suðvestur frá fyrirhuguðu línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

66°04,363N 17°19,833V



VÖRÐUBROT, HORFT TIL V

**SP-312:053** varða samgöngubót

Um 800 m VNV hornrétt frá Þjóðvegi er varða eða grjóthruga öllu heldur. Rétt norðan jeppaslóða upp hliðina, í Bakkalandi.

Hálfgróið melholt í hliðarbrekku.

Fremur nýleg varða sem hefur verið hróflað saman, rís um 0,4 m en er um 1,5 m í þvermál. Um 80 m suðvestan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

66°04,260N 17°19,005V



**SP-312:054** náma mógrafir

66°04,152N 17°18,767V

Rétt rúman 1 km ASA þjóðvegur, uppi í hlið eru mógrafir, um 25 m austan vegarslóða sem liggur upp hliðina, í Bakkalandi.

Á austurbakka lækjar sem rennur eftir litlu gili.

Grafirnar eru á grösugri grund við læk: uppstungin ferningur, um 18 m NA-SV og um 15 m á breidd. Grafirnar eru grónar, nokkuð blautar, og eru dýpstar um 1 m. Um 100 m suðvestan fyrirhugaðs línustæðis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



MÓGRAFASVÆÐI, HORFT TIL NV

**SP-312:055** náma mógrafir

66°04,162N 17°18,780V

Rétt rúman 1 km ASA þjóðvegur, uppi í hlið eru mógrafir, um 25 m austan vegarslóða sem liggur upp hliðina, í Bakkalandi.

Það er möguleiki að um tóft sé að ræða en þó er líklegra að hér sé stök mógröf eða torfstunga á ferðinni, um 2 m N-S og um 1 á breidd. Það má ímynda sér að útveggir séu sjáanlegir að sunnan og vestan en sennilega hefur verið stungið út með gröfni um 1 m niður. Tæpa 100 m suðvestan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



TÓFТАLEG MÓGRÖF, HORFT TIL NV

**SP-312:056** náma mógrafir

66°04,170N 17°18,772V

Rétt rúman 1 km ASA þjóðvegur, uppi í hlið eru mógrafir, um 25 m austan vegarslóða sem liggur upp hliðina. Ofarlega í Bakkalandi.

Austan lækjar sem rennur eftir litlu gili á grösugri grund, sjá 054 og 055.

Mógrafir eru samfelldar á svæði sem er um 15 m A-V og um 7 á breidd. Grafirnar eru algrónar, nokkuð votar og er svæðið mest um 1,5 m djúpt, kantaðar útlínur. Um 80 m suðvestan fyrirhugaðs línustæðis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:057** náma mógrafir

66°04,188N 17°18,715V

Rétt rúman 1 km ASA þjóðvegur, uppi í hlið eru mógrafir, um 25 m austan vegarslóða sem liggur upp hliðina. Ofarlega í Bakkalandi.

Austan lækjar sem rennur eftir litlu gili á grösugri grund, sjá 054, 055 og 056.

Fremur óreglulegar mógrafir á svæði sem er um 20 m NNA-SSV og um 20 m á breidd. Svæðið er ekki jafnstungið: bálkar eru á milli. Grafir eru grónar, ekki mjög blautar og eru dýpstar um 1 m. Um 30 m suðvestan fyrirhugaðs línustæðis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:058** náma mógrafir

66°04,188N 17°18,804V

Rétt rúman 1 km ASA þjóðvegur, uppi í hlið eru mógrafir, austan vegarslóða sem liggur upp hliðina. Um 60 m vestan við mógrafir 057.

Fast austan lækjar sem rennur eftir litlu gili á grösugri grund, sjá 054, 055, 056 og 057.

Djúpur mógrafapyttur, um 4 m á kant, og um 1,5 m á dýpt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:059** tóft óþekkt

66°04,091N 17°18,168V

Um 1,5 km í VSV, hornrétt frá þjóðvegi í Bakkalandi uppi í hlið, er lítið grjótmannvirki.


Vestarlega á rofmeil sem er umlukinn stórbýfðum harðmóa er tóft. Austan við er grösugt svæði og vott.

Grjóti hefur verið laklega hróflað upp í rúman hálfhring, 2,5 m í þvermál. Mest



HUGSANLEGT SMALABYRGI, HORFT TIL NV

eru 3 umför grjóts að sjá og mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og veggir breiðastir um 1 m. Ekki er grjót gróið en hleðslan situr á lyngbeði þótt umhverfis sé blásið ofan í mel. Op er á hleðslunni syðst á austurvegg. Ekkert hrun er að sjá og verður að teljast líklegt að mannvirkið hafi verið hlaðið meira af gamni en nauðsyn, t.d. gæti smali hafi dundað sér við þetta. Um 120 m norðaustan við fyrirhugað línustæði.



**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:060** varða samgöngubót

66°04,216N 17°18,071V

Um 500 m austur af mógrafasvæði 054-057 er varða.

Tiltölulega hátt og grýtt melholt.

Varðan er byggð ofan á nokkuð stórum, jarðföstum steini og er 5-6 umför og rís hæst, með steininum, um 0,9 m.

Þvermálið er um 1,2 m. Steinar í vörðunni eru skófsettir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-312:061** garðlag áveita

66°04,103N 17°18,026V

Hlaðið garðlag er um 350 m suðaustur frá mógrafasvæði 054-057.

Býsna mikill mýrarflói sem er eins og stallur í hliðina.

Heildarstefna garðsins er nær því að vera A-V heldur en NA-SV en er aðeins bogadreginn og er snýr ytri hlið bogans til suðausturs. Garðurinn er um 360 m á lengd og er orðinn lélegur til endanna en er mjög greinilegur um miðbikið. Hæðin er um 0,4 m og þykktin mest 1,5 - 2 m. Garðurinn er mikið til gróinn lyngi og svo grasi en það má segja að hann sé á milli tveggja "vatnasvæða" þ.e. beggja vegna garðs eru blautar mýrar og vatnsþyttir. Garðurinn gæti hvort heldur sem er verið vörslugarður eða einhverskonar áveitugarður. Garðurinn liggur þvert á fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



GARÐLAG, HORFT TIL S

**SP-312:062** tóft óþekkt


Tóft er um 2 m norðvestan við garð 061, um 80 m frá A-enda hans.



TÓFT UTAN Í GARÐI 061, HORFT TIL ASA

Býsna mikill mýrarflói sem er eins og stallur í hlíðina en stórbýfður lyngmór er norðaustan við. Tóftin er bólgin: afmynduð af þúfum og er um 6 m A-V og um 5 m N-S. Hólfín eru tvö og virðist ekki vera innangengt milli þeirra en austara hólfíð er stærra. Dyr eru inn í bæði hólfín, í SV-horni vestara hólfís en fyrir miðjum austurvegg á hinu. Ekkert grjótt er að sjá í hleðslum sem eru lyngi vaxnar. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m en veggir eru að jafnaði um 0,5 m háir. Tóftin er um 130 m norðaustan við fyrirhugað línustæði.

66°04,072N 17°18,107V



**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:063** varða samgöngubót

Um 200 suðaustur frá garðlagi 061 er varða.

Rofmelur sem er umlukinn lyngmóa.

Varðan er myndarleg, reist á stórum jarðföstum steini.

Umförin eru 6-7 og hæðin 1,3 m en þvermálið er 1,5 m neðst

og mjókkar upp. Steinar eru skófsettir.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

66°03,957N 17°18,080V



VARÐA, HORFT TIL VNV

**SP-313 Húsavík**

1712: Jarðardýrleiki óviss. Kirkjustaður. Verslunarstaður. 1870 : "...voru þar komin um tuttugu býli, svo þorp mátti kallast." LP I, 359. 1895: "...fer að draga mjög úr Vesturheimsferðum, en sjávarþorp taka að byggjast. Þessu er og svo farið með Húsavík. Frá 1890 til aldamóta tvöfaldast íbúatalan..." LP I, 363. Húsavíkurhreppur keypti jörðina Húsavík af ríkinu 12. apríl 1913. SH I, 82

"Útigangur í betra lagi og bregst sjaldan í meðalárum...Skógur til kolagjörðar er að kalla eyddur fyrir feyskju...Torfstunga bjargleg, rista lök og laus...Rekavon í betra lagi...Túninu spillir nokkuð lítið bæjarlækurinn með grjótsáburði. Engjar öngvar, fyrir utan hvað slá má á einnri lág upp frá túninu fyrir fáeina hesta. Úthagar eru bjarglegir, ef þeir beittist ekki af hjeraðsmönnum sem sækja Húsavíkur kaupstað, hvörjir eð halda hjer til í landinu margar nætur fjölda fjár og hesta, hvar af staðarhaldarinn líður stóran skaða og hagabrest fyrir sitt kvikfje vetur og sumar." JÁM XI, 256. "Jörðin Húsavík átti að fornu land með sjó frá Kaldbaksleiti að Forvöðum, norðan við Laugardal. Suðurmörk stefna suðaustur heiði og skerast í odda við land Skarða í Reykjahverfi til austurs. Norðumörkin liggja hinsvegar norðvestur ofan við Bakkaland, og á Héðinshöfði þar land að Húsavíkurmerkjum. Landið er því miklu breiðara til heiðar en sjávar, og víðátta mikil. Húsavík var að fornu talin sauðjörð góð, beit til lands og sjávar ágæt, málnytja góð, en mjög engjasnautt. Reki, útræði, sel-og silungsveiði var til kosta talið, en óbærilegur árangur af hestum lestamanna talin ókostur. Landslagið er hér svipað og annarsstaðar á Tjörnesi, ávalir ásar og dældir hallandi til sjávar, smáár og lækir. Sunnarlega í landi jarðarinnar fellur Þorvaldsstaðaá...Sunnan við Húsavíkurfjall kemur Búðará og fellur niður í gegn um kaupstaðinn. Norðan við Húsavíkurhöfða er alldjúp lægð grasi gróin og nefnist Laugardalur." LP I, 353. Þorpsbúar um 1870: "Eigi voru þetta þó tómthúsmenn, heldur höfðu flestir jarðarnot nokkur, sumir kýr, en allir kindur, og áttu í bát eða voru fastráðnir hásetar. Þetta voru því raunar smábændur en eigi verkamenn nema að litlu leyti." LP I, 359-360.



**SP-313:183** varða samgöngubót

65°00,042N 17°13,190V

Um 170 m norðan við veginn til Húsavíkur, á Reykjaheiði, er varða. Grjótmelur.

Á nokkuð stóran, jarðfastan stein hafa verið settir 12-15 steinar í hnapp. Ekki er skófir að sjá á grjótinu. Varðan er um 0,6 m á hæð með stóra steininum en sjálf hleðslan er um 0,4 m. Þvermálið er um 0,7 m. Um 80 m austan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-313:184** varða samgöngubót

66°00,697N 17°13,261V



Um 1,4 km norður af vegi til Húsavíkur frá Þeistareykjum er varða, um 1,5 km sunnan við Krubbsfjall.

Stórgrýttur melur: fjallshryggur sem snýr N-S.

Varðan er í fyrirhuguðu línustæði, á austurbrun fjallshryggjar, og sést vel úr vestri, að neðan. Varðan er um 1,3 m á hæð og um 1,4 m í þvermál neðst. Skófir litlar en þó er varðan ekki unleg enda bylur sennilega veðrið á henni vegna staðsetningarinnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

VARÐA, HORFT TIL V

**SP-313:185** varða samgöngubót

66°02,688N 17°14,822V

Um 50 m norðan við nýreista rafmagnsgirðingu og um 1 km norðvestur frá hliðarrótum Krubbsfjalls að norðan er varða.

Holt í hálfgrónum mel.

Á býsna háu holti er hrunin varða. Á vörðubotninum, um 2 m í þvermál, hefur myndast fuglaþúfa. Með þúfunni er hæðin um 0,6 m. Steinadreif er umhverfis botninn. Um 50 m suðvestan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-313:186** varða samgöngubót

66°03,204N 17°15,906V



VARÐA, HORFT TIL N

Um 1,3 km norðvestur frá vörðu 185 og um 1,5 km norðaustur frá Húsavíkurfjalli er varða.

Einstæður grjóthóll gróinn mosa og lyngi. Af hólum sér til sjávar til norðvesturs. Um 30 m suðvestan við hólinn liðast lækur til norðurs.

Í kalli hólins eru nokkrir steinar í hnapp sem gægjast upp úr sverði og mynda vörðubotn. Fuglaþúfa hefur myndast á botninum. Með strýtunni er hæð botnsins 0,4 m hár en sjálfur botninn er ekki nema um 0,2 m á hæð. Þvermálið er um 0,8 m. Tæpa 100 m norðaustan fyrirhugaðs línustæðis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-313:187** varða samgöngubót

66°03,167N 17°16,127V

Um 180 m VSV frá vörðu 186 er önnur varða. Vel sést á milli varðanna tveggja.

Ávalt holt sem rís úr hálfgrónum mel.

Varðan er engin listasmíð, um 0,6 m á hæð og um 0,8 m í þvermál. Hugsanlegt hrun er umhverfis vörðuna sem er um 70 m vestan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-313:188** tóft óþekkt

66°02,946N 17°15,738V

Um 2 km norðaustur frá vestasta enda Botnsvatns er tóft, sennileg af heystæði. Um 500 suðaustur frá fornleif 187.

Landið á þessum slóðum eikennist af grjótmelum og harðmóa. Eins og vin í eyðimörkinni birtist svo grösugt svæði sem afmarkast í austri af læk.



Tóftin er harla undarleg, grastorfa í miðju en svo er eins og stungið úr bökkunum umhverfis miðjuna, næstum eins og mór hafi verið stunginn. Engar innréttingar er að sjá, aðeins þúfur, og því er ekki ósennilegt að um tóft af heystæði sé að ræði því engi er töluvert á svæðinu. Í suðausturhorni tóftar er lítil dokk eða gryfja, þurr, en úr henni hlykkjast mjó og gróin læna til suðurs sem virðist hafa verið vatnsfarvegur. Tóftin er um 10 m A-V og um 8 m á breidd en miðjan, sem er hærri, er um 6 m A-V og um 4 m á breidd. Upphækkunin í miðjunni rís um 0,7 m úr nánasta umhverfi.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SENNILEG HEYTÓFT, HORFT TIL V

**SP-313:189** tóft heystæði

66°02,664N 17°13,859V

Tæpan 1 km norður af Krubbsfjalli er eins og lítið dalverpi sem er grösugt. Þar eru 3 tóftir, 2 þétt saman og sennilega frá sama tíma.




Töluvert engi, um 300 m á kant sem er girt grjótmelum og harðmóa. Suðaustarlega í engihvammnum eru 2 tóftir með 3 m á milli.

Stærri tóftin er um 3 m norðar en sú minni. Hún er um 7 m N-S og um 4 m á breidd. Útveggir eru talsvert upphlaðnir, mest 1 m en að jafnaði um 0,7 m, en hvorki er innveggi né dyr að sjá í hvorugri tóftinni.

Minni tóftin er um 4,5 m N-S og um 3 m á breidd. Hugsanlega er um heystæði að ræða en þó eru útveggir óvenju reglulegir og kantaðir fyrir heytóft að vera.

Ekki er útilokað að sel hafi verið á þessum slóðum og gætu þessi mannvirki jafnvel hafa verið lítið sel eða beitarhús.



**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

2 TÓFTIR Í GRÖSUM HVAMMI, HORFT TIL N



**SP-313:190** tóft óþekkt

66°02,671N 17°13,786V

Tæpan 1 km norður af Krubbsfjalli er eins og lítið dalverpi sem er grösugt. Þar eru 3 tóftir, 2 saman en 1 um 50 m austar og hér er lýst þeirri stöku, austustu.

Töluvert engi, um 300 m á kant sem er girt grjótmelum og harðmóa.

Hleðslur eru veigalitlar, mesta hleðsluhæð er um 0,3 m og breiddin er um 0,4 m.

Mannvirkið er um 20 m N-S og um 8 m breitt og er syðri helmingur


tóftar mun greinilegri en sá nyrðri sem mjókkar mjög til norðurs. Hleðslurnar eru

nokkuð þesslegar að vera undan girðingu þannig að ekki er ólíklegt að um einhverskonar aðhald sé að ræða nema hér hafi mikið hey verið sett upp til skamms tíma.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



GERÐI, HORFT TIL NA



## SP-322 Skörð

"Jarðardýrleiki xl  $\phi$ , og so tíundast kóngi, presti og fátækum." JÁM XI, 249 Landnámsjörð Höskuldur Þorsteinssonar. ÍF I, 275-276. Jarðarinnar er getið í Ljósvefningasögu sem er rituð um 1250. ÍF X, 3. 1386:

"[Hólastaður á] Ath man aa attungh med ollum fiuru gognum skurdum ok skothlut ok fiordungr hualReka ok vidhreka medal trossadals hædar ok klafs stapa ok gefua af halfuan attungh skarda kyrkiu." DI II, 317.

"Jarðarinnar er fyrst getið með vissu, er Ófeigur Járngerðarson bjó þar. Líkur eru til að Höskuldur landnámsmaður hafi búið hér..." HJ, 542

Skörð: Tún 7.7 ha,  $\frac{1}{4}$  sléttað. Sáðreitir 200 m<sup>2</sup>. -Túnakort. Einarsstaðir: Tún 2.7 ha,  $\frac{3}{4}$  sléttað. "Túninu hefur bæjarlækurinn spillt, sem grafið hefur sig í gegnum völlinn með landbroti... Engjar eru nokkuð slitróttar. Úthagarnir góðir og miklir." JÁM XI, 250.


**SP-322:052** Sæluhúsmúli tóft sæluhús

65°57,588N 17°01,491V



"Austan Höskuldsvatnshlíða og Grísatunguár rísa upp allhá fjöll, sem heita Grísatungufjöll. Ráða þau um Olnboga í Jóhannsgili og í Jóhannsgil. Ekki er þekkt sögn um tilefni þess nafns. Suður af því er Sæluhúsmúli, allhár og brattur. Sunnan undir honum er sæluhústóft. Í því sæluhúsi var reimt," segir í örnefnalýsingu. Tóftin af sæluhúsinu er fast sunnan við veg sem liggur sunnan undir Sæluhúsmúla áleiðis að Fjöllum í Kelduverfi. Stórþýfður lyngmói.

SÆLUHÚSTÓFT OG LANDAMERKJAVARÐA, HORFT TIL V



Tóftin er mjög sigin og lyngvaxin, 6 x 4,5 m, snýr nálega austur-vestur. Líklegt virðist að dyr hafi verið á austurgafli. Svo er gróðurinn mikill á veggjum að ekki sér í grjót. Nýlega hefur verið hlaðin varða á norðvesturhorni tóftarinnar og því er hún augljós.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 15.

**SP-322:068** varða samgöngubót

65°58,887N 17°13,033V

Um 1,5 km vestur frá vestustu vík Höskuldsvatns er vörðubrot.

Töluvert breitt melholt.

Aðeins sér ofan á vörðubotninn, 8-10 steinar og lyng er á milli steina. Sumir steinar eru lausir - hrundir - en eru skófsettir. Vörðubotninn er um 1,3 m NV-SA og um 1 á breidd. Mesta hæð er um 0,4 m. Um 40 m suðvestan fyrirhugaðs línustæðis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-322:069** varða samgöngubót

65°58,105N 17°08,918V

Um 500 m suður af syðsta hluta Höskuldsvatns, og um 50 m suðvestur frá vegi, er varða.

Lágt hraunholt sem rís úr stórhýfðum lyngmóa.

Varðan er nýleg, 5 steinum hefur verið hróflað upp til að vísa á fastan hæðapunkt sem er steypur í stein. Mesta hæð vörðunnar er um 0,6 m og þvermálið einnig um 0,6 m og er um 70 m norðaustan við fyrirhugað línustæði. Þó er ekki útilokað að eldri varða eða vörðubrot hafi verið fyrir á staðnum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-322:070** varða samgöngubót

65°58,011N 17°08,665V

Um 250 m suðaustan við vörðu 069 er önnur svipuð varða.

Lágt holt rís úr þýfðum lyngmóa.

Lítill varða, í fyrirhugaðu línustæði, aðeins fjórir steinar í hnapp, 0,6 m á hæð og um 0,5 m í þvermál. Vörðunni hefur sennilega verið hróflað upp til að vísa á fastan hæðapunkt sem er þar steypur á stein. Þó er ekki útilokað að eldri varða eða vörðubrot hafi verið fyrir á staðnum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-322:071** varða samgöngubót

65°57,953N 17°08,382V



Um 20 m suðaustan vegar um Reykjaheiði, frá Þeistareykum til Húsavíkur, er gróinn grjóthóll og varða í kollinum.

Grjóthóllinn breytist í hrygg sem nær um 100 m áfram til suðausturs.

Varðan er um 0,7 m á hæð og um 0,8 m í þvermál en mjókkar mjög upp. Steinarnir eru skófsettir. Einföld fjárgata liggur neðan (SV) við hólhrygginn. Í móanum vestan við eru 2-3 hundapúfur sem eru nokkurn veginn í sömu stefnu en þó má ekki sjá mannaverk á þúfunum. Um 20 m norðaustan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

VARÐA UM REYKJAHEIÐI, HORFT TIL N

**SP-322:072** varða samgöngubót

65°57,938N 17°07,700V

Um 500 m í austur frá vörðu 071 og um 40 m sunnan vegar er varða.

Helluhraunsklöpp í harðmóa.

Varðan virðist ekki vera gömul, 10-15 steinum hefur verið hrúgað saman, um 0,6 m á hæð og um 0,6 m í þvermál neðst. Hvorki er að sjá skófir né mosa á steinum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-322:073** varða samgöngubót 65°58,030N 17°06,732V

Um 30 m sunnan vegar um Reykjaheiði, frá Þeistareykum til Húsavíkur, er varða.

Lágt grjótholt sem rís úr lyngmóa.

Varðan virðist vera nýleg, hvorki skófir né mosa að sjá á steinum. Hæðin er um 0,6 m en þvermálið neðst er um 0,9 m. Varðan er ekki vel hlaðin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-322:074** varða samgöngubót 65°57,988N 17°06,167V

Um 10 m sunnan vegar um Reykjaheiði, frá Þeistareykum til Húsavíkur, eru 3 vörður, næstum í hnapp, 074, 075, 076 og 077.

Vörðurnar eru þar sem hálfgróið hraunið tekur við, austan við lyngmóann.

Varðan virðist vera nýleg og er ólöguleg, 1 m í þvermál neðst og um 0,7 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-322:075** varða samgöngubót 65°57,976N 17°06,142V

Um 30 m sunnan vegar um Reykjaheiði, frá Þeistareykum til Húsavíkur, eru 3 vörður, næstum í hnapp, 074, 075, 076 og 077. 075 er tæpa 30 m í suðaustan við vörðu 074.

Vörðurnar eru þar sem hálfgróið hraunið tekur við, austan við lyngmóann.

Varðan er nýleg, um 0,9 á hæð og um 0,9 m í þvermál neðst.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-322:076** varða samgöngubót 65°57,968N 17°06,124V

Um 40 m sunnan vegar um Reykjaheiði, frá Þeistareykum til Húsavíkur, eru 3 vörður, næstum í hnapp, 074, 075, 076 og 077. Varða 076 er um 20 m suðaustan við vörðu 075.

Vörðurnar eru þar sem hálfgróið hraunið tekur við, austan við lyngmóann..

Varðan er úr fremur litlum steinum og er harla nýleg að sjá, um 0,8 m á hæð og um 1 m í þvermál neðst.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-322:077** varða samgöngubót

65°57,927N 17°06,153V

Um 120 m sunnan vegar um Reykjaheiði, frá Þeistareykum til Húsavíkur, eru 3 vörður, næstum í hnapp, 074, 075, 076 og 077. Varða er um 80 m SSV við vörðu 076.

Varðan er í hálfgrónu hrauni, austan við lyngmóa.

Hvorki er að sjá skófir né mosa á vörðunni sem er um 0,8 m á hæð og um 0,8 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



VARÐA, HORFT TIL S

**SP-322:078** varða samgöngubót

Í fyrirhuguðu línustæði, um 150 m norðan við hlíðarrættum Höfuðreiðarmúla, austan við miðju fjallsins.

Helluhraunsklappir rísa upp úr lyngmóa.

Myndarleg varða á milli vegar og raflínu, um 1,1 m á hæð og um 1,5 m í þvermál neðst. Grjót er skófsett.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



VARDA, HORFT TIL N





VARÐA, HORFT N

**SP-322:079** varða samgöngubót  
Um 300 m sunnan við fyrirhugað línustæði og um 80 norðan við Höfuðreiðarmúla, fyrir miðju fjalli, er vörðubrot.

Lágur hraunhryggur rís úr gras- og lyngmóa. Lynggróinn hnappur af steinum myndar vörðubotn sem er um 1,5 m í þvermál og rís um 0,3 m. Grjótið er skófsett.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-322:080** varða samgöngubót

Við norðausturhorn Höfuðreiðarmúla eru nokkrar vörður. Á milli Höfuðreiða- og Sæluhúsmúla getur verið að 2 leiðir komi saman, að austan og að sunnan. Leiðirnar gætu hafa legið saman þarna við múlana og legið saman yfir Reykjaheiði. Þessi er um 5 m norðan vegar um Reykjaheiði, frá Þeistareykum til Húsavíkur.

Gisinn harðmói.

Varðan er um 1,2 m á hæð og um 1,2 m í þvermál neðst. Ekki er skófir að sjá á steinum. Varðan er um 70 m vestan við fyrirhugað línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

65°57,583N 17°04,012V



VARÐA, HORFT TIL N

**SP-322:081** varða samgöngubót



Við norðausturhorn Höfuðreiðarmúla eru nokkrar vörður. Þessi er um 120 m norðvestan vegar, um Reykjaheiði frá Þeistareykum til Húsavíkur, rétt áður en hann tekur skarpa beygju til norðvesturs. Varðan er undir raflínu sem liggur NA-SV.

Gisinn harðmói.

Varðan er um 1,1 m á hæð og um 1 m í þvermál neðst. Grjótið er fremur stórt í vörðunni, 7-8 umför, og er nokkuð skófsett. Varðan er um 60 bæði sunnan og vestan fyrirhugaðra línustæða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

65°57,646N 17°04,062V

VARÐA, HORFT TIL N

**SP-322:082** varða samgöngubót

Við norðausturhorn Höfuðreiðarmúla eru nokkrar vörður. Þessi er um 150 m norðvestan vegar um Reykjaheiði, frá Þeistareykum til Húsavíkur, þar sem hann tekur skarpa beygju til norðvesturs.

Gisinn harðmói.

Varðan er lítil og virðist nýleg, 0,6 m á hæð og um 0,5 m í þvermál neðst. Um 45 m austan fyrirhugaðs línustæðis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

65°57,681N 17°03,955V



**SP-322:083** varða samgöngubót 65°58,367N 17°13,373V



Um 3 km vestur frá syðsta hluta Höskuldsvatns er varða, um 20 m suður frá vegi sem liggur suður í Einarstaði.

Ávalur grjótmelur. Af melnum sér austur til Höskuldsvatns.

Varðan er um 1,1 m á hæð um 1,5 m í þvermál neðst. Ekki er ólíklegt að vörðunni hafi verið við haldið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

VARÐA, HORFT TIL A

**SP-322:084** varða samgöngubót

65°58,602N 17°13,607V

Um 2,5 km vestur frá miðju Höskuldsvatns og um 450 m NNV frá vörðu 083 er varða.

Grýttir melásar og stórhýfðir harðmóar á milli.

Varðan er byggð úr býsna stóru holtagrjóti, 3-4 umför en er samt um 1,1 m á hæð og um, 1 m í þvermál neðst. Aðeins hefur hrúnið úr vörðunni að norðnorðaustan. Litlar sem engar skófir að sjá. Varðan er í fyrirhuguðu línustæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



VARÐA, HORFT TIL N

## SP-325 Þverá

13. desember 1544 selur Þorsteinn Gamlason séra Sigurði Jónssyni jörðina Reyki fyrir jarðirnar Skóga og Þverá og 25 hdr í öðrum peningum. Að auki lofaði séra Sigurður að taka að sér einn sona Þorsteins "og koma honum til manns". DI XI, 344-345. "Jarðardýrleiki xx ø, og so tíundast fjórum tíundum." JÁM XI, 246. Eyðibýlin Víkingsstaðir og Litla-Þverá/Bjargarkot tilheyra bænum þegar JÁM er rituð.

Tún 5.3ha, 2/3 slétt. Sáðreitir 160 m². -Túnakort. "Engjatak brúkar jörðin takmarkað í Bótar landi, ....Engið er mýrlent og slitrótt. Úthagarnir eru nægir." JÁM XI, 247.

**SP-325:062** varða samgöngubót

65°54,247N 17°11,596V



Ofarlega í Tröllagili er varða.

Grýtt og djúpt gil.

Ofan á stóran stein hafa 5-6 steinar verið hlaðnir í litla vörðu til að auðkenna leið upp úr gilinu að norðanverðu. Með steininum rís varðan um 1,4 m en sjálf hleðslan er um 0,5 m á hæð og um 0,6 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

VARÐA SEM AUÐKENNIR LEIÐ UPP ÚR GILI, HORFT TIL NV

## 5. FORNLEIFAR Á FRAMKVÆMDASVÆÐUM

Við fornleifaskráningu á framkvæmdasvæðum var verkinu skipt upp í tvennt: fyrirhuguð línustæði annarsvegar og svo orkuvinnslusvæði hinsvegar. Línustæðin ganga inn á orkuvinnslusvæðin og því eru skilin á milli svæða ekki ávalt skörp enda kemur það ekki að sök því slík svæðaskipting hefur ekkert gildi í sjálfu sér heldur er hugsuð til hægðarauka, sérstaklega við úrvinnslu og frekari áætlanagerð.

Að frátöldum bæjarstæðunum Þeistareykjum og Mælifelli er lítið af tóftum á svæðinu frá Kröflu norður til Húsavíkur. Það er ekki fyrr en komið er heim undir Bakka, við Húsavík, að fleiri tóftir fara að finnast. Það er því einsýnt að mannaverk á hálendissvæðinu sem skáð var eru nær einvörðungu vörður, en tóftir og garðlög er helst að finna nálægt því þar sem búið hefur verið, í nágrenni Kröflu, á Þeistareykjum, á Mælifelli og svo á svæðinu við Bakka, við Húsavík.

Í þessari úttekt var öryggið sett á oddinn og allar mögulegar vörður – og aðrar minjar – skráðar, burtséð frá því hvort tiltekin varða væri hluti af leiðakerfi eða hvort hún t.d. vísaði á vað yfir á. Í fornleifaúttekt sem þessari, þar sem framkvæmdir geta verið óafturkræfar er mikilvægt að setja allar upplýsingar mannvistarleifar niður á blað, jafnvel þótt um sé að ræða vörður sem hlaðnar hafa verið til þess að gera nýlega, því nær ógerningur er í sumum tilvikum að fá botn í hlutverk og aldur varða.

Við skráninguna voru samtals 172 fornleifar skráðar.

### 5.1 FORNLEIFAR VIÐ LÍNUSTÆÐI

Í og við fyrirhuguð línustæði fundust 107 fornleifar. Langsamlega stærsti minjaflokkurinn eru vörður. Eins og áður hefur verið nefnt eru fornleifarnar á áhrifasvæðunum ýmist flokkaðar í hættu eða stórhættu, eftir fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðra línustæða, sjá kafla 4.2 um skilgreiningu á hættumati. Þær fornleifar sem teljast í sérstakri hættu vegna framkvæmda eru þær sem eru innan áhrifasvæðis framkvæmda, á 300 m breiðrar spildu.

Fjöldi fornleifa á eftirfarandi leiðum:

- Krafla – Hólasandur: 1 varða í stórhættu
- Hólasandur – Kvíhólar: 9 vörður í stórhættu
- Kvíhólar – Gjástykki: 11 vörður í stórhættu og 14 vörður í hættu
- Kvíhólar – Þeistareykir: 12 minjastaðir í stórhættu og 3 í hættu
- Þeistareykir – Skildingahóll: 4 vörður í stórhættu og 1 í hættu

- Skildingahóll – Jónsnípa – Grenismór: 1 í stórhættu
- Skildingahóll – Hellur – Grenismór: 7 í stórhættu og 8 í hættu
- Grenismór – Krubbsfjall: 4 í stórhættu
- Krubbsfjall – Bakki: 22 í stórhættu og 5 í hættu
- Kollóttalda – Þverárgil – þar sem Reykjaheiðsleggurinn kemur saman við þennan: 2 í stórhættu og 4 í hættu

Alls eru 71 fornleifar „í stórhættu“ og 36 fornleifar í „hættu“.

## 5.2 FORNLEIFAR Á FYRIRHUGUÐUM ORKUVINNSLUSVÆÐUM

Á fyrirhuguðum orkuvinnslusvæðum fundust alls 82 fornleifar. Eins og fyrr hefur verið dregið á, er erfitt að ætla sér að ákvarða hættumat á minjastöðum á orkuvinnslusvæðum þar sem ekki liggur fyrir hvaða framkvæmdir munu fara fram innan áhrifasvæðis orkuvinnslustöðvanna eða hvar áhrifasvæði þeirra verða nákvæmlega.

Við Kröflu eru alls 22 minjastaðir, þar af eru 16 vörður sem eru hluti af sömu leið. Hinir 6 minjastaðirnir voru skráðir árin 1999 og 2000.<sup>3</sup>

Við Gjástykki fundust við skráningu 6 minjastaðir, allt vörður.

Við Þeistareyki eru 54 fornleifar, mest tóftir, skráðar innan áhrifasvæðis orkuvinnslustöðva, flestar innan túns<sup>4</sup> en einnig nokkrar í næsta nágrenni.

## 5.3 SAMGÖNGUMINJAR

Eins og fram hefur komið eru langflestar minjarnar sem kannaðar voru árið 2007 vitnisburður um samgönguleiðir um svæðið og milli byggða í grendinni. Það gefur augaleið að fyrirhugaðar framkvæmdir muni einkum hafa áhrif á þennan tiltekna minjaflokk og skal því farið nokkrum orðum

<sup>3</sup>Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifakönnun. Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi*, FS099-99171. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV. Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

<sup>4</sup>Skráðar 2001. Sjá Orri Vésteinsson. 2001. *Þeistareykir í Suður-Þingeyjarsýslu – Fornleifakönnun*, FS152-01161. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

um þetta menningarsögulega sérkenni svæðisins.

**Leiðir** Sennilega hefur aldrei verið mikil umferð fólks um Þeistareykjarland og að auki eru staðhættir ekki þannig að fólk hafi endilega alltaf troðið sömu slóðirnar. Eini þjóðvegurinn sem kalla má um Þeistareykjaland er Reykjaheiðarvegur sem liggur um norðvesturhorn landsins, undir Sæluhúsmúla. Sú leið hefur verið meginsamgönguleið milli Suður- og Norður Þingeyjarsýsla, a.m.k. á sumrin, en ekki sjást nú nein ummerki um hana á þeim stutta spotta sem hún liggur um Þeistareykjaland. Ætla má að nokkuð föst hefð hafi verið á því hvaða leið var farið með brennistein og annan flutning (t.d. hey) frá Þeistareykjum í átt til Húsavíkur. Talað er um að sú leið hafi legið um Klifið<sup>5</sup> sem er þar sem Þeistareykjahraun hefur runnið alveg upp að suðurenda þess misgengisveggjar sem næstur er Þeistareykjum og er ýmist kallaður Þeistareykjaveggur eða Klifveggur. Á Herforingjaráðskorti er þess leið sýnd liggja til vesturs frá Klifinu, um móana meðfram hraunbrúninni til norðvesturs og krækt suðurfyrir misgengisveggina, Miðvegg og Skildingahólsvegg og þaðan út á Hellumó, sem er lítt gróið en víðast greiðfært helluhraun sem nær norður fyrir Höfuðreiðarmúla og þar hefur leiðin sameinast Reykjaheiðarvegi. Önnur leið er sýnd á Herforingjaráðskorti úr suðvesturhorni landsins, uppúr Þverárgili, um Gustahlíð meðfram rótum Lambafjalla að austan að Gæsku, sem er gjá með vatni, kennileiti og áningarstaður, en þaðan beygði hún til austurs yfir hraunið í átt að Þeistareykjum. Greiðfært er áfram til norðurs frá Gæsku, meðfram austurhlið Lambafjalla og sjást mjög skýrir götupaldrar liggja norður-suður meðfram rústunum í Mælifelli/Reykjaseli. Undan Gusta má líka auðveldlega fara austur um Hamraskarð og þar út á hraunið en sagt er um vörðu á Háurönd sem er andspænis Hamraskarði að hún hafi átt að vísa á leið yfir hraunið.<sup>6</sup> Heldur styttra er þar yfir hraunið en norðar þar sem leiðin á Herforingjaráðskortinu er sýnd, en hraunið er úfnara og gróðursnauðara. Úr Mývatnssveit er líklegt að leiðir hafi legið sitthvorumegin við Gæsafjöll, sennilega mun fjölfarnari vestan við og er á Herforingjaráðskorti sýnd leið meðfram Kvíhólafjöllum og Bæjarfjalli að austan og að Þeistareykjum um Bóndhólsskarð. Hugsanlegt er að reiðgötur sem getið er um á Draugagrundum (SP250x\_045) við norðausturhorn Gæsafjalla hafi sameinast þessari leið við suðausturhlið Kvíhólafjalla. Í einni af örnefnaskráum Þeistareykja er getið um þrjár leiðir yfir Lambafjöll: um Gustaskarð syðst, og er líklegt að hún hafi verið fjölförnust; um Langavatnsskarð og Skessuskál norðan við Kistufjall.<sup>7</sup> Þær tvær síðastnefndu liggja mjög hátt – í meira en 600 m hæð – og er óhugsandi að þær hafi verið fjölfarnar. Einnig er líklegt að

---

<sup>5</sup> Ö-Þeistareykjafréttur, 9.

<sup>6</sup> Ö-Þeistareykjaland, 4.

<sup>7</sup> Ö-Þeistareykir. Viðb. og aths, 6.



leiðir manna hafi legið um Jónsnípuskarð á stundum. Í sjálfu sér er vel greiðfært úr Kelduhverfi um Þeistareyki suður í Laxárdal og Mývatnssveit og má vænta að þá hafi verið farið austan við Þeistareykjavegg á svipuðum slóðum og bíslóðin liggur nú en tæplega hefur verið mikil umferð á þeirri leið.

Í aðalatriðum má segja að leiðir hafi legið norður-suður sitthvorumegin við Borgarhraun og Þeistareykjahraun og síðan nokkrar austur-vesturleiðir til vesturs frá Þeistareykjum og verið fjölfarnastar norðan og sunnan við Lambafjöll.

**Vörður** geta gegnt ýmsum hlutverkum, yfirleitt varða þær leiðir en geta einnig verið landamerki, beinakerlingar, álagavörður, smalavörður, eyktarmörk eða til að auðkenna ákveðna þætti í landslaginu, eins og vöð á ám, góðan veiðistað o.fl. Í gegnum tíðina hefur fólk gert sér það til skemmtunar að hlaða vörður og nú í seinni tíð er það greinilega afþreying hjá vegagerðarmönnum að hlaða sér vörður. Einnig getur náttúran dregið saman steina vegna áhrifa frosts og þýðu og myndað nokkurskonar falska vörðubotna eða –brot. Í fornleifafræðilegu samhengi getur verið erfitt að eiga við vörður því ekki er gott að aldursgreina þær nema helst út frá skófunum sem yfirleitt eru meiri eftir því sem varðan er eldri. Á hinn bóginn vilja skófir þurrkast af áveðurs.

Sökum þess hve fyrirhugað framkvæmdasvæði er víðáttumikið, tekur yfir 5 hreppa og tugi bújarða, er all snúið að öðlast yfirsýn um hlutverk varða því þær geta ýmist markað leiðir á milli landshluta eða innansveitar. Eins voru vörður notaðar til landamerkinga – svokallaðar landamerkjavörður – sem og til að auðkenna ýmislegt t.d. náttúrulega þætti í landinu eða mannaverk. Það er því verðugt framtíðarverkefni að leggjast yfir ritheimildir með hjálp staðkunnugra til að reyna að komast að hlutverki þeirra varða sem ekki er ljóst hvert er.

## 6. NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT

Sumarið 2007 voru alls **127** fornleifar skráðar og við það bætast þeir minjastaðir sem áður hafa verið skráðir, árin 1999, 2001, 2006. Niðurstaðan er því sú að **172** fornleifar hafa verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þá er átt við svæðið frá Kröflu norður til Bakka við Húsavík, við línustæði, orkuvinnslustöðvar og einnig fornleifar í Þeistareykjalandi sem eru hvorki nálægt línustæðum né orkuvinnslustöðvum. Fyrir utan svæðin sem einhverntíma hafa verið byggð, Þeistareyki (og Mælifell) og Bakka, er langstærstur hluti fornminja á úttekarsvæðinu vörður.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sem stuðst var við í fornleifaskráningunni voru fyrirhuguð línustæði betur skilgreind og afmörkuð heldur en orkuvinnslusvæðin. Um vinnslusvæðin, Kröflu, Gjástykki og Þeistareyki var dreginn hringur á korti án upplýsinga um hvar hugsanleg mannvirki skyldu rísa. Þegar hönnun mannvirkja á vinnslusvæðum liggur fyrir verður unnt að meta áhrif framkvæmdanna á minjarnar.

### LÍNUSTÆÐI

Fornleifar í „stórhættu“ við fyrirhuguð línustæði (sjá minjakort):

<b>Reykjahlíð</b> SP-208:145 SP-208:146 SP-208:147 SP-208:124a-p SP-208: 083	<b>Bakki</b> SP-312:033 SP-312:052 SP-312:053 SP-312:054 SP-312:055 SP-312:056 SP-312:057 SP-312:058 SP-312:059 SP-312:061 SP-312:062 SP-312:063
<b>Reykir</b> SP-226:017	
<b>Þeistareykir</b> SP-250x:018 SP-250x:046 SP-250x:047 SP-250x:051 SP-250x:055 SP-250x:056 SP-250x:061 SP-250x:062 SP-250x:063 SP-250x:064 SP-250x:065 SP-250x:066 SP-250x:083 SP-250x:084	<b>Húsavík</b> SP-313:183 SP-313:184 SP-313:185 SP-313:186 SP-313:187
	<b>Skörð</b> SP-322:068 SP-322:069

SP-250x:086	SP-322:070
SP-250x:087	SP-322:071
SP-250x:088	SP-322:078
SP-250x:089	SP-322:080
SP-250x:090	SP-322:081
SP-250x:091	SP-322:082
SP-250x:092	
SP-250x:093	
SP-250x:094	
SP-250x:096	
SP-250x:097	
SP-250x:103	

#### ORKUVINNSLUSTÖÐVAR

Eftirfarandi er upptalning á þeim fornleifum sem eru við orkuvinnslustöðvarnar Kröflu, Gjástykki og Þeistareyki (sjá minjakort). Nákvæmt mat á hættu er erfitt þar eð ekki liggur fyrir hvaða framkvæmdir munu eiga sér stað á svæðinu og hvar. Þó er ljóst að allar fornleifar á svæðinu teljast a.m.k. í hættu (ef ekki stórhættu) þar til annað verður sannað.

<b>Krafla</b>	<b>Gjástykki</b>	<b>SP250x Þeistareykir</b>	<b>SP250x Þeistareykir</b>
SP208_078	SP250x_045	Innan túns:	Utan túns:
SP208_124a-p	SP250x_076	001	087
SP208_098	SP250x_077	002	088
SP208_083	SP250x_078	003	089
SP208_128	SP250_079	004	090
	SP250x_080	005	055
		006	019
		007	012
		008	002
		009	005
		010	091
		011	056
		013	097
		014	096
		015	021
		016	092
		017	093
		020	046
		022	095
		023	094
		024	
		025	
		026	
		027	

		028	
		029	
		030	
		031	
		032	
		033	
		034	
		035	
		036	
		037	
		038	
		039	
		040	
		041	

ÁÐRAR FORNLEIFAR EN ÞÆR SEM ERU VIÐ LÍNUSTÆÐI EÐA ORKUVINNSLUSTÖÐVAR

Eftirtaldar fornleifar í Þeistareykjalandi eru bæði utan línustæða og orkuvinnslustöðva:

SP250x_043	SP250x_074
SP250x_045	SP250x_075
SP250x_048	SP250x_076
SP250x_049	SP250x_077
SP250x_050	SP250x_078
SP250x_052	SP250x_079
SP250x_067	SP250x_080
SP250x_068	SP250x_098
SP250x_069	SP250x_099
SP250x_070	SP250x_100
SP250x_071	SP250x_101
SP250x_072	SP250x_102
SP250x_073	

Áður en endanlegar áætlanir um þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á því svæði sem tekið var út sumarið 2007 verður ekki hægt að leggja endanlegt mat á þá hættu sem stöðjar að þeim forneifum eða leggja til mótvægisáðgerðir.



## 7. HEIMILDASKRÁ

**AÍ:** *Alþingisbækur Íslands I-XVII*, Reykjavík 1912-1990.

**BBSÞ:** *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985*, Reykjavík 1986.

Bogi Benediktsson: *Sýslumannaæfir I-V*, Rv. 1881-1932.

**BG:** *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, Rv. 1919-1942.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.

**FEB:** *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II*, Rv 1943.

Gestur Gíslason, Gunnar V. Johnsen, Halldór Ármannsson, Helgi Torfason & Knútur Árnason. 1984. *Þeistareykir. Yfirborðsrannsóknir á háhitasvæðinu*. Orkustofnun OS-84089/JHD-16.

*Gráskinna* 1-4, útgefendur Sigurður Nordal, Þórbergur Þórðarson, Ak. 1928-1936.

*Grima. Þjóðsögur* 1-25, safnað hefur Oddur Björnsson, Jónas Rafnar bjó undir prentun, Ak. 1929-1950.

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

Jón Jóhannesson. 1956. *Íslendingasaga*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Kristján Eldjárn. 1974. „Þjóðfræðileg viðhorf“ í *Saga Íslands I*. bindi, 29-97.

Ritstjóri Sigurður Línal. Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélagið, Reykjavík.

Kristján Jóhannesson: ‘Úr sögu byggðar á Þeistareykjum.’ *Árbók Þingeyinga 1980*, 107-21.

*Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802-1873 II (1815-1824)*, Reykjavík 1919-24.

**LP:** Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*, (Ritsafn Þingeyinga II), Rv. 1954.

**Ódáðahraun:** Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I-III*, Akureyri 1945.

**ÓO:** Ólafur Olavius: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777 I-II*, Steindór Steindórsson þýddi, Rv. 1964-65.

‘Rannsóknarborun við Þeistareyki, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu. Ákvörðun um matsskyldu.’ Úrskurður Skipulagsstofnunar 24. ágúst 2001.

Sigurður Þórarinnsson. 1974. „Sambúð lands og lýðs í ellefu aldir“ í *Saga Íslands I*. bindi, 29-97.

Ritstjóri Sigurður Línal. Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélagið, Reykjavík.

**SSÞ:** Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags

1839-1844, Rv. 1994.

**ÞT Lýsing Íslands:** Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands* I-III, Reykjavík 1908-22.

**Ö-Þeistareykir viðb:** Þeistareykir viðbætur og athugasemdir, Jónína Hafsteinsdóttir skráði eftir Kristjáni Jóhannessyni, Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Þeistareykjafréttur:** Þeistareykjafréttur, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Þeistareykjaland:** Þeistareykjaland, Kristján Jóhannesson skráði, Örnefnastofnun Íslands.

*Viðhengi 1: Hnitaskrá fornleifa ISN93*

<i>Samtala</i>	<i>X-hnit</i>	<i>Y-hnit</i>
SP208_078	598716.42	572585.58
SP208_083	602337.27	577906.2
SP208_096	600997.05	574579.24
SP208_097	601003.76	574499.36
SP208_098	601971.59	576703.26
SP208_124A	600673.98	573735.66
SP208_124B	600765.3	573739.61
SP208_124C	600851.69	573749.47
SP208_124D	600944	573758.93
SP208_124E	601026.84	573765.44
SP208_124F	601112.44	573774.91
SP208_124G	601185.02	573784.38
SP208_124H	601270.22	573795.03
SP208_124I	601365.09	573804.69
SP208_124J	601447.14	573817.32
SP208_124K	601533.34	573834.08
SP208_124L	601618.94	573850.65
SP208_124M	601655.23	573939.4
SP208_124N	601557	573927.18
SP208_124O	601497.83	573914.95
SP208_124P	601427.82	573907.26
SP208_128	602767.44	580524.69
SP208_141	596614.29	580981.69
SP208_142	590000.8	588092.02
SP208_143	590518.34	588569.72
SP208_144	591215.37	589016.06
SP208_145	591444.16	589050.38
SP208_146	590657.19	587108.41
SP208_147	591441.8	588478.8
SP209_083	587278.36	584353.42
SP226_017	582648.06	592319.16
SP227_016	582174.9	595175.92
SP250x_001	593055.58	599369.14
SP250x_002	593690.48	599101.49
SP250x_003	593191.67	599226.73
SP250x_001	593055.58	599369.14
SP250x_005	593722.23	599152.77
SP250x_006	593035.85	599340.54
SP250x_007	592979.84	599312.73
SP250x_008	592962.48	599330.87
SP250x_009	592903.51	599319.63
SP250x_010	592893.65	599390.05
SP250x_011	592934.08	599385.71
SP250x_012	592706.47	599008.2
SP250x_013	592921.65	599441.13
SP250x_014	592941.77	599450.99



<i>Samtala</i>	<i>X-hnit</i>	<i>Y-hnit</i>
SP250x_015	592945.12	599490.04
SP250x_016	592968.59	599516.87
SP250x_017	592956.96	599408.78
SP250x_018	593232.89	593047.16
SP250x_019	592097.8	597795
SP250x_020	593030.92	599398.13
SP250x_021	593356.16	599787.87
SP250x_022	593046.5	599391.03
SP250x_024	593083.19	599431.27
SP250x_025	593096.21	599407.6
SP250x_026	593097.19	599398.33
SP250x_027	593120.27	599413.91
SP250x_028	593123.23	599419.63
SP250x_029	593160.31	599422.59
SP250x_030	593124.21	599503.46
SP250x_031	593064.06	599527.52
SP250x_032	593079.64	599327.13
SP250x_033	593093.05	599361.05
SP250x_034	593137.63	599369.93
SP250x_035	593132.69	599336.4
SP250x_036	593160.5	599298.13
SP250x_037	593284.76	599220.23
SP250x_038	593056.96	599300.3
SP250x_039	593016.13	599272.89
SP250x_040	593247.49	599598.33
SP250x_041	593155.57	599595.37
SP250x_043	587815.04	600759.25
SP250x_044	590651.08	603513.44
SP250x_045	598428.26	590413.48
SP250x_046	592357.36	601001.65
SP250x_047	592318.9	591177.17
SP250x_048	588573.8	588090.64
SP250x_049	589785.81	608451.03
SP250x_050	598577.77	609036.62
SP250x_046	592357.36	601001.65
SP250x_052	595214.31	608636.83
SP250x_053	591823.25	590019.6
SP250x_054	593048.08	594478.49
SP250x_055	591609.45	597545.11
SP250x_056	592348.88	600101.28
SP250x_060	591824.83	590021.57
SP250x_061	592210.42	591001.63
SP250x_062	593348.27	593081.08
SP250x_063	593308.04	593000.02
SP250x_064	594648.84	592844.6
SP250x_065	595227.92	593154.06
SP250x_066	595381.77	593065.3



<i>Samtala</i>	<i>X-hnit</i>	<i>Y-hnit</i>
SP250x_067	595083.15	593473.19
SP250x_068	595109.39	593480.09
SP250x_069	595411.94	593842.61
SP250x_070	595427.72	593842.41
SP250x_071	595978.4	594575.93
SP250x_072	596401.08	594966.26
SP250x_073	597920.97	594932.92
SP250x_074	599283.67	594882.43
SP250x_075	600109.1	596002.93
SP250x_076	600442.23	595466.45
SP250x_077	600966.68	595060.73
SP250x_078	600910.86	594619.52
SP250x_079	600693.71	594263.51
SP250x_080	600404.56	590470.28
SP250x_081	596901.46	593244.2
SP250x_082	596899.3	593240.25
SP250x_083	598076.79	593027.43
SP250x_084	598237.14	593161.36
SP250x_085	598055.88	592831.58
SP250x_086	594752.19	592950.32
SP250x_087	592396.61	595326.21
SP250x_088	592098.2	596610.21
SP250x_088A	591944.15	595237.46
SP250x_089	591755.99	597140.38
SP250x_090	591754.02	597142.16
SP250x_091	592065.45	599456.12
SP250x_092	592380.83	600931.44
SP250x_093	592356.18	600891.79
SP250x_094	591647.12	601661.6
SP250x_095	592014.37	601420.98
SP250x_096	592145.33	600006.41
SP250x_097	592207.46	599979.78
SP250x_098	592540	604216.98
SP250x_099	592516.14	605340.63
SP50x_100	592677.87	605435.3
SP250x_101	592639.41	605432.74
SP250x_102	591631.54	608378.05
SP250x_103	588274.79	604412.25
SP250x_104	589017.78	605032.75
SP312_033A	575455.69	620782.57
SP312_033B	575518.01	620752
SP312_033C	575535.37	620738.39
SP312_033D	575597.1	620764.43
SP312_033E	575627.67	620772.32
SP312_033F	575684.08	620794.8
SP312_033G	575778.16	620784.74
SP312_051	575515.45	620664.03

<i>Samtala</i>	<i>X-hnit</i>	<i>Y-hnit</i>
SP312_052	575583.49	620603.09
SP312_053	576212.87	620429.72
SP312_054	576397.68	620233.47
SP312_055	576387.42	620251.61
SP312_056	576393.14	620265.22
SP312_057	576434.96	620300.33
SP312_058	576368.1	620297.96
SP312_059	576853.1	620130.71
SP312_060	576919.96	620364.43
SP312_061	576959.01	620157.53
SP312_061A	576840.87	620055.76
SP312_061B	576648.96	620005.86
SP312_062	576899.45	620096.98
SP312_063	576926.07	619884.56
SP312-033	575267.33	620842.33
SP313_183	580820.88	612711.31
SP313_184	580732.32	613927.27
SP313_185	579449.9	617593.08
SP313_186	578604.35	618529.95
SP313_187	578439.66	618456.58
SP313_188	578744.78	618053.43
SP313_189	580177.69	617569.61
SP313_190	580232.52	617583.22
SP322_052	589812.63	608416.52
SP322_068	580999.57	610569.14
SP322_069	584157.31	609206.24
SP322_070	584354.35	609037.81
SP322_071	584571.7	608936.03
SP322_072	585089.05	608922.82
SP322_073	585817.04	609116.7
SP322_074	586248	609050.43
SP322_075	586267.13	609029.92
SP322_076	586281.33	609015.52
SP322_077	586261.61	608938.2
SP322_078	587118.4	608563.26
SP322_079	586714.07	608279.83
SP322_080	587902.81	608348.67
SP322_081	587861.98	608463.65
SP322_082	587940.48	608531.7
SP322_083	580769.79	609595.78
SP322_084	580580.25	610028.12
SP325_062	582334.46	601980.14

# Kort 1: Bakki




SP312-033  
SP312\_033A  
SP312\_033B  
SP312\_033C  
SP312\_033D  
SP312\_033E  
SP312\_033F

(Tröllagilsgerdi)  
(Bakki)

SP312\_051  
SP312\_052  
SP312\_053  
SP312\_054  
SP312\_055  
SP312\_056  
SP312\_057  
SP312\_058  
SP312\_060  
SP312\_061  
SP312\_059  
SP312\_062  
SP312\_061A  
SP312\_061B  
SP312\_063

SP313\_186  
SP313\_187  
SP313\_188



gardalur


Skjölbrekka

Fjallshólar

Bakkaá




# Kort 2: Peistareykir





# Kort 3: Krafla




E1

E2

△ Bjarnarflag

0 1,000 2,000  
metrar





Kort 4: Sérkort - Fornleifar í túni Þeistareykja. ©Landmælingar Íslands 1990.